

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu



Annálar 1987- 2008

Efnisyfirlit

Annáll FAS	3
Skólaárið 1987 - 1988	4
Skólaárið 1988 - 1989	4
Skólaárið 1989 - 1990	7
Skólaárið 1990 - 1991	10
Skólaárið 1991 - 1992	15
Skólaárið 1992 - 1993	19
Skólaárið 1993 - 1994	24
Skólaárið 1994 - 1995	28
Skólaárið 1995-1996	32
Skólaárið 1996 - 1997	37
Skólaárið 1997 - 1998	41
Skólaárið 1998 - 1999	44
Skólaárið 1999 - 2000	49
Skólaárið 2000 - 2001	55
Skólaárið 2001 - 2002	60
Skólaárið 2002 - 2003	65
Skólaárið 2003 - 2004	71
Skólaárið 2004 - 2005	77
Skólaárið 2005 - 2006	82
Skólaárið 2006 - 2007	89
Skólaárið 2007 - 2008	94

Annáll FAS

Þann 1. ágúst 1987 hóf Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu formlega göngu sína.

Hér er stiklað á stóru í sögu skólans frá ári til árs. Auk þess er skrá yfir starfsmenn skólans á hverju ári og útskriftarmyndir frá því að skólinn hóf að útskrifa stúdenta. Einnig er hér að finna viðtöl við fyrrverandi nemendur og starfsfólk en þessi viðtöl hafa verið unnin af nemendum skólans. Þá er samantekt um hvað skrifað var um skólann í Eystrahorn á meðan það var gefið út.

Óskað er eftir myndum og öðru efni sem varðar skólann og starfsemi hans. Hægt er að senda efni á fas@fas.is eða koma með það á skrifstofu skólans.

Þessi annáll er nokkurs konar drög að sögu skólans sem vonandi verður skrifuð síðar

Skólaárið 1987 - 1988

Guðjón Eyjólfsson kennari. Skeyti um stofnun Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu var lesið upp á skólaslitum Nesjaskóla 14. maí 1987.

Fyrsti fundur nýskipaðrar skólanefndar Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu var haldinn í Nesjaskóla 28. júlí 1987. Fundinn sátu Guðmundur Ingi Sigbjörnsson, Ragnar Jónsson, Albert Eymundsson, Kristín Gísladóttir og auk þeirra sat fundinn eini umsækjandinn um starf skólameistara hins nýstofnaða skóla, Zophonías Torfason. Nefndin skipti með sér verkum og var Guðmundur Ingi kjörinn formaður og gegndi því fyrsta árið. Var honum falið að ganga frá ráðningu Zophoníasar í starf skólameistara.

Eitt af málum fundarins var að ganga frá samningum um húsnæðismál FAS í húsnæði Nesjaskóla og kom það í hlut Zophoníasar og Kristínar Gísladóttur, sem þá var nýr skólastjóri Nesjaskóla, að ganga frá frumdrögum að slíku samkomulagi. Í september 1987 var búið að ganga frá aðalatriðum varðandi húsnæðismál hins nýja skóla í samstarfi við Hákon Torfason starfsmann byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

Reist var á árinu 1987 tengibygging milli eldri og yngri húshluta skólans sem bætti mikið úr aðstöðu. Um leið kom nýr inngangur í skólann og aðkoma að skólanum var einnig endurbætt.

Á fyrsta skólaárinu voru nemendurnir í FAS á 1. og 2. námsári framhaldsskóla, en stefnan hafði strax verið sett hærra, því á fundinum var kynnt svar menntamálaráðuneytis við ósk skólayfirvalda um að kenna nemendum á 3. námsári strax þetta skólaár. Ráðuneytið hafnaði ekki hugmyndinni „en leggur til að skólinn festi sig betur í sessi áður en lengra er haldið" (úr fundargerð).

Alls voru 52 nemendur skráðir til náms á þessu fyrsta starfsári.

Eitt af vandkvæðum við ráðningu nýrra starfsmanna var að útvega þeim íbúðarhúsnæði því skortur var á heppilegu leiguhúsnæði. Með árunum tókst að koma meiri festu á þessi mál og sveitarfélögin aðstoðuðu síðar um árabil nýtt fólk við að flytja hingað og koma sér fyrir á nýjum stað.

Skólaárið 1988 - 1989

1988-1989_1.jpg [Í setkróknum í gamla FAS.]

Skólasetning var mánudaginn 12. september.

Notuð var í fyrsta sinn tölva við að flýta fyrir stundaskrárgerð í FAS.

Kennsla á 1. stigi vélstjórnarnámi (vélavarðanámi) var á haustönn 1988 og luku 13 námi í desember. Verklek kennsla fór fram hjá Vélsmiðju Hornafjarðar.

Alls var 51 nemandi skráður til náms í dagskóla á haustönninni, þar af 7 á heimavist. Heimavist skólans var „uppi á gömlu vist", þ.e. á efstu hæð gamla skólahússins þar sem Nesjaskóli var með sína fyrstu heimavist frá því laust eftir 1960. Þar voru 6 tveggja manna herbergi.

Á haustönn var 51 nemandi á enskunámskeiðum sem skipt var í fjóra hópa.

Enskunámskeið á vorönn var haldið á vegum FAS á kvöldin í Hafnarskóla.

Kennsla til 30 tonna réttinda skipstjórnarmanna (pungapróf) hófst í desember og fór kennslan fram í Heppuskóla og luku alls 27 nemendur prófum í janúar 1989.

Nemendur á vorönn voru 42 og voru flestir skráðir á tveggja ára námsbrautir sem þá voru í námsvísi fjölbrautaskóla, vinsælastar voru viðskiptabraut, heilsugæslubraut, íþróttabraut og uppeldisbraut. Skólinn naut stuðnings víða í samfélaginu og kom það fram á ýmsan máta, t.d. gaf Kaupfélag Austur-Skaftfellinga skólanum á þessu skólaári 3 reiknivélar til að nota í kennslu.

Kennsla í vélritun fór fram í fyrsta sinn með sérstöku forriti í tölvunum.

Farið var á menningarferð til Reykjavíkur í byrjun nóvember og farið í skoðunarferðir og heimsóknir og einnig á tónleika með Kim Larsen á Hótel Íslandi.

Verkfall framhaldsskólakennara (HÍK) hófst í byrjun apríl og lauk ekki fyrr en eftir skólalok. Grunnskólakennarar voru þá í öðru stéttarfélagi (KÍ) en ekki í verkfalli og nokkrir kennarar kenndu því áfram í FAS þrátt fyrir verkfall.

Ari Jónsson var nýr formaður skólanefndar. Ekki var sérstök skrifstofa fyrir FAS á fyrstu árunum en um bókhald og reikninga sá skrifstofa Nesjahrepps sem var til húsa í Nesjaskóla.

Farið var fram á það við fjárlaganefnd Alþingis að heimild fengist fyrir því að kaupa eða byggja húsnæði fyrir kennara skólans.

Samstarf við aðra framhaldsskóla á Austurlandi setti svip sinn á skólalok í FAS alveg frá upphafi. Kennarar skólanna hittust minnst einu sinni á ári og stjórnendur oftast. Voru þetta miklar reisur og skipst á að halda fundina. Meðan skólarnir voru 4 talsins (ME, VA, Eiðar og FAS) kom það í okkar hlut að taka á móti hinum skólunum í fjórða hvert skipti. Höfðu þá gestirnir með sér svefnpoka og var komið fyrir í gistingu í skólastofum eða heimavistum.

Brautskráðir 1988 - 1989

Í desember 1988 ljúka eftirtaldir fyrsta stigi vélstjórnar: Aðalsteinn Guðmundsson, Benedikt Gunnarsson, Einar Bjarni Guðmundsson, Eysteinn Bragason, Friðrik Þór Ingvaldsson, Guðmundur Knútsson, Hrafnkell Ingólfsson, Jón Jónsson, Leifur Helgason, Ólafur Jónsson, Óttar Már Ingvason, Ragnar Jónsson og Þór Magnason.

Íris Gísladóttir

Íris Gísladóttir er fædd og uppalin á Hornafirði og á að baki mikið nám í FAS. Hún var í FAS 1988 til 1990 á uppeldisbraut en á þessum árum í FAS var ekki hægt að útskrifast sem stúdent úr FAS. Héðan fór hún í Fjölbrautskólanum í Ármúla og byrjaði þar sjúkraliðanám sitt en kláraði það í FAS árið 1994. Að lokum útskrifaðist hún sem stúdent af félagsfræðibraut 2001. Núna er hún í Háskólasetrinu í Nýheimum í fjarnámi í hjúkrunafræði frá Háskólanum á Akureyri.

Um félagslífið í FAS segir hún að þegar hún var að byrja þá voru mjög fáir nemendur í skólanum en

Það stoppaði þó ekki nemendurnar í að skella sér til höfuðstaðarins á Kim Larsen hljótleika. Íris var ekki busuð í FAS en fékk að kenna á því í Ármúlanum. Busunin var fín að hennar sögn bæði labb og leikir og atast var í fyrsta árs nemendum.

Námið var allt mjög skemmtilegt. Sjúkraliðinn tók hún til að fá tilskilin réttindi og launahækkun í ummönunarskörfum og stúdentsprófið til að komast í hjúkrunarfræðinámið.

Íris segist eiga góðar minningar frá öllum námstímanum, þá sérstaklega fyrstu árin því þá var skólinn það lítill að allir nemendurnir voru eins konar fjölskylda og allir vinir. Hún minnst þess sérstaklega þegar strákarinnir báru bíl eins kennarans upp á skafl og fékk bíllinn að dúsa þar í nokkra daga. Annað eftirminnilegt atvik var þegar hún bakkaði á volvo skriðdrekanum sínum aftan á bílinn hans Tjörva kennara.

Íris var öll árin sín í FAS í gamla skólanum og segir hún að seinasti veturinn sinn í stúdentsnáminu hafi verið nokkuð blautur vegna þess að skólinn lak og því voru gúmmískór helsta skótauíð. En á heildina litið fannst henni aðstaðan í gamla skólanum mjög fín sem slík þó hún viti að aðstaðan er orðin mun betri í dag.

Unnið í nóvember 2007 af Alen Haseta, Einari Andréssyni og Kristjáni Birni Skúlasyni.

FAS í Eystahorni 1988 - 1989

Framhaldsskólinn fullmannaður

30. tbl. 6. árg. 25 ágúst.

FAS verður settur 12. september. Sú nýbreytni verður tekin upp að kenna vélaverðarnám. Það nám er hugsað fyrir þá sem verið hafa vélstjórar á undanþágu og þá sem ætla sér í vélstjórnarnám.

Frágangsvinna að skólanum utanverðum fer fram í haust.

Framhaldsskólinn í Nesjum vaxtarbroddur héraðsins

15. tbl. 7. árg. 13 apríl.

Grein eftir Ásmund Gíslason. Hann segir skólann hafa sannað gildi sitt sinn þrátt fyrir stuttan starfstíma.

Skólameistari tekinn á beinið

17. tbl. 7. árg. 27 apríl.

Viðtal við Zophonías Torfason skólameistara. Hann segir það standa skólanum fyrir þrifum að fá húsnaði fyrir kennara. Skólinn þarf aðfengið vinnuafli og því þarf að taka á þessum málum sem fyrst. Á hinn bóginn sé hægt að manna stundakennslu að miklu leyti með heimafólki.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur.

Starfsfólk 1988 - 1989

Ásgeir Núpan Ágústsson húsvörður: Tölvufræði.
Bjarni Ásbjörnsson: Vélritun.
Bjarni Þór Jakobsson: Rafmagnsfræði.
Guðbrandur Jóhannsson: Skyndihjálpi og heimavistarumsjón.
Guðjón Eyjólfsson: Samfélagsgreinar og raungreinar.
Guðjón Þorbjörnsson: Námskeið stýrimanna.
Guðmundur Ingi Sigbjörnsson: Danska.
Helga Pálsdóttir: Enska og þýska.
Hreinn Eiríksson: Grunnteikning.
Jón Sigurbjörn Hjaltason: Íþróttir.
Karl Ottó Karlsson: Vélstjórnargreinar.
Rannveig Hallvarðsdóttir: Vélritun og bókfærsla.
Stefanía Einarsdóttir: Stærðfræði.
Stefán Ólafsson: Námskeið stýrimanna.
Steinunn Benediktsdóttir: Matráðskona.

Zophonías Torfason skólameistari: Íslenska og danska.
Þórgunnur Torfadóttir: Enska.
Sæmundur Gunnarsson: Tölvufræði.

Skólaárið 1989 - 1990

Ásgeir Núpan Ágústsson húsvörður í Nesjaskóla og FAS. Á haustönn voru um 60 nemendur í dagskóla og hófst skólinn þann 11. september þetta haust. Fjöldi fullorðinna í þeim hópi fór vaxandi ár frá ári.

Enskunámskeið voru haldin á haustönn með 26 nemendum og tölvunámskeið með 9 manns. Einnig var enskunámskeið á vorönn með 8 nemendum. Haldið var tölvunámskeið á vorönn á Hrollaugstöðum þar sem 13 þátttakendur voru.

Ný skólanefnd tók til starfa í janúar 1990 eftir að ný lög um framhaldsskóla tóku gildi. Ari Jónsson var áfram formaður nefndarinnar. Nú fá kennarar og nemendur fulltrúa í nefndinni. Á fundi nefndarinnar í febrúar kom m.a. fram hugmynd frá skólameistara um að skólinn kæmi sér upp merki til að nota á eyðublöð og bréfsfni.

Ríkið tók þar með við rekstri skólans og greiddi fyrir allan hefðbundinn rekstur og laun starfsfólks. Bygging skólahúsnæðis var hins vegar áfram á höndum beggja aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga.

Skólastjórn (2 kennarar, 2 nemendur og skólameistari) tók til starfa og var það hluti af nýju framhaldsskólalögum. Þar var fjallað um ýmis innri mál skólans, s.s. skólareglur og skipulag einstakra viðburða í skólalífnum.

Fram að þessum tíma höfðu verið í gildi samningar milli sveitarfélaganna 6 í sýslunni og menntamálaráðuneytisins um rekstur skólans.

Fyrsta tölvan kom á kennarastofuna í október.

Í október voru starfsmenn skólans á námskeiði þar sem AXEL, nýtt skráningarkerfi fyrir nemendur í framhaldsskólum var kynnt. Það var svo tekið í notkun á vorönn og löngu síðar leysti INNA það af hólmi.

Endurbætur voru gerðar á „gömlu vistinni“, settir vaskar á herbergi og ný húsgögn, salerni endurbætt og komið upp sturtum á vistargangi og fleiri lagfæringar gerðar.

Á þessum árum er enn leyft að reykja á skólalóðinni, en aðeins í „Búrinu“, sem var undir stigapallinum við norðurenda „gömlu vistar“.

Opin vika var í fyrsta sinn skipulögð við skólann á vorönn.

Umræða var í skólanefnd og víðar um tómsundaaðstöðu nemenda enda var þröngt um húsnæði á þessum árum. Þó var t.d. hægt að hafa lesaðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda (og þegar eyður voru í stundaskrá).

Fram kom í máli Alberts Eymundssonar á fundi skólanefndar að nauðsynlegt væri að koma upp íþróttahúsi í Nesjum fyrir skólana þar, en íþróttahúsið við Heppuskóla á Höfn var þá eina íþróttahúsið og þangað sóttu nemendur FAS sínar inniþróttir á þessum árum.

Umræða um framtíðarhúsnæði FAS var einnig hafin á þessum árum og kom það fram hjá Halldóru B. Jónsdóttur á fundi skólanefndar í apríl 1990 að nauðsynlegt væri að taka ákvörðun um það hvort skólinn verði í Nesjum eða flytjist á Höfn. Fjárveiting til að byggja íbúðarhúsnæði fyrir starfsfólk skólans (skólastjórabústað) var í sjónmáli og því var eðlilegt að framtíðarplön yrðu að skýrast.

Skólaakstur milli Hafnar og Nesjaskóla var í gangi öll árin frá stofnun FAS og hafði ríkið greitt hluta hans, a.m.k. flest árin. Nemendur greiddu sem samsvaraði strætisvagnagjaldi á höfuðborgarsvæðinu. Það var þó ekki fyrir en á þessu skólaári að formleg viðurkenning fékkst frá menntamálaráðuneytinu á þátttöku þess í kostnaðinum.

Brautskráðir 1990

Þann 15. maí ljúka Íris Gísladóttir og Lilja Einarsdóttir viðskiptabraut.

FAS í Eystahorni 1989 - 1990

Skólarnir byrja senn

30. tbl. 7. árg. 31. ágúst.

Viðtal við Zophonías Torfason um undirbúning skólastarfsins næsta vetur. Hann kynnir nýja braut við skólann, tveggja ára þjálfunarbraut og hefur íþróttakennari verið ráðinn við skólann. Sá lauk prófi frá íþróttaháskóla í Köln.

Opin vika í FAS

8. tbl. 8. árg. 22 febrúar.

Markmiðið er að útbúa tómsundaaðstöðu fyrir nemendur í kjallara skólahússins. Nemendur ætla að

starfrækja útvarp sem hefur fengið nafnið Steinríkur Fm 101,9. Einnig fer fram undirbúningur að árshátíð skólans.

Framhaldsskóli í Austur-Skaftafellssýslu

16. tbl. 8. árg. 26 apríl.

Grein eftir Zophonías Torfason skólameistara. Í greininni fjallar hann um breyttan rekstargrundvöll framhaldsskóla í kjölfar lagabreytinga. Hluti þessara breytinga er að fjölga meðlimun skólanefnda úr fimm fulltrúum í sjö.

Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu

17. tbl. 8. árg. 3 maí.

Grein eftir Zophonías Torfason þar sem hann fer yfir farinn veg frá stofnun skólans árið 1987.

Hvers virði er framhaldsskóli í Austur-Skaftafellssýslu?

18. tbl. 8. árg. 10. maí.

Haldinn var fundur sunnudaginn 6. maí um stöðu FAS. Þetta var almennur fundur um stöðu framhaldsskólamenntunar í héraðinu. Zophonías kynnti skólann og svaraði fyrirspurnum. Fjölmenni mætti og kom fram mikill einhugur um að standa vel að skólanum.

Skólaslit Framhaldsskólans

19. tbl. 8. árg. 17 maí.

Skólameistari Zophonías Torfason sleit skólanum. Hann taldi liðið eitt farsælasta ár í sögu skólans. Hann kynnti nýtt stoðkerfi sem hefur verið í undirbúningi og mun hjálpa nemendum í heimanámi sínu. Sigurður Brynjólfsson hlaut viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í íslensku.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu

19. tbl. 8. árg. 17 maí.

Grein eftir Zophonías Torfason. Í greininni fjallar hann mest um fullorðinsfræðslu við skólann. Einnig ræðir hann kosti áfangakerfisins.

Skólamál í brennidepli

19. tbl. 8. árg. 17 maí.

Svava Kristbjörg Guðmundsdóttir skrifar um skólann.

Mótun sjálf okkar eigin skóla

19. tbl. 8. árg. 17 maí.

Grein eftir Halldór Tjörva Einarsson um hlutverk FAS og möguleika skólans.

Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu

21. tbl. 8. árg. 31. maí.

Grein eftir Zophonías Torfason um stöðu skólans. Hann kynnir í greininni vélstjórnarnám, á fyrsta og öðru stigi sem mun hefjast næsta haust.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur.

Starfsfólk 1989 - 1990

Ásgeir Núpan Ágústsson: Húsvarsla.

Bjarni Stefán Konráðsson: Íþróttir, íþróttifræði, heilbrigðisfræði og þýska.
Brynjólfur Þorvarðarson: Tölvufræði, danska og enska.
Elín Oddleifsdóttir: Líffæra- og lífeðlisfræði.
Eyjólfur Guðmundsson: Samfélagsgreinar.
Guðbrandur Jóhannsson: Skyndihjálp.
Guðrún Ingólfssdóttir: Heimavistarumsjón.
Halldór Tjörvi Einarsson: Stærðfræði.
Helga Pálsdóttir: Enska.
Hreinn Eiríksson: Grunnteikning.
Rannveig Hallvarðsdóttir: Vélritun.
Steinunn Benediktsdóttir: Matráðskona.
Zophonías Torfason skólameistari: Íslenska.

Gauti Árnason

Skólaárið 1990 - 1991

Málfundur í sal gamla FAS. Í upphafi skólaársins var ráðist í gagngera endurnýjun á tölvubúnaði skólans, tölvum fjölgað í 10 og útbúin stærri tölvustofa.

Skólinn fékk eina kennslustofu í viðbót í byrjun haustannar, salinn, sem Nesjaskóli hafði haft til afnota fram að þessu.

Skólasetning var 4. september og voru nemendur í dagskóla 70.

Kennsla á vélstjórnarbraut hófst á haustönn (vélavarðanám) og því lauk í desember með útskrift 14 nemenda. Áfram var haldið með vélstjórnarkennslu á vorönn fyrir þá sem áhuga höfðu á 2. stigi og luku 7 námi þá um vorið og nokkrir nemendur luku síðar. Verkleg kennsla fór fram í Vélsmiðju Hornafjarðar.

Kynnt voru á haustönn frumdrög Árna Kjartanssonar arkitekts að skólastjórabústað sem ætti að reisa á lóð skólans í Nesjum og yrði að öllu leyti kostaður af ríkissjóði.

Öldungadeildin tók í fyrsta sinn til starfa við skólann á haustönn og voru 40 nemendur skráðir þar til náms í hefðbundnum áföngum. Á vorönn var svipaður fjöldi en þá höfðu 15 sjúkraliðar hafið nám við öldungadeildina. Að auki var sérstakt enskunámskeið haldið að Hrollaugsstöðum með 10 þátttakendum svo alls voru þá 50 nemendur í deildinni. Kennsla sjúkraliðanna var í samstarfi við Verkmenntaskóla Austurlands og síðar einnig í samvinnu við Fjölbautaskólann við Ármúla. Áhugi fullorðinna á námi var gríðarlega mikill á þessum árum eins og sjá má af þeim tölum sem hér birtast, t.d. í ferðþjónustugreinum og tungumálum.

Bókasafnið í Nesjum tók til starfa í húsnæði Nesjaskóla í byrjun haustannar, þar sem þrjú söfn; bókasafn FAS, Nesjaskóla og hreppsboðkasafn Nesjahrepps sameinuðust á einum stað.

Byrjað var á stoðkennslu við skólann, þar sem hluti kennslustunda (yfirléitt 1 af 4 á viku) var nýttur í

einstaklingsaðstoð og til sérverkefna fyrir nemendur. Einnig gátu þeir sem voru í óreglulegri tímasókn nýtt sér stoðtímana. Fyrirmyndin var fengin úr ME. Stoðkennsla var reynd með ýmsu móti í nokkur ár en svo lögð af.

Námsráðgjafi var í starfi við skólann í fyrsta sinn.

Fyrsta árbók skólans kom út í lok skólaársins. Næstu 3 árin hélt sú útgáfa áfram.

Hugmyndir að 4. ára námi og útskrift stúdenta voru ræddar á fundum innan skólans þessi ár og fengu aukinn hljómgrunn þennan vetur.

Fjárveiting fékkst til þess að sinna sérstaklega félagsmálum nemenda.

Ubbi kóngur var settur á svið í Mánagarði á haustönn í samvinnu við Nesjaskóla. Leikstjóri var Árni Blandon. Það var upphafið að leiklistarvinnu sem hefur síðan verið næstum árlegur viðburður í skólalífinu.

Útvarpsrekstur var í gangi í opinni viku í fyrsta sinn, Útvarp Steinríkur.

Undirbúningur að „grunnbraut“ við skólann var lagður. Tveir kennarar, Halldór Tjörvi og Eyjólfur, fóru á námskeið í Reykholti til að undirbúa málið. Í framhaldinu varð til „fjórmenningaklíkan“ við skólann. (EG-HT-GP-ZT)

Framhaldsskólarnir á Austurlandi höfðu undanfarin ár skipulagt kynningar á starfi sínu meðal grunnskólanema. Skólameistari og námsráðgjafi FAS fóru á vorin með kynningu í efsta bekk grunnskólanna (Heppuskóla og Djúpavogsskóla). Nemendur fjölmenntu á þessa fundi og sýndu námi við skólann áhuga. Einnig var sum árin boðið til heimsókna grunnskólanemenda í húsnæði FAS. Fljótlega komst á hefð fyrir því að bjóða foreldrum í sérstaka kynningu í skólann, ýmist að vori eða hausti.

Ólympíuleikar Austurlands urðu að reglulegum viðburði þessi árin. Þetta var nemendamót framhalsskólanna á Austurlandi og var yfirleitt mjög vel sótt. Leikarnir voru haldnir á Egilsstöðum í byrjun mars þetta árið.

Skammstöfun á nafni skólans hefur verið FASK fram að þessu en á drögum að nýju bréfsefni skólans er einungis FAS. Ekki reyndust allir vera ánægðir með þá breytingu!

Skólameistari og kennarar unnu að framtíðaráætlun fyrir skólann, „Sókn til framtíðar“, sem kynnt var skólanefnd á vinnslustigi og gerð opinber í apríl. Þar er stefnan m.a. sett á 4 ára nám til stúdentsprófs og gert ráð fyrir 100 nemendum í dagskóla eftir 4-5 ár. Þar er m.a. í fyrsta sinn sett fram áfangaframboð til fjögurra ára í kennslu.

Kynnt þörf á nýju skólahúsnæði ásamt heimavist sem er orðin of lítil.

Haldin var ráðstefna 8. júní 1991 um framtíð skólans. Hafði verið í undirbúningi í heilt ár (sbr. fund skólanefndar frá 16. maí 1990) þar sem Halldór Tjörvi varpaði hugmyndinni fram.

Brautskráðir 1990 - 1991

Í desember 1990 ljúka eftirtaldir fyrsta stigi vélstjórnar: Ásgeir O. Guðnason, Björn Arnarson, Erik Gjöveraa, Gísli Sumarliðason, Guðmundur Harðarson, Kristinn Rúnarsson, Pétur Bragason, Ragnar L. Björnsson, Ragnar Pétursson, Sveinbjörn Steinþórsson, Sverrir Sveinbjörnsson og Yngvi Harðarson.

Þann 17. maí 1991 luku eftirtaldir nemendur öðru stigi vélstjórnar: Erik Gjöveraa, Guðmundur Harðarson, Kristinn Rúnarsson, Óttar Már Ingvason, Sveinbjörn Steinþórsson, Sverrir Sveinbjörnsson og Yngvi Harðarson. Þá lauk Friðrik Þór Ingvaldsson sveinsprófi í netagerð.

FAS í Eystahorni 1990 - 1991

Skólahald

29. tbl. 8. árg. 6 september.

Viðtal við Zophonías Torfason um veturinn framundan.

Námskeið í Framhaldsskólanum

31. tbl. 8. árg. 20. september.

Grein um mikið framboð á námskeiðum sem skólinn býður upp á. Helsta nýjungin er eins vetrar braut með stuttum námskeiðum í skrifstofuhaldi, s.s. bókhald, tölvukennsla, tölvubókhald, enska og íslenska.

Busavígsla í Framhaldsskólanum

33. tbl. 8. árg. 4. október.

„Busarnir voru reyrðir eins og rúllupylsur með límbandi og síðan dýft ofan í fiskikar fullu að vatni.”

Framhaldsskólinn fær rannsóknarverkefni

35. tbl. 8. árg. 18. október.

Skólinn á að sjá um mælingar á jöklum í tengslum við Orkustofnun. Annað hvort skulu jökulsporðarnir verða mældir með málbandi eða þríhyrningsmælingunum.

Jarðfræði- og vísindaferð Framhaldsskólans.

36. tbl. 8. árg. 25. október.

Nemendur skólans fóru inn að Fláajökli og Heinabergsjökli til að mæla jökulsporðana. Oddur Sigurðsson starfsmaður Orkustofnunar var með í för. Mönnum sýnist Flájökull hafa gengið fram sem er í samræmi við jökla í Öræfunum.

Framhaldsskólinn keppir

6. tbl. 9. árg. 7. febrúar.

Framhaldsskólinn keppir við Fjölbraut Suðurnesja í spurningakeppni framhaldsskólanna. Keppendur fyrir hönd Framhaldsskólans eru: Hálf dán Ingvarsson, Pálmar Hreinsson og Sigrún Ólafsdóttir.

„Opin vika” í Framhaldsskólanum

6. tbl. 9. árg. 7. febrúar.

Í næstu viku verður fengist við margt annað en kennslu í skólanum. Má sem dæmi nefna útvarpsrekstur, kvikmyndagerð, dans og vinnuvélanámskeið. Þá verður árshátíð skólans undirbúin.

Fjör í Framhaldsskólanum

8. tbl. 9. árg. 21. febrúar.

Opin vika í FAS. Fjölmíðlabylling - blaðaútgáfa, kvikmyndagerð og ljósvakamiðlun. Opna vikan endaði með árs hátíð þar sem fluttur var annáll og stuttur leikþættir og svo var sýnd kvikmynd sem nemendur skólans gerðu. Í vikunni á eftir kom svo út skólablað.

Framtíð framhaldsnáms í sýslunni

19. tbl. 9. árg. 16. maí.

Zophonías Torfason skrifar grein um starfsemi skólans undanfarin ár og væntanlega ráðstefnu um framtíð framhaldsnáms í Austur-Skaftafellssýslu. Líkur á að fyrstu stúdentarnir verðir brautskráðir frá skólanum næsta vor.

Metútskrift hjá Framhaldsskólanum

20. tbl. 9. árg. 23. maí.

Um 90 manns fengu afhent prófskírteini sín þegar skólanum var slitið. Árinu áður voru það um 60 manns, svo þetta er töluverð aukning. Nanna Dóra Ragnarsdóttir fékk sérstök verðlaun fyrir frábæran námsárangur. Einnig útskrifuðust 7 nemendur af vélstjórnarbraut.

Framhaldsmenntunin - Sókn til framtíðar

20. tbl. 9. árg. 23. maí.

Grein eftir Zophonías Torfason sem fjallar um nýja skólaáætlun sem tengist fjögurra ára skóla í stað tveggja ára. Hann fjallar einnig um kost og löst á húsnæðinu í Nesjaskóla.

Skólamál skipta máli

21. tbl. 9. árg. 30. maí.

Zophonías Torfason skrifar um mikilvægi þess að hafa fjölbreytni í námi. Einnig hversu mikilvæg tengsl skóla og umhverfis séu.

Ráðstefna um Framhaldsskólann

22. tbl. 9. árg. 6. júní.

Sagt frá væntanlegri ráðstefnu um framtíð Framhaldsskólans. Mörgum gestum s.s. þingmönnum og menntamálaráðherra hefur verið boðið.

Framhaldsskólann verður að staðfesta

22. tbl. 9. árg. 6. júní.

Zophonías ritar í pistli sínum að ekkert hafi verið gert til að tryggja FAS húsnæði. Bendir á að tveggja ára framhaldsnám í Nesjaskóla hafi verið tilraunastarfsemi sem átti að vera í 3 - 5 ár. En nú er þetta ekki tilraun lengur, skólinn er búinn að sýna og sanna gildi sitt, en þó þurfi betra húsnæði.

Metaðsókn

23. tbl. 9. árg. 13. júní.

Nú þegar eru umsóknir orðnar fleiri en á sama tíma í fyrra. Farið verður af stað með skipstjórnarbraut.

Framhaldsskóli á Suðausturlandi

23. tbl. 9. árg. 13. júní.

Hjörleifur Guttormsson skrifar um nýfstaðna ráðstefnu og mikilvægi þess að skólinn fái nýtt og betra húsnæði.

Ráðstefna um Framhaldsskólann

23. tbl. 9. árg. 13. júní.

Sagt frá ráðstefnunni sem haldin var um síðustu helgi.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur.

Starfsfólk 1990 - 1991

Árni Blandon: Leikstjórn.

Ásgeir Núpan Ágústsson: Húsvarsla.

Ásthildur Gísladóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Bjarni Maríus Jónsson: Rafmagnsfræði og rafeindatækni.

Brynjólfur Þorvarðarson áfangastjóri: Danska, enska, tölvufræði og raungreinar.

Eyjólfur Guðmundsson kennslustjóri dagskóla: Samfélagsgreinar, raungreinar og íslenska.

Grímur Ólafur Eiríksson: Vélstjórnargreinar.

Guðbrandur Jóhannsson: Skyndihjálpi.

Guðný Pálsdóttir: Námsráðgjöf.

Guðrún Ingólfsdóttir: Íþróttir.

Halldóra Gunnarsdóttir: Enska og þýska.

Halldór Tjörvi Einarsson kennslustjóri öldungadeildar: Stærðfræði og tölvufræði.

Ólöf Valgeirsdóttir: Enskunámskeið að Hrollaugstöðum.

Óskar Sveinn Þorsteinsson deildarstjórn viðskiptagreina: Tölvufræði og vélritun.

Steinunn Benediktsdóttir: Matráðskona.

Sæmundur Gunnarsson: Skrifstofustörf.

Vilborg Gunnlaugsdóttir: Ræsting.

Valgerður Þóra Másdóttir: Bókasafnsumsjón og enska.

Zophonías Torfason skólameistari: Íslenska.

Þórdís Sigurðardóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Guðrún Ingólfsdóttir

gudruningolfs1.jpg

Guðrún Ingólfsdóttir er í dag 48 ára nemandi hér við Framhaldsskólann.

Hún hefur ekki búið á Hornafirði alla sína tíð því þegar hún var 15 ára þá flutti hún til Reykjavíkur en sneri síðan til baka til Hornafjarðar þegar hún var 28 ára.

Hún kenndi íþróttir við FAS í fjórar annir á árunum á eftir en þá var skólinn enn inni í Nesjum og voru íþróttir kenndar í Mánagarði. Hún hefur ekki kennt við aðra skóla. Hún kenndi stelpum 4 tíma á viku og stráku 4 tíma og hafði hún alltaf þann háttinn á að einu sinni í viku voru þrekæfingar, einu sinni körfubolti og einu sinni badminton. Í síðasta tímanum máttu nemendur síðan velja hvað þeir vildu gera og varð þá körfubolti oftast fyrir valinu. Henni fannst gott að vinna í Framhaldsskólanum af því að hún var að vinna sömu vinnu og hún hafði unnið áður.

Guðrúnu finnst eftirminnilegast að skólinn skyldi vera með íþróttatíma fyrir framhaldskólanemendur því það hafði ekki verið gert áður. Einnig hvað þetta var lítill skóli en þó margt gert. Henni fannst skemmtilegast að kenna þeim sem eitthvað gátu í íþróttum, en var ekkert óvægin við hina. Hún telur að nemendur nú séu ekkert öðruvísi en þeir voru þá nema þá kannski að það sé afturför í

Íþróttaiðkun framhaldskólanema nú.

Hún segir að félagslíf kennara í skólanum hafi alltaf verið ágætt, og það hafi líka verið það þá. Hún tók ekki mikinn þátt í hinu almenna kennarastarfi, t.d. mætti hún ekki á kennarafundi.

Guðrúnu er einnig minnstætt frá íþróttakennslunni að íþróttasalurinn var nýr og það var ekki búið að ganga frá vegg sem var þarna, og var af þeim sökum mikill músagangur. Þegar átti að fara í badminton þá voru alltaf mýs ofan í holunum fyrir badmintonnetstangirnar. Hún sagði að það hefðu verið allt að 6 mýs þarna ofan í. Henni er frekar illa við mýs og það hún alltaf nemendurnar að veiða þær þarna upp úr. Svo var veggurinn lagaður og hætti músagangurinn.

Aðspurð sagði hún að hún hefði hætt að vinna við skólann vegna þess að hún er ekki lærður íþróttakennari. Alltaf þarf að auglýsa stöður ómenntaðra kennara og þess vegna hætti hún þegar lærður íþróttakennari var ráðinn.

Unnið í nóvember 2006 af Alberti Þóri Sigurðssyni, Chollada Chalongchaiyasith, Fjólu Dögg Hjaltadóttur og Lindu Rós Jónsdóttur.

Skólaárið 1991 - 1992

Jöklaferð FAS haustið 1991. Í upphafi skólaárs lá fyrir samþykki menntamálaráðuneytis fyrir því að kenna nemendum á 3. námsári við skólann.

Nemendur í upphafi skólaárs voru 90 í dagskóla og hafði fjölgað verulega enda stefndu nú 3. og 4. árs nemendur á að ljúka námi sínu til fulls frá FAS. Á nýrri grunnbraut við skólann voru 11 nemendur.

Kennslu á sjúkraliðabraut í öldungadeild/kvöldskóla hélt áfram og samtals í deildinni voru 28 nemendur. Auk þess var leiðsögumannanám í gangi sem Farskóli Austurlands skipulagði og voru 8 nemendur héðan í því.

Kennsla hófst til 1. stigs skipstjórnarréttinda (réttindi til að stjórna skipum allt að 200 rúmllestum) og luku 12 námi um vorið. Samvinna var við Veiðarfæragerð Hornafjarðar og fleiri aðila um hluta námsins.

Fullsetin var 12 manna heimavist skólans.

Á árinu kom í ljós ágreiningur í sýslunni um það hvort byggja ætti nýjan skólameistarabústað í Nesjum því framtíð skólans og staðsetning nýs húsnæðis væri til nýrrar umræðu í samfélaginu. Þá hafði verið stofnaður starfshópur („framtíðarnefndin“) innan Sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu sem átti að fjalla um framtíð skólans og þar á meðal staðsetningu hans og frekari uppbyggingu. Í honum sátu allir skólastjórar í sýslunni, formaður skólanefndar FAS og fræðslustjóri Austurlands. Niðurstaða þeirrar umræðu varð sú að besti kosturinn væri að reisa nýtt skólahús fyrir FAS á Höfn.

Farið í jöklamælingaferð í september og mældir jökulsporðar Heinabergsjökuls og Fláajökuls.

Leikritið Ímyndunarveikin var frumsýnt í lok nóvember í leikstjórn Árna Blandon og var

samvinnuverkefni við Leikhóp Mána og Nesjaskóla.

Vinnustaðanám (námseiningar fyrir vinnu) var skipulagt og því komið af stað í fyrsta sinn þetta skólaár.

Kennsla í sköpun hófst á vorönn (tónlist, myndlist, leiklist, myndbandagerð).

Samantekt á vinnu í hverjum áfanga nú skilað í lok hvernar annar („Kennt og lesið á önninni“). Það var upphafið að því sem síðar fékk nafnið „Kennslumat í lok annar“ og er enn viðhaft.

Menningarferð var farin til Reykjavíkur um miðjan febrúar, farið á leiksýningu í Þjóðleikhúsinu, í Listasafn Íslands, Útvarpshúsið og víðar.

Ól-Aust voru á Egilsstöðum í lok mars.

Skólinn tók sjálfur við skrifstofuhaldi og fjármálastjórn í ársbyrjun 1992 af Nesjahreppi.

Unnið var að tillögum um „farskóla“ við FAS sem hefði fullorðinsfræðslu að meginmarkmiði og tæki m.a. við rekstri öldungadeildarinnar.

Nemendur nutu sérkennslu í fyrsta sinn á vegum skólans.

Hjá menntamálaráðuneyti eru uppi hugmyndir um einn framhaldsskóla á Austurlandi, með eina yfirstjórn, sem hefði nokkur „útibú“ og þar með eitt á Hornafirði.

Beiðni skólans um að útskrifa fyrstu stúdenta sína í maí 1992 var ekki samþykkt í ráðuneytinu en hins vegar fundin sú lausn að 5 nýstúdentar frá FAS þann 20. maí yrðu formlega útskrifaðir með skírteini frá Menntaskólanum á Egilsstöðum. Skólameistari ME var viðstaddur útskriftina.

Brautskráðir 1992

1992. JPG

Aftari röð frá vinstri: Jónína Einarsdóttir, Zophonías Torfason skólameistari, Soffía Guðmundsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Herdís Tryggvadóttir, Vigdís Ragnarsdóttir, Þórhildur Rúnarsdóttir.

Þann 20. maí 1992 voru 15 nemendur útskrifaðir af starfsbrautum. Af fyrsta stigi skipstjórnarnáms útskrifuðust: Aðalsteinn Guðmundsson, Björn Ármannsson, Guðmundur Kr. Guðmundsson, Hannes Ingi Jónsson, Hilmar Guðmundsson, Hlynur Sturla Hrollaugsson, Ingvaldur Mar Ingvaldsson, Ívar Smári Reynisson, Ólafur Vilhjálmsson, Sigurður Ægir Birgisson, Svavar Magnús Sigurjónsson og Sveinn Guðmundsson. Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir útskrifaðist af viðskiptabraut og Ásgeir O. Guðnason og Ragnar L. Björnsson útskrifast af öðru stigi vélstjórnar.

FAS í Eystahorni 1991 - 1992

Grunnbraut FAS

30. tbl. 9. árg. 29. ágúst.

Grunnbraut kynnt - sem í dag mætti eflaust kalla almenna braut - er sérstaklega sniðin að getu, þörfum og áhuga þeirra sem ekki hafa náð einkuninni 5 á samræmdu grunnskólaprófi.

Skólameistari í yfirheyrslu

44. tbl. 9. árg. 5. desember.

Viðtal við Zophonías Torfason skólameistara um skólastarfið. Búið er að leggja grunn að nýju verkmenntakerfi þar sem nemendur geta stundað nám samhliða vinnu sinni.

Fréttatilkynning frá Framhaldsskóla

44. tbl. 9. árg. 5. desember.

Bréf frá FAS til atvinnufyrirtækja og þjónustustofnana um ósk um nánara samstarf. Snýr að því að skipuleggja nám sem tengist beint við atvinnumarkaðinn, nemandi geti fengið markvissa þjálfun og fræðslu sem vinnustaðurinn veitir, markmiðið að gera einstaklinginn hæfari starfskraft.

Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu

1. tbl. 10. árg. 9 janúar.

Skólastarf bæði í dagskóla og kvöldskóla hefst. Ný námskeið í kvöldskóla. Boðið verður upp á nýjan áfanga í tölvubókhalda á vorönn. Myndlistarnámskeið verður haldið í febrúar.

Skólastjórabústaður í Nesjum

2. tbl. 10. árg. 16. janúar.

Sagt frá því að framkvæmdir séu hafnar við skólastjórabústað við Framhaldsskólann.

Hvar á Framhaldsskólinn að vera?

7. tbl. 10. árg. 20 febrúar.

Eins og frá hefur verið skýrt hér í Eystrahorni er unnið að byggingu skólastjórabústaðar vegna Framhaldsskólans í Nesjum. Bústaðurinn er á lóð Nesjaskóla og hefur bygging hans á þessum stað á þessum tíma, valdið ágreiningi milli Nesjahrepps og bæjarstjórnar Hafnar.

Fyrstu stúdentarnir

19. tbl. 10. árg. 21 maí.

Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu var slitið í gær. Söguleg stund var þetta í lífi skólans því hann útskrifaði sína fyrstu stúdentu.

FAS

20. tbl. 10. árg. 27. maí.

Umsóknarfrestur um skólavist næsta vetur rennur út 5 júní n.k. Boðið verður upp á skipstjórnarnám, 2 stig.

Skólaslit í Framhaldsskólanum

20. tbl. 10. árg. 27. maí.

Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu var slitið 20. maí síðast liðinn eins og fram kom í seinasta blaði. Formlega útskrift hlutu 20 nemendur að þessu sinni. Zophonías skrifar í blaðið um þennan áfanga.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur.

[Starfsfólk 1991 - 1992](#)

Anna G. Magnúsdóttir: Myndbandanámskeið á vorönn.

Ari Þ. Þorsteinsson: Námskeið í fiskmeðferð.
Auður Vala Gunnarsdóttir: Íþróttir.
Árni Blandon: Leikstjórn.
Ásthildur Gísladóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.
Bryndís Sveinbjörnsdóttir: Sérkennsla.
Elín Oddleifsdóttir: Líffæra og lífeðlisfræði.
Eyjólfur Guðmundsson kennslustjóri: Íslenska, líffræði, jarðfræði og samfélagsgreinar.
Gísli Már Vilhjálmsson: Matreiðslunámskeið.
Guðbrandur Jóhannsson: Skyndihjálpar og ökunám.
Guðný Pálsdóttir: Námsráðgjöf, kennsla í tjáningu, samfélagsfræði og leiklist.
Guðrún Jónsdóttir: Námskeið í heilbrigðisfræði stýrimanna.
Guðrún Ingólfsdóttir: Heimavistarumsjón.
Guðrún Nanna Guðmundsdóttir: Myndlistarnámskeið á vorönn.
Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri. Stærðfræði.
Helgi Heiðar Georgsson: Skipstjórnargreinar, stærðfræði, félagsmál nemenda og fjármálastjóri á vorönn.
Hilmar Árnason: Fjarskiptanámskeið.
Hreinn Eiríksson: Grunnteikning.
Guðbrandur Jóhannsson: Skyndihjálpar.
Joni Carmen Gray: Raungreinar og enska.
Jóhanna Arnbjörnsdóttir: Ljósmyndanámskeið.
Jóhann Ársælsson: Námskeið í meðferð og notkun siglingatækja.
Jóhann Morávek: Tónlistarnámskeið.
Kristín Egilsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.
Óskar Sveinn Þorsteinsson: Deildarstjórn viðskiptagreina, danska, stærðfræði og tölvufræði.
Reynir Gunnlaugsson: Þýska, íslenska, danska og enska.
Róbert Hugo Blanco: Spænska.
Sigríður Kristinsdóttir: Sjóréttur.
Sigrún Harpa Baldursdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.
Sigurbjörg Kristmundsdóttir: Heilbrigðisfræði.
Sigurður Bjarnason: Málsmíði.
Sigurður Björnsson: Bókasafnsumsjón.
Sólrún Einarsdóttir: Heilbrigðisfræðinámskeið stýrimanna.
Steinunn Benediktsdóttir: Matráðskona og kennsla á saumanámskeiði.
Sæmundur Gunnarsson: fjármálastjóri á haustönn.
Vilborg Gunnlaugsdóttir: Ræstingar.
Zophonías Torfason skólameistari: Íslenska.
Þorbergur Aðalsteinsson: Handknattleiksnámskeið.
Þóra Guðrún Ingimarsdóttir deildarstjóri sjúkraliðanáms: Hjúkrunarfræði.
Þórdís Sigurðardóttir: Bókasafnsumsjón.
Þórketill Sigurðsson: Húsvörður.

Hilmir Steinþórsson
hilmir_t.jpg

Hilmir Steinþórsson var í FAS á árunum 1989 - 1993, hann útskrifaðist ekki formlega frá FAS því á

Þeim tíma mátti FAS ekki útskrifa beint svo að Hilmir er með útskriftarskírteini frá ME. Í minningu Hilmars sat hann í nemendaráði öll sín ár en var formaður í tvö ár.

Nemendaráðið var virkt í félagslífinu á hans tíma, það stóð fyrir skólaböllum og ýmsum uppátækjum. Böllin voru oft einu sinni í mánuði og svo tók nemendaráðið þátt í árshátíðinni ásamt sér ráðinni skemmtinefnd. Þátttakan í félagslífinu var ágæt, ákveðinn hópur sem að mætti á allt og svo ákveðnir fylupúkar sem húktu úti í horni og höfðu allt á hornum sér og fannst allt asnalegt sem var reynt að gera. Þegar upp var staðið voru það allir þeir sem voru skemmtilegir að hans mati og vildu lifa lífinu með bros á vör sem að tóku mikinn þátt í félagslífinu.

Hilmi fannst formannstarfið ekki stressandi, fyrst og fremst safnaði hann liði í skólanum til að hljóta kosningu. Hann segir formenn líklega vera jafn misjafna og þeir eru margir en hann tók þessu ekkert mjög alvarlega. Svaf alveg á næturnar og þess háttar. Hann hafði alveg ofboðslega gaman af þessu samt enda voru það einu launin sem að hann fékk. Böllin stóðu uppúr á hans tíma, diskótek eða hljómsveit að spila. Og busavíglurnar. Hilmir hefur ekki samanburðinn á nemendaráðinu í dag og á hans tíma en þá voru krakkarnir nokkuð sjálfráða og fengu að gera það sem að þá langaði að gera, líklega var þeim bara treystandi fyrir því. Nema hvoru tveggja hafi verið. Hilmi fannst þetta mjög skemmtilegt og eina leiðin til að uppgötva heiminn. „Maður býr að því alla æfi að hafa staðið í þessu. Vinna með litla hugmynd og koma henni í framkvæmd, það er toppurinn að sjá hugmyndirnar verða að veruleika, útá það gengur öll vinnan.“segir Hilmir þó að mismikil vinna hafi verið lögð í þetta og oft var reynt að hafa hana sem minnsta.

Hilmir hefði viljað taka formannsstarfið af meiri alvöru þegar hann var í því svo að það myndi nýtast honum betur í dag. Skilgreina betur stöðuna og skipuleggja betur embættið því að það er hægt að kom ótrúlegustu hlutum í framkvæmd í nafni nemendaráðs og setja háleitari markmið. Hilmar leggur til að nemendaráðið í dag geri bara allt sem er gaman, virkja sem flesta og reyna að fá leiðindapúkana til að mæta því að þeir eru líka fólk.

Formannsstarfið hefur orðið Hilmi til góðs og segir hann að maður búi að þessu alla ævi. „Þetta víkkar sjóndeildarhringinn fyrir mann, er þroskandi og tengir saman leik og starf. " Og það hefur hann reynt að gera síðan „enda á maður bara að gera það sem að manni finnst skemmtilegt og ef að það er ekki skemmtilegt á maður að reyna að hafa gaman af því“. Hilmir ráðleggur komandi formönnum nemendaráðs að lesa þetta yfir og undirstrika það sem að þeir geta lært af.

Með bestu kveðju í FAS, Hilmir Steinþórsson

Unnið í nóvember 2006 af Baldvini Haraldssyni,
Jóhanni Kristófer Antonssyni og Söndru Rán Ásgrímsdóttur.

Skólaárið 1992 - 1993

Frá busavíglu í FAS haustið 1992. Ekki fékkst leyfi fyrir kennslu á 2. stigi skipstjórnarnáms við FAS þennan vetur og var hluti af skýringunni að fækkað hefði svo mikið nemendum í Stýrimannaskólanum í Reykjavík! Nemendur á haustönn voru um 100.

Nú hafði komið afturkippur í kennslu á 3. og 4. ári hjá ráðuneytinu og var FAS gert að starfa í enn

nánari tengslum við ME og aðra framhaldsskóla á Austurlandi með allt skipulag og námsframboð og bjóða einungis upp á kennslu á 1. og 2. námsári. Unnið var að framtíðarskipan málefna framhaldsskóla á Austurlandi, m.a. innan SSA. Á að vera einn skóli eða nokkrir sjálfstæðir? Hornfirðingar vísuðu óspart í „Sókn til framtíðar“ og vildu hafa hér sjálfstæðan skóla.

Öldungadeild var með 18 nemendur á haustönn, flestir þeirra sjúkraliðar, og þeir voru svo í starfsnámi á höfuðborgarsvæðinu á vorönn. Kennsla í öldungadeild á vorönn var í lágmarki, það þurfti að spara. Rekstur skólans var fjárhagslega erfiður þessi árin og þröngt skorinn stakkurinn en næg verkefni sem þurfti að sinna.

Miðannarviðtöl við nemendur eru byrjuð sem fastur liður við skólann og gefið mat á stöðu hvers og eins nemanda í hverri námsgrein fyrir sig.

Heimavist skólans var flutt yfir á neðri hæð „nýju“ heimavistar Nesjaskóla á þessu skólaári. Á efstu hæð á „gömlu vist“ flytja nú kennarar og starfsmenn skólans með vinnuherbergi sín, skrifstofu og kaffistofu. Alla tíð síðan kostaði það meiri eða minni flutninga fyrir starfsmenn skólans úr vinnuaðstöðunni að vori og aftur til baka að hausti því Hótel Edda þurfti á öllu gistiþlássi að halda yfir sumarið.

Einn nemandi skólans, Guðný Þorsteinsdóttir, ávann sér rétt til mánaðardvalar í Þýskalandi með góðri frammistöðu í Þýskupraut á vorönn.

Samkennsla var á vorönn í félagsfræðiáfanga milli skólanna þriggja á Austurlandi. Hóparnir hittust m.a. í Staðarborg í námslotu.

Bréfhaus og merki skólans kom út í núverandi mynd.

Nemendur óska eftir húsnæði og kvarta yfir aðstöðuleysi til félagsstarfa, m.a. með skrifum í Eystrahorni.

Árshátíð nemenda skólans var haldin í Hrollaugsstöðum.

Ól-Aust voru á Höfn 19. - 21. mars. Nemendur FAS fengu mikið hrós fyrir góða skipulagningu og allt gekk hið besta fyrir sig.

Leikritið Grænfjöðrungur var frumsýnt um vorið í leikstjórn Sigrúnar Ragnarsdóttur.

Eyjólfur Guðmundsson vann tillögur að því hvernig styrkja megi enn frekar verknám við skólann.

Stúdentar FAS útskrifaðir öðru sinni frá með fulltingi ME í maí 1993.

Brautskráðir 1993

1993.JPG

Aftari röð frá vinstri: Íris Dröfn Magnúsdóttir, Zophonías Torfason skólameistari, Kristinn Heiðar Fjölunisson, Hilmir Steinþórsson.

Fremri röð frá vinstri: Halldór Björgvin Ívarsson, Gíslína Ólafsdóttir.

FAS í Eystahorni 1992 - 1993

Kvöldnámskeið

29. tbl. 10 árg. 27 ágúst.

Boðið uppá kvöldnámskeið fyrir almenning sem öll koma starfandi fólki í atvinnulífinu að góðu gangi. Námskeiðin eru fjögur og fjalla um eftirtalin efni:

1. Stjórnun og stefnumótun fyrirtækja.
2. Markaðsfræði.
3. Gæðastjórnun.
4. Lestur og túlkun ársreikninga.

Nýtt skólaár

29. tbl. 10. árg. 27. ágúst.

Hundrað nemendur eru skráðir í dagskóla FAS og auk þess er boðið upp á öflugt námskeiðahald á kvöldin. Öldungadeild FAS verður í algeru lágmarki í vetur vegna aðhaldsaðgerða og kennsla verður fyrst og fremst á sjúkraliðabraut.

Busavísla

35. tbl. 10. árg. 8. október.

Köngulóafótbolti, hrákakeppni og reiptog í þrjár áttir voru meðal keppnisgreina á "fáránleikunum" sem haldnir voru í upphafi busavíslu FAS. Þar var keppt um fáránleikabikarinn og að sjálfsgöðu hlutu eldri nemendur hann, enda var stigagjöfinni breytt eftir hentugleikum þeirra. Busavíslan fór síðan fram úti undir berum himni um kvöldið.

Kvöldnámskeið í Framhaldsskólanum

2. tbl. 11. árg. 14 janúar.

Tvö námskeið í framhaldsskólanum sem eru tengd viðskiptum og fyrirtækjarekstri. Fyrri námskeiðið ber yfirskriftina Stjórnun og stefnumótun fyrirtækja og þar verður m.a rakin söguleg þróun stjórnunar, mismunandi stjórnunarform, stjórnunarstílar og fjallað um hlutverk stjórnanda innan fyrirtækisins og markmið stjórnunar. Síðara námskeiðið er Lestur og túlkun ársreikninga og hefst það í mars eða þegar hinu fyrra verður lokið. Það námskeið á að gagnast vel öllum þeim sem fást við rekstur fyrirtækja, þá sem eiga hlutabréf í fyrirtækjum eða hyggjast fjárfesta í slíku. Einnig er það mjög gagnlegt þeim sem sitja í stjórnun og nefndum fyrirtækja eða stofnana.

FAS sigraði

5. tbl. 11. árg. 4 febrúar.

Þeir stóðu sig með þrýði drengirnir sem kepptu fyrir FAS í spurningakeppni skólanemenda síðast liðinn þriðjudag. Þetta voru þeir Guðmundur Gunnarsson, Gissur Jónsson og Kristinn Fjölнисson. Þeir sigruðu Bændaskólann á Hvanneyri með 19 stigum gegn 9 og halda því áfram í keppninni. Þeir keppa á móti MA (sigurvegurunum frá því í fyrra) í annarri umferð og fer sú keppni fram þann 19. febrúar.

Guðný hlaut Þýskalandsferð

10. tbl. 11. árg. 11 mars.

Guðný Þorsteinsdóttir á Höfn, nemandi í FAS hefur verið boðið í fjögurra vikna ferð til Þýskalands í júlí í sumar vegna glæsilegs árangurs í þýskuprófi sem hún tók í vetur. Alls tóku prófið 154 framhaldsskólanemar á öllu landinu og var Guðný með næst bestu einkunnina. Hún er því önnur tveggja nemenda sem hljóta ferð til Þýskalands og dvöl þar í 4 vikur. Keppnir sem þessar hafa verið haldnar oft áður en þetta er í fyrsta skiptið sem FAS keppir.

Úr ýmsum áttum

10. tbl. 11. árg. 11 mars.

Framhaldsskólinn sigraði Sindra með eins stigs mun í körfubolta síðast liðið mánudagskvöld. Þar með halda FAS - menn hárinu en þeir höfðu allir heitið því að snoða sig er úrslit yrðu þeim í óhag.

Ólympíuleikar á Hornafirði

11. tbl. 11. árg. 18 mars.

Stórviðburður á sér stað í íþróttahúsinu föstudaginn 19. mars þar fara fram Ólympíuleikar Austurlands. Þar leiða saman hesta sína fjórir framhaldsskólar á Austurlandi. Það eru ME, FAS, Alþýðuskólinn á Eiðum og Verkmenntaskóli Austurlands á Neskaupstað. Reiknað er með að keppendur verði um 150 talsins og áhorfendur í takt við það. Mótið hefst klukkan 15:00 og stendur fram eftir kvöldi og þá halda framhaldsskólanemar á kvöldvöku í Sindrabæ þar sem keppt verður í karoke milli skólanna og flutt ýmis skemmtiatriði.

Ólympíuleikar Austurlands

13. tbl. 11. árg. 1. apríl.

Ólympíuleikar Austurlands voru háðir hér í Hornafirði helgi eina fyrir eigi allöngu og segja hér lítið eitt af þeim. Nemendur fjögurra skóla mættust á leikum þessum: ME, FAS, Verkmenntaskóli Austurlands og Alþýðuskólinn á Eiðum. Samtals 250 - 270 manns. Undirbúningur leikana hafði staðið í þrjár vikur með tilheyrandi fundahöldum og skipulagningu. Úrslit leikanna urðu þessi: Menntaskólinn á Egilsstöðum 80 stig og fyrsta sæti, FAS 62 stig og annað sætið, Verkmenntaskóli Austurlands 57 stig og þriðja sætið og Alþýðuskólinn á Eiðum 35 stig og fjórða sætið.

Meiri fjölbreytni í starfsnám

16. tbl. 11. árg. 29. apríl.

Grein eftir Zophonías Torfason. Umræður um menntun sem snúast í auknum mæli um gildi starfsmenntunar. Vægi bóklegrar menntunar er of mikið í okkar þjóðfélagi og það er á kostnað verkmenntunar. Við FAS hefur verið undirbúið nám sem á að tengjast með beinum hætti bæði skóla og vinnustað. Um er að ræða þrjár námsbrautir. Þær eru: verslunarbraut, fiskverkunarbraut og sjómannabraut. Eins og áður sagði þá verður nám í skóla tengt vinnustað í öllum tilvikum og markmiðið er að viðkomandi nemandi fái innsýn í starfið og fræðist um grundvöll þess jafnhliða.

Vélavarðanám

20. tbl. 11 árg. 27 maí.

Boðið verður upp á vélavarðanám (1 stig vélstjórnarnáms) næsta haust við skólann ef næg þátttaka fæst. Námið tekur aðeins eina önn, tímabilið september - desember. Skráning er hafin og þurfa umsóknir að berast skólanum fyrir 20. júní næst komandi. Allar nánari upplýsingar er gefnar á skrifstofu skólans í síma 81870.

Skólaslit Framhaldsskólans

20. tbl. 11 árg. 27 maí.

Fimm stúdentar útskrifuðust frá Framhaldsskólanum að þessu sinni: Þeir eru: Gíslína Vilhjálmisdóttir hagfræði- og viðskiptabraut, Halldór Björgvin Ívarsson félagsfræðibraut, Hilmir Steinþórsson af félagsfræðibraut, Íris Dröfn Magnúsdóttir af málabraut og Kristinn Heiðar Sigurðsson af íþróttabraut. Þetta var síðasta útskrifarræða skólameistarns Zophoníasar Torfasonar en hann hefur sagt starfi sínu lausu.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur.

Starfsfólk 1992 - 1993

Elías Davíðsson: Tónlistarnámskeið á vorönn.

Erla Oddsdóttir: Matráðskona.

Eyjólfur Guðmundsson: Námsráðgjöf, samfélagsgreinar og jarðfræði.

Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.

Helga Erlendsdóttir: Myndlistarnámskeið á vorönn. Leikmyndamálun.

Helgi Heiðar Georgsson fjármálastjóri: Heimavistarumsjón og félagsmál nemenda.

Hólmfríður Leifsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Hreinn Eiríksson: Grunnteikning.

Ólafur Gunnlaugsson: Húsvörður.

Óskar Sveinn Þorsteinsson: Viðskiptagreinar, danska og stærðfræði.

Páll Rafnsson: Íþróttir og samfélagsgreinar. Félagsmál nemenda.

Rafn Rafnsson: Myndbandanámskeið á vorönn.

Reynir Gunnlaugsson: Þýska, danska og enska.

Róbert Hugo Blanco: Enska og spænska.

Rúnar Hreinsson: Myndbandanámskeið á vorönn.

Sigrún Ragnarsdóttir: Íslenska, tjáning, saga og leiklist. Leikstjórn.

Sigurbjörg Kristmundsdóttir: Heilbrigðisfræði sjúkraliða.

Sigurður Jónsson: Raungreinar og stærðfræði.

Steinþór Hafsteinsson: Verklegur hluti ökunáms á vorönn.

Valgerður Gunnarsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Zophonías Torfason skólameistari: Íslenska.

Sigfús Már Þorsteinsson

sigfus_mar_thorsteins1

Sigfús Már Þorsteinsson var í FAS á árunum 1991-1994. Félagslífið þegar Sigfús Már Þorsteinsson byrjaði var ágætt. Þó var hann ekki busaður eins og gert er við hvert íslenskt mannsbarn sem hefur gengið í gegnum framhaldskóla í dag. Á öðru árinu hans var hann í nemendaráði og var gjaldkeri nemendafélagsins.

Nemendaráð skólans var mjög virkt. Til þess að komast í nemendaráð þurfti að halda framboðsræður og hvers vegna fólk ætti að kjósa mann. Og voru stundum alveg hörku barátta milli fólks. Í skólanum voru haldnir dansleikir/partí einu sinni í mánuði og þurfti hver braut fyrir sig að hafa umsjón yfir þessum samkundum. t.d. vélstjórnarbraut í september og náttúrufræðibraut í október. Þó var oftast haldið partí en böll, en það kom þó einstöku sinnum fyrir að hljómsveitin Loðnir leggir stigu á stökk. Þetta var einnig sett svona fram þegar farið var upp í Lón og þurftu þá hver braut fyrir sig að vera í gæslu og urðu þá að vera edrú allan tímann. Svo voru "sumir" sem héldu uppi stuðinu. Ef eitthvað var skemmt þurfti viðkomandi manneskja að laga það aftur.

Eftirminnilegasta busunin var þannig að böðlarnir voru klæddir hermannabúningi. Þeir réðust inn í tíma og létu busana drekka lýsi og skyr, var þeim síðan hrúgað á vörubíl sem rúntaði með þá um bæinn. Einhverju sulli var hellt í fiskikerin góðu, sem eru notuð til busunar enn í dag, og busarnir voru látnir kafa/hoppa/sulla í þeim.

Aðal samkomustaðir þessara tíma voru Sjallinn, Mánagarður, skólinn var oft fenginn og svo var það

heimavistin. Mörgum var skemmt í heimavistinni. Þetta var einn helsti samkomustaðurinn og sagði Fúsi að Zophonías sem þá var skólameistari hafi oftast en ekki orðið þreyttur á þeim.

Í skólanum voru haldnar opnar vikur eins og er gert núna. Þetta voru öflugar opnar vikur. Útvarpið stóð fyrir sínu og var það frá 8 á morgnana og þangað til síðasta manneskjan fór heim og var það um eitt- eða tvöleytið á nóttunni.

Skemmtilegasta samkoman var þó austfirsku ólympíuleikarnir. Þeir fóru fram á Egilsstöðum. FAS, ME, VMA, Eiðar og Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað tóku þátt á þessum leikum. Það var keppt í mörgum greinum og má þar nefna fótbolta, handbolta, körfubolta og botcia. Já, þetta var einn besti tími skólans og var fólki mikið skemmt í rútunni milli staða.

Árin í FAS er einn besti tími sem Sigfús hefur átt. „Ógeðslega skemmtilegt" eins og hann orðaði þetta.

Hann vinnur í dag hjá Galdri við upplýsingamiðlun, m.a. í útgáfu á Eystrahorni, bæjarblaði okkar Hornfirðinga og vinnur í alls kyns hönnun á kynningarverkefnum, bæklingum og auglýsingum.

Það eina sem hann sér eftir frá þessum tíma er að hafa ekki klárað stúdentsprófið.

Unnið í nóvember 2007 af Elíasi Tjörva Halldórssyni,
Jóni Frey Axelssyni og Sólveigu Moravek Jóhannsdóttur.

Ásdís Erla Ólafsdóttir
asdiserla_t.jpg

Ásdís Erla byrjaði í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu árið 1991 og þótti henni frábært að vera í skólanum. Ásdís var á sjúkraliðabraut og útskrifaðist árið 1993 sem sjúkraliði. Henni þótti mjög skemmtilegt að vera í FAS en stundaði þó ekki mikið félagslífið þar sem hún var komin með lítið barn. Þó hún muni ekki mikið eftir félagslífinu man hún þó eftir að hafa farið á einhver böll.

Ásdís sat aldrei í nemendaráði einfaldlega vegna þess að hún hafði ekki tíma til þess, en hún hefði ekkert haft á móti því ef hún hefði haft tíma til þess. Ásdís lærði margt í FAS sem hefur gagnast henni í lífinu og auðvitað gagnaðist það henni að læra sjúkraliðann.

Þegar Ásdís hugsar til baka til skólaáranna sinna í FAS minnst hún þeirra sem skemmtilegra og notalegra ára í góðum skóla, með góðum kennurum og skemmtilegu fólki.

Í dag er Ásdís umsjónarmaður Lyfju og nýtur lífsins í faðmi fjölskyldunnar.

Unnið í nóvember 2006 af Kristjönu Örnú Oddsdóttur,
Ólafi Eini Birgissyni og Steinunni Ósk Jónsdóttur.

Skólaárið 1993 - 1994

Vélaverðir í námsferði í Vélaskóla Íslands haustið 1993. Nemendur voru 116 talsins við upphaf haustannar.

Nýr íþróttasalur var tekinn í notkun við Mánagarð. Fram að því hafði mestöll íþróttakennsla farið fram í íþróttahúsinu á Höfn.

Vélstjórnarbraut var starfandi á haustönn og luku 13 námi í desember.

6 nemendur luku námi af sjúkraliðabraut í desember. Fleiri luku síðar.

Ferð á Njáluslóðir og í Skógaskóla í lok október.

Nemendur gera nú orðið langtímaáætlanir um nám sitt til að auðvelda skólanum kennsluskipulag og stuðla þar með að meiri reglu í námsframboði.

Búin til stundatafla yfir aðgang að einu tölvunni sem er á kennarastofu FAS við mikinn fögnuð kennara.

Mikil flóð urðu í janúar í kennslustofum FAS í kjallaranum undir mötuneytinu. Miklar leysingar urðu og frárennsli höfðu stíflast.

Könnun var gerð fyrir KASK um viðhorf íbúa á félagssvæðinu til félagsins. Unnin af nemendum og kennurum FAS á vorönn.

Ferð á Ólympíuleika Austurlands sem voru á Egilsstöðum 18. - 20. mars þetta árið.

Unnið var að tillögum um framtíð framhaldsnáms á Austurlandi allt þetta skólaár. Einnig er unnið innan héraðs að mótun tillagna um framtíðarstað fyrir skólann og uppbyggingu hans.

Ari Jónsson lét af formennsku í skólanefnd undir lok skólaársins. Við tók Stefán Ólafsson.

Undirbúningur að kennslu á fiskverkunarbraut og fleiri stuttum (70 ein.) námsbrautum var í gangi í samvinnu við fyrirtæki á Höfn og Verkalýðsfélagið Jökul.

Stúdentar voru 8 og útskrifaðir með tilstyrk ME 20. maí 1994.

Brautskráðir 1994

1994.JPG

Aftari röð frá vinstri: Nanna Dóra Ragnarsdóttir, Guðmundur Heiðar Gunnarsson, Áslaug Skeggjadóttir, Pálmar Hreinsson, Guðrún Bára Gunnarsdóttir.

Fremri röð frá vinstri: Helga Hrönn Þorbergsdóttir, Guðlaug Erla Halldórsdóttir, Eva Ósk Eiríksdóttir. Einnig útskrifaðist Íris Gísladóttir af sjúkraliðabraut.

Þann 17. desember 1993 útskrifuðust 20 nemendur af starfsbrautum. Af fyrsta stigi vélstjórnar útskrifuðust: Björn Hallur Gunnarsson, Davíð Sveinsson, Einar Sigurjónsson, Gísli Sigurjón Ómarsson, Grétar S. Sigursteinsson, Haukur Heiðar Hauksson, Heimir Sigurður Haraldsson, Reynir Þórðarson, Sigfús Már Þorsteinsson, Sigurður Gunnar Jónsson, Steinþór Teitur Benediktsson, Þorleifur Haraldsson og Ögmundur Einarsson, Ingólfur Hólmur Baldvinsson útskrifaðist af viðskiptabraut og af sjúkraliðabraut útskrifuðust: Ásdís Erla Ólafsdóttir, Björg Svavarsdóttir, Ingibjörg Sigjónsdóttir, Ólöf

Gísladóttir, Ragna Pétursdóttir og Svandís Erla Gunnarsdóttir.

FAS í Eystahorni 1993 - 1994

Skólabjallan hringir

30. tbl. 11. árg. 2 september.

Nýtt skólaár er að hefja göngu sína. Framhaldsskólinn verður settur á morgun, föstudag. Þar hefja 110 manns nám og hafa aldrei verið fleiri í sögu skólans. Heimavistin er fullsetin. Kennt verður á vélstjórnar- sjúkraliða- og bóknámsbrautum. 15 kennarar eru við skólann í misjafnlega mikilli kennslu.

Árlegur fundur framhaldsskólakennara á Austurlandi er í dag á Breiðdalsvík. Þar eru línur lagðar um samstarf kennara og nemenda í skólum Austurlands en það hefur farið vaxandi á síðustu árum og gefist vel.

Fréttir úr Framhaldsskólanum

44. tbl. 11. árg. 9. desember.

Fréttatilkynning um fyrirhuguð íslenskunámskeið fyrir nýbúa. Einnig sagt frá því að innritun fyrir vorönn standi yfir og fjölbreytt nám sé í boði.

„Si vis amari, ama“

44. tbl. 11. árg. 9. desember.

Viðtal við Annette de Vink kennara í FAS en hún mun kenna latínu á vorönn í kvöldskóla.

Útskrift úr FAS

2. tbl. 12. árg. 13. janúar.

Þann 17. desember síðast liðinn brautskráðust 23 nemendur frá FAS við hátíðlega athöfn. Þeir uppskárú prófskirteini og viðurkenningar í ýmsu formi sem þeir höfðu sáð til með dugnaði, iðni og ástundun á umliðnum misserum.

Það var glímt við þrautirnar

9 tbl. 12. árg. 3 mars.

Á fimmtudagskvöld lauk í félagsmiðstöðinni Þrykkjunni, Þrykkjuþrautum 94. Þeir sem öttu kappi í þessum þrautum voru lið frá FAS, Hafnarskóla og Heppuskóla. Þrautirnar stóðu yfir í þrjú kvöld í og kepptu allir við alla. Lið FAS stóð uppi sem sigurvegari. Svara þurfti hraðaspurningum, finna leynigest, skjóta pílu og billjardkúlu, þekkja lag, reima körfuboltaskó og þekkja gosdrykk með því að bragða á þeim.

Skipstjóranám 1 stig

16. tbl. 12. árg. 28. apríl.

Fyrirhugað er að kenna til 1. stigs skipstjórnarprófs næsta vetur við skólann. Námið veitir skipstjórnarréttindi á 200 rúmlesta skip og minni í innanlandssiglingum. Námið hefst í byrjun september og lýkur í maí.

Skólaslit

18. tbl. 12. árg. 12. maí.

Skólanum verður slitið föstudaginn 20. maí n.k og hefst athöfnin kl 14:00 í Mánagarði.

Útskrift úr FAS

20. tbl. 12. árg. 29. maí.

Átta stúdentar voru útskrifaðir frá FAS síðast liðinn föstudag með fulltingi Menntaskólans á Egilsstöðum. Allir voru leystir út með gjöfum og viðurkenningum frá ýmsum aðilum hér heima og Guðlaug Erla Halldórsdóttir fékk bók með skáldmælum Einars Benediktssonar frá Bókaútgáfu Máls og menningar fyrir góðan árangur í íslensku. Helga Hrönn Þorbergsdóttir flutti kveðjuorð til starfsfólks skólans fyrir hönd útskriftarnemenda.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur.

Starfsfólk 1993 - 1994

Annette Jacquelin De Vink: Danska og latína.

Áspór Guðmundsson: Húsvörður.

Baldur Kristjánsson: Siðfræði.

Brynhildur Björnsdóttir: Myndlist.

Erla Oddsdóttir: Matráðskona.

Eyjólfur Guðmundsson: Námsráðgjöf, samfélagsgreinar og raungreinar.

Guðbrandur Jóhannsson: Skyndihjálp.

Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði.

Helgi Heiðar Georgsson fjármálastjóri: Stærðfræði og tölvufræði, Heimavistarumsjón.

Hólmfríður Leifsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti. Ræstingar.

Ólafur Eiríksson: Vélstjórnargreinar, rafmagnsfræði og eðlisfræði.

Óskar Sveinn Þorsteinsson: Viðskiptagreinar og stærðfræði.

Páll Rafnsson: Íþróttir, samfélagsgreinar og franska.

Reynir Gunnlaugsson: Þýska og enska. Umsjón með spænskunámi.

Róbert Hugo Blanco: Spænska (fjarkennsla).

Sigrún Ragnarsdóttir: Íslenska, tjáning, saga og leiklist.

Sigurður Björnsson: Bókasafnsumsjón.

Sigurður Jónsson: Raungreinar og stærðfræði.

Valgerður Gunnarsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Vigfús Geirdal: Íslenska og enska.

Vilborg Gunnlaugsdóttir: Ræstingar.

Zophonías Torfason skólameistari: Íslenska.

Þóra Guðrún Ingimarsdóttir. Hjúkrunarfræði

Lars Jóhann Andrésson

Larsjohann1.jpg

Lars Jóhann Andrésson, fyrrverandi námsmaður í FAS. Hann útskrifaðist ekki úr skólanum vegna þess að hann stofnaði fjölskyldu í stað þess að halda áfram í skóla. Honum fannst mjög skemmtilegt í FAS þótt að skólinn hafi verið ansi langt í burtu en hann var inni í Nesjum á þeim tíma. Það voru góðir kennarar í skólanum en ekkert félagslíf. Samt man hann eftir því þegar nemendurnir voru busaðir í gamla daga. Þá var farið upp í Bergárdal, öllum komið fyrir í búr og þetta var virkilega ógeðslegt. Allt í drullu og svoléiðis en það þótti þeim samt virkilega gaman. Það er svolítið öðruvísi en í dag. Hann hefur tekið eftir miklum breytingum núna í skólanum í sambandi við húsnaðið og félagslífið. Skólinn er alltaf að bæta sig.

Núna er Lars kominn með tvo stráka, tvíbura og er starfandi í Sundlaug Hafnar. Svo er hann að fara að opna gamla góða Pylsubarinn að nýju.

Unnið í nóvember 2006 af Kristjáni Helga Hjartarsyni,
Margréti Vignisdóttur og Rakel Ósk Sigurðardóttur.

Nanna Dóra Ragnarsdóttir

nannadora_t.jpg

Nanna Dóra kaus að velja FAS því skólinn var í heimabyggð og var hún í skólanum 1990-1994. Henni líkaði mjög vel við skólann.

Aðstaðan var ágæt á þessum tíma en kjallarinn átti það til að leka. Tölvustofa var í skólanum þar sem allar tölvur voru nettengdar og þótti það gott á þeim tíma.

Talsvert var að læra eins og búast má við. Uppáhalds námsgreinar Nönnu Dóru voru efnafræði og jarðfræði. Þessi ár sem hún stundaði nám við FAS var ekkert eitt atvik minnisstæðara en annað.

Eitthvað var um félagslíf í skólanum en Nanna Dóra tók ekki mikinn þátt í því. Þó voru alltaf árvissir viðburðir eins og t.d. busavígsla og árshátíð sem Nanna Dóra sótti.

Kennararnir voru ágætisfólk, Sigurður Jónsson kenndi henni mest. Eins og allir nýnemar hafa kynnst lenti Nanna Dóra í því að verða busuð. Þá áttu allir að mæta í gömlum fötum. Eldri nemar gáfu busum eina skeið af lýsi. Þeir sem ekki vildu lýsið máttu eiga von á lýsigusu yfir sig í staðinn. Busavígslan endaði síðan á því að öllum var dýft ofan í kar með köldu vatni. Þessu næst var busunum safnað upp á vörubíl og þeir fluttir til síns heima.

Nanna Dóra útskrifaðist frá FAS árið 1994 með stúdentspróf. Eftir það fór hún í búfræði við Bændaskólann á Hvanneyri. Árið 1998 skráði Nanna Dóra sig til náms við Kennaraháskólann í fjarnám og lauk þaðan grunnskólakennaraprófi árið 2002.

Unnið í nóvember 2006 af Benedikt Óttari Snæbjörnssyni,
Einar Birni Halldórssyni og Guðrúnu Sigurðardóttur.

Skólaárið 1994 - 1995

1994-1995_1.jpg

Fegurðardrottning Austurlands og Gettu betur lið FAS. Niðurstaða í mótun framtíðar í framhaldsskólumálum á Austurlandi varð sú að hér skyldu starfa þrjú sjálfstæðir framhaldsskólar og FAS yrði einn þeirra. Samningur um FAS milli ríkis og sveitarfélaga var kynntur í lok skólaársins.

Eftir sameiningu sveitarfélaga í Hornafirði sl. sumar hefur skapast breytt staða varðandi það bakland sem FAS sækir styrk sinn til hér á heimavígstöðvum. Það ætti að auðvelda og einfalda ýmsa hluti í framkvæmd hér heima, eins og síðar kom á daginn.

Kennsla hófst á haustönn á Djúpavogi í ensku og tölvufræði undir umsjá FAS. Kennarar á staðnum annast kennsluna.

Þær raddir urðu nú greinilegri sem vildu sjá framtíðaruppbyggingu FAS á Höfn.

Umræða varð innan skólans og í skólanefnd um nýtt frumvarp til laga um framhaldsskóla. Einnig var rætt um hugmyndir að samræmdum prófum í framhaldsskólum sem settar voru fram af stjórnvöldum á þessu skólaári og var fremur vel tekið í þær. Boðað var til sérstakra funda um málið,

m.a. á Egilsstöðum. Svoleiðis var það nú...!

Leikrit var sett saman úr nokkrum ævintýrasögum, „Úti er ævintýri“, og sett upp á haustönn ásamt Nesjaskólanemendum. Leikstjóri var Magnús J. Magnússon

Verkfall framhaldsskólakennara hófst 17. febrúar (sama dag og Gettu betur var í íþróttahúsinu á Höfn). Verkfallið stóð til marsloka, eða í tæpar 6 vikur. Kennt var í dymbilvikunni og á laugardögum til vors til að bæta upp tapaða kennsludaga.

Fundargerð skólanefndar segir að í álitni sértilkvaddir nefndar hafi þegar komið fram „að æskilegast sé að skólinn verði staðsettur á Höfn þegar nýtt húsnæði verði tekið í notkun“.

Rætt var um að hefja fjarkennslu næsta skólaár.

Nemendur kallaðir á sal skólans 3. apríl og veittar viðurkenningar. Annars vegar spurningaliðinu í Gettu betur (Arnóri, Gissuri, Hjalta) og hins vegar fegurðardrottningu Austurlands þetta árið, Rósu Júlíu Steinþórsdóttur.

Eldsmiðurinn - internetþjónusta var stofnuð. FAS er aðili að málinu.

Stúdentar FAS útskrifaðir með uppáskrift ME í maí 1995.

Brautskráðir 1995

1995. JPG

Aftari röð frá vinstri: Guðný Þorsteinsdóttir, Sif Guðmundsdóttir, Zophonías Torfason skólameistari, Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir, Svava Björk Þorláksdóttir. Fremri röð frá vinstri: Gylfi Sigurðsson, Skúli Freyr Brynjólfsson, Arnór Fjöl意思son.

FAS í Eystahorni 1994 - 1995

Viðhorfskönnun FAS til verslunarháttá KASK

27. tbl. 12. árg. 18. ágúst.

Þrjú kennarar ásamt nemendum sínum í FAS unnu að viðhorfskönnun fyrir Kaupfélag Austur-Skaftfellinga til verslunarháttá dagvöruverslana félagsins frá Fagurhólsmýri til Djúpavogs.

FAS opnar útibú

31. tbl. 12 árg. 15. september.

Nú er verið að setja á stofn öldungadeild í grunnskólanum á Djúpavogi, í tengslum við FAS. Kennt verður á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum og kennslugreinar eru tvær, tölvufræði og enska. Þrjátíu manns hafa skráð sig til þátttöku á haustönn og hefst námið í næstu viku. Og er þetta í fyrsta sinn sem þar er boðið uppá námskeið sem metin eru til eininga í framhaldsskólum.

Efst í mínum huga er:

37. tbl. 12. árg. 27. október.

Skúli Freyr Brynjólfsson skrifar um skólamál og FAS.

Getur FAS betur?

5. tbl. 13. árg. 9. febrúar.

Sagt frá spurningakeppninni Gettu betur og að FAS muni keppa í sjónvarpinu við Fjölbrautarskólann við Ármúla þann 17. febrúar.

Gettu betur í Hornafirði

6. tbl. 13. árg. 16. febrúar.

Spurningakeppni framhaldsskólanna þar sem FAS mætir FÁ fer fram í Íþróttahúsinu á Höfn.

Sætur sigur hjá FAS

7. tbl. 13. árg. 23. febrúar.

FAS sigraði FÁ með einu stigi í spurningaþætti framhaldsskólanna. FAS hefur því tryggt sér sæti í þriðju og síðustu umferðinni. Liðið var skipað þeim Arnóri Fjölnessyni á Hala, Gissuri Jónssyni á Árbæ og Hjalta Þór Vignissyni á Hólabrekku.

„Snýst um byggingu nýs skólahúss“

10. tbl. 13. árg. 16. mars.

Rætt við Zophonías Torfason um væntanlega fund allra skólameistara á Austurlandi sem haldinn verður á Stöðvarfirði. Þar verða til umræðu nýir samningar við menntamálaráðuneytið um framtíðar rekstrarform skólanna.

Sumir lærðu, aðrir ekki

13. tbl. 13. árg. 6. apríl.

Skólahald í FAS komið á fullt skrið eftir verkfall kennara og hafa fáir nemendur hætt vegna verkfallsins. Sumir nemendur notuðu verkfallið til náms og skiluðu ritgerðum sem átti að skila eftir að skólinn byrjaði aftur.

Samið um FAS

16. tbl. 13. árg. 4. maí.

Sveitarfélögin í Austur-Skaftafellssýslu hafa gert með sér samning um framhaldsskóla í sýslunni og hefur hann verið staðfestur af menntamálaráðuneytinu. Framkvæmdavald skólans mun því flytjast heim í hérað og munu sveitarfélögin í sýslunni starfa sameiginlega að stjórnun og framkvæmdum við FAS. Framkvæmdageta verður þó áfram háð fjárveitingavaldinu.

Þrykkjuþrautir

17. tbl. 13. árg. 11. maí.

Þrykkjuþrautir, spurningakeppni milli skólanna á Hornafirði fór fram í annað sinn. FAS fór með sigur og í liðinu voru Ágústa Arnardóttir, Björgvin Erlendsson og Gissur Jónsson.

Sjö stúdentar brautskráðir frá FAS

20. tbl. 13. árg. 31. maí.


Arnór Fjölness og Gylfi Sigurðsson útskrifuðust af íþróttabraut, Sif Guðmundsdóttir af náttúrufræðibraut, Guðný Þorsteinsdóttir af málabraut, Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir og Svava Björk Þorlákssdóttir af félagsfræðibraut og Skúli Freyr Brynjólfsson af hagfræðibraut.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur.

Starfsfólk 1994 - 1995

Björn Jóhannsson: Raungreinar og stærðfræði.
Brynhildur Björnsdóttir: Myndlist.
Elín Oddleifsdóttir: Raungreinar (forfallakennsla).
Erla G. Einarsdóttir: Fjármálastjóri.
Erla Oddsdóttir: Matráðskona.
Eyjólfur Guðmundsson: Námsráðgjöf. Samfélagsgreinar og jarðfræði.
Garðar Björgvinsson: Tölvufræði (öldungadeild á Djúpavogi).
Guðbrandur Jóhannsson: Stærðfræði og skyndihjálp.
Guðleif Jóna Kristjánsdóttir: Efnafræði (forfallakennsla).
Guðný Svavarsdóttir: Bókasafn (á vorönn).
Guðrún Ingólfssdóttir: Íþróttir (á vorönn).
Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.
Helgi Heiðar Georgsson: Bókfærsla og tölvufræði. Heimavistarumsjón.
Hólmfríður Leifsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti. Ræstingar.
Ingvar Þórðarson: Félagsstarf nemenda.
Jóhann A. Guðmundsson: Húsvörður.
Jón Guðmundsson: Stærðfræði.
Kristjana Einarsdóttir: Heilbrigðisfræði.
Óskar J. Sandholt: Enska (öldungadeild á Djúpavogi).
Páll Rafnsson: Íþróttir, sálfræði og franska (á haustönn).
Pálmar Hreinsson: Stærðfræði.
Reynir Gunnlaugsson: Þýska, danska, enska og saga.
Sigrún Ragnarsdóttir: Íslenska, tjáning og saga.
Valgerður Gunnarsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.
Vilborg Gunnlaugsdóttir: Ræstingar.
Zophonías Torfason skólameistari: Íslenska.
Pórunn P. Sleight: Enska, franska og þýska.

Hjalti Þór Vignisson



Hjalti er fæddur á Höfn 24. janúar 1978. Hjalti flutti oft á uppeldisárum sínum og bjó meðal annars í Nesjahverfi, Höfn, Snæfellsnesi og endaði á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu. Hann bjó þar þangað til hann fór í framhaldsskóla.

Hann var fyrsta árið sitt í framhaldsskóla í FAS, skólaárið 1994 - 1995. Hann telur að nemendur hafi verið 100 talsins, svipað og er í dagskóla við skólann í dag. Hann sagði félagslífið hafa verið gott á þeim tíma sem hann stundaði nám við FAS, en gat þó lítið tekið þátt í því vegna mikilla anna í íþróttum. Honum fannst skólinn góður á þeim tíma sem hann var í skólanum, og kennarar góðir og það besta var að það var mjög góður félagskapur í skólanum.

Þegar hann hugsar til baka til unglingsáranna segir hann að honum finnst þessi ár hafa verið eins og hann sagði „geggjuð“ og mjög gaman að vera til.

Eftir fyrsta árið í FAS hélt hann til Reykjavíkur og hóf nám við Fjölbautaskólann í Ármúla og útskrifaðist þaðan tveimur og hálfur ári seinna af náttúrufræðibraut og félagsfræðibraut. Hann hóf nám við Háskóla Íslands í lífefnafræði, en fann sig ekki í því fagi, hætti og vann í einn vetur. Þá hóf

hann nám í stjórnmálafræði, og lauk þaðan BA prófi á þremur árum og MA prófi á tveimur árum.

Eftir að hann útskrifast fékk hann vinnu sem var í samræmi við menntun hans, hjá Sveitarfélaginu Hornafirði og í dag starfar Hjalti sem bæjarstjóri Hornafjarðar. Fyrir utan vinnuna eru hans helstu áhugamál: Íþróttir, stjórnmál, útivist, bókmenntir og tónlist.

Hjalta líst mjög vel á skólann í dag, kennarar góðir og félagslífið mjög sterkt og er mjög ánægður með allt sem tengist skólamálum FAS nú í dag sem og áður.

Unnið í nóvember 2007 af Andra Má Ágústssyni, Bryndísi Rós Sigurjónsdóttur,

Óla Kristjáni Benediktssyni og Selmu Lind Jónsdóttur.

Elmar Torfason

e1mar1.jpg

Elmar Torfason útskrifaðist frá Heppuskóla árið 1993 og hélt síðan á vit ævintýranna til Bandaríkjanna sem skiptinemi í eitt ár. Eftir nám sitt í Bandaríkjunum ákvað hann að hefja nám við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu enda fæddur hér og uppalinn.

Hann var vígður inn í skólann eins og flest allir fasistar með hinni hefðbundnu busavígslu eins og hér fer fram.

Elmari fannst námið ekkert sérstaklega erfitt en hann var á almennri braut. Elmar segist ekki hafa verið fyrirmyndarnemandi en samt sem áður alls ekki sá versti. Eyjólfur skólameistari hefur náð að heilla hjörtu flest allra nemanda sinna sem hér við skóla hafa verið og þar á meðal Elmars, stóð hann því fremstur í flokki sem upphaldskennari Elmars.

Félagslífið var með svipuðum hætti og það er núna í dag. Elmari er minnisstæðast þegar að nemendur skólans fóru saman í menningarferð til Reykjavíkur en sú ferð endaði víst ekki allt of vel og fáum við ekkert meir um það að vita.

Elmar hélt síðan til Akureyrar í Verkmenntaskólann til að læra rafeindavirkjun. Þaðan hélt hann í stórborgina og hélt námi sínu áfram í Iðnskóla Reykjavíkur og kláraði námið þar.

Í dag býr hann í Reykjavík ásamt konu sinni Stefanie Rauscheder og starfar hjá Símanum.

Unnið í nóvember 2006 af Atla Frey Scheving,

Sigurbjörgu Söru Benediktsdóttur og Þórhildi Rán Torfadóttur

Skólaárið 1995-1996

1995-1996_1.jpg

Útskrift vélavarða og eins sjúkraliða í desember 1995. Vélstjórnarbraut 1. stig (vélavarðanám) var í gangi á haustönn og voru 16 nemendur sem luku prófum í desember. Farið var í námsferð í Vélskóla Íslands í lok október og notið aðstoðar kennara Vélskólans á námskeiðum. Einnig farið á námskeið í

Slysavarnaskóla sjómanna í Sæbjörginni.

Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu tók við umsjón og daglegum rekstri Bókasafnsins í Nesjum sem FAS, Nesjahreppur og Nesjaskóli höfðu staðið saman að um árabil. FAS greiddi ákveðna upphæð fyrir þjónustuna. Náin samvinna hafði verið við Sýslusafnið um safnamál, safnavinnu nemenda og fleira undangengin ár en þetta styrkti samstarfið enn frekar.

Þverpólitísk samstaða hafði myndast í bæjarstjórn Hornafjarðar um byggingu á nýju húsnæði fyrir FAS.

Stefán Ólafsson hætti í skólanefnd og þar með sem formaður hennar í árslok 1995. Nýr formaður var kjörinn Jón Guðmundsson.

Fram komu hugmyndir um að efla fjarnám við skólann.

Leikritið „Óvitar“ var sett á svið með Nesjaskóla á haustönn. Leikstjóri var Magnús J. Magnússon.

Ný framtíðaráætlun fyrir FAS, „Áætlun til aldamóta“, var unnin af skólameistara og kennurum og lögð fram á vorönn 1996.

Unnið var að mati á gengi brautskráðra nemenda skólans og sá Eyjólfur Guðmundsson um þá vinnu.

FAS fékk styrk frá Comeníusaráætlun Evrópusambandsins ásamt 4 öðrum skólum víðs vegar um Evrópu (og þar af einum á Kanaríeyjum) til að vinna að samstarfsverkefni þeirra sem bar yfirskriftina „Líf í sjávarbyggð“.

Enn einu sinni var útskrift stúdenta með tilstyrk frá ME en í bréfi frá menntamálaráðuneytinu frá 20. maí þetta vor kom fram að ráðuneytið hefði endurskoðað þá ákvörðun að FAS sé einungis tveggja ára framhaldsskóli. Gert sé ráð fyrir því að þetta verði í síðasta sinn sem útskrift nýstúdenta skólans verði undir hatti ME.

Zophonías Torfason hætti sem skólameistari í lok skólaársins og Eyjólfur Guðmundsson var ráðinn í hans stað.

Brautskráðir 1996

1996.JPG

Aftari röð frá vinstri: Arna Ásmundardóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Gissur Jónsson, Björn Gíslason.

Fremri röð frá vinstri: Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir, Rósa Júlía Steinþórsdóttir, Anna Björg Kristjánsdóttir, Hrafnhildur Halldórsdóttir.

Auk þess útskrifaðist Sædís Guðný Hilmarsdóttir af uppeldisbraut.

Í desember 1995 útskrifaðist Konný Guðmundsdóttir af sjúkraliðabraut og af fyrsta stigi vélstjórnar útskrifuðust: Björn Jón Ævarsson, Einar Stefán Aðalbjörnsson, Elmar Þór Magnússon, Geir Gjöveraa Alexandersson, Gísli Karl Ágústsson, Jón Þorbjörn Ágústsson, Kristjón Elvar Elvarsson, Magnús Garðar Einarsson, Margeir Aðalsteinn Guðmundsson, Pálmi Pálsson, Rögnvaldur Ómar Reynisson, Snorri Aðalsteinsson, Unnsteinn Guðmundsson, Þorvaldur Hafdal Jónsson, Þorvarður Helgason og Þórólfur

Jóhannsson.

FAS í Eystahorni 1995 - 1996

Þáttur í að bæta lífsskilyrðin á landsbyggðinni

29. tbl. 13. árg. 31. ágúst.

Viðtal við Zophonías Torfason skólameistara um skólastarfið framundan. Rúmlega 100 nemendur eru skráðir í skólann. Einnig ræðir hann nauðsyn þess að skólinn fái nýtt húsnæði.

Framhaldsskóli á Höfn?

39. tbl. 13. árg. 9. nóvember.

Bæjarstjórn Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 2. nóvember síðast liðinn að vinna að því að reist yrði ný bygging fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu á Höfn. Eftir er að fá samþykki hinna þriggja sveitarfélaganna í sýslunni og fáist það verður málið borið upp við alþingismenn og fjárveitingavald á næstu vikum.

Nemendur brautskráðir

1. tbl. 14. árg. 11. janúar.

Sextán vélaverðir og 1 sjúkraliði brautskráðust úr Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu 21. desember síðast liðinn.

FAS sigraði

3. tbl. 14. árg. 25. janúar.

FAS sigraði glæsilega í viðureign sinni við Iðnskólann í Hafnarfirði í spurningaþættinum Gettu betur, lokatölur urðu 22 stig gegn 11. Lið FAS skipa Berglind Guðmundsdóttir Þvottá, Einar Egill Halldórsson Höfn og Gissur Jónsson Árbæ.

Spennan eykst

4. tbl. 14. árg. 1. febrúar.

FAS mætir FÁ í annarri umferð spurningarþáttarins. Flestum er í fersku minni spennandi keppni milli þeirra í fyrirvetur þegar FAS sigraði. Núna er Hjalti Þór Vignisson í liði Ármúlaskóla. „Ég get ekki sagt að þetta séu óska mótherjar, en þetta verður samt gaman og ég hlakka til“.

Skólalok í FAS

19. tbl. 14. árg. 23. maí.

Sunnudaginn 19. maí voru skólaslit FAS. Þar útskrifuðust átta stúdentar. Zophonías Torfason hættir nú sem skólameistari eftir 10 ára starf. Matthildur Ásmundardóttir hlaut verðlaun fyrir góðan námsárangur í íslensku og þýsku. Bergþóra Ragnarsdóttir hlaut verðlaun fyrir góðan árangur í dönsku.

„Ætli ég hafi ekki lært mest“

19. tbl. 14. árg. 23. maí.

Zophonías Torfason fráfarandi skólameistari í viðtali. „Hvurn sjálfan djöfulinn er ég eiginlega búinn að koma mér í?“ hugsaði hann með sér. Hann var nýskriðinn út úr Háskólanum, að vísu með kennararéttindi, en enga reynslu í að kenna, hvað þá í skólastjórn.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari FAS

22. tbl. 14. árg. 13. júní.

Eyjólfur er Vestfirðingur, nánar tiltekið frá Flateyri. Hann er með BA. próf í landafræði frá Háskóla Íslands og uppeldis- og kennslufræði frá sama skóla. Eyjólfur hefur kennt við FAS í sjö vetur eða frá haustinu 1989.

Ávarp nýstúdenta
23. tbl. 14. árg. 20 júní.
Gissur Jónsson Árbæ.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur.

Starfsfólk 1995 - 1996

Alfreð Árnason: Raungreinar og enska.
Einar Torfason: Húsvörður.
Erla G. Einarasdóttir: Fjármálastjóri.
Erla Oddsdóttir: Matráðskona.
Eyjólfur Guðmundsson: Kennslustjórn. Samfélagsgreinar og jarðfræði.
Guðbrandur Jóhannsson: Skyndihjálpar.
Guðbergur Sigurbjörnsson: Heimavistarumsjón.
Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.
Helga Erlendsdóttir: Myndlistarnámskeið.
Hjördís Skírnisdóttir: Heimilisfræði (á haustönn).
Hólmfríður Leifsdóttir: Starfsstúlka í mótuneyti. Ræsting.
Hreinn Eiríksson: Grunnteikning.
Jónína Ólafsdóttir Kárdal: Námsráðgjöf.
Kristinn Heiðar Fjölnisson: Íþróttir og félagsmál.
Margot Gamm: Handmenntanámskeið.
Reynir Gunnlaugsson: Þýska, danska og enska.
Sigrún Ragnarsdóttir: Íslenska, tjáning og saga.
Sigurður Árni Sigurðsson: Samfélagsgreinar og sérkennsla.
Snorri Gunnarsson: Stærðfræði og viðskiptagreinar.
Steinn Ágúst Baldvinsson: Vélstjórnargreinar og rafmagnsfræði.
Steinunn Benediktsdóttir: Saumanámskeið.
Torfi Magnússon: Körfuknattleiksnámskeið.
Zophonías Torfason skólameistari: Íslenska.
Valgerður Gunnarsdóttir: Starfsstúlka í mótuneyti.
Þorgeir Kristjánsson: Grunnteikning (forfallakennsla á vorönn).
Þór Halldórsson: Eðlisfræði.
Þórunn P. Sleight: Enska og franska.

Páll Guðbrandsson
pall_t.jpg

Páll Guðbrandsson eða Palli eins og hann er oftast kallaður sótti nám við skólann árið 1995 - 1997. Hann var á málbraut og útskrifaðist árið 1999. Hann var í FAS í tvö ár og fór svo í Menntaskólann í Kópavogi.

Palli fór í tölvunarfræði eftir framhaldsskólanám en skipti eftir eitt ár yfir í nám í sálfræði við Háskóla

Íslands. Hann útskrifaðist úr háskólanum vorið 2007 með BA gráðu í sálfræði. Hann fór í eitt ár til Danmerkur en það var hluti af náminu.

Palli ákvað að fara í FAS því að það var þægilegra, skólinn var nálægt og allir vinirnir voru að fara þangað. Mörgum fannst óþægilegt að skólinn skyldi vera svona langt frá Höfn en það var mjög heppilegt fyrir Palla því að hann bjó hjá pabba sínum sem bjó þá inni í Nesjaskóla. Palli þurfti ekki einu sinni að fara út úr húsi til að fara í skólann. „Aðstaðan við skólann var allt í lagi nema að það voru hrikalega lélegar tölur með gulum skjá en það hefur örugglega lagast með árunum” segir hann.

FAS var samt góður skóli og honum fannst æðislegt að vera þar. Góður hópur og góðir kennarar. Palli telur að líklega laðist bestu kennararnir sjálfsagt að stóru skólunum í Reykjavík en hann segist hafa verið mjög heppinn með kennara í FAS og þeir hafi fyllilega staðist samanburðinn sem hann fékk þegar hann flutti í Kópavoginn.

Félagslífið í skólanum var mjög skemmtilegt og sat Palli sjálfur í nemendaráði einn vetur.

Busavíslan var mjög tilkomumikil en þó ekkert illa farið með busana. Busarnir voru keyrðir upp í sveit, inn að Lindarbakka og þar voru þeir læstir inni í trébúri. Það var víkingaþema og eldri nemendur klæddir í gæru.

Þegar hann var spurður um minnisstætt atvik, hugsaði hann sig vel um en datt svo eitt í hug. „Það var á mínu öðru ári, þ.e. veturinn 1996 - 1997 en þá hafði menntamálaráðuneytið ákveðið að loka skólanum. Nemendur sættu sig ekki við það og tóku sig til og söfnuðu undirskriftum frá fólki í bænum. Ætlunin var að fara með listann til Björns Bjarnasonar þáverandi menntamálaráðherra en leiðin var ekki eins greið og áætlað var. Hlaup varð í Skeiðará og miklar náttúruhamfarir. Við þurftum að fljúga í bæinn og töluðum við menntamálaráðherrann og afhentum honum undirskriftarlistana. Hætt var við að loka skólanum og mynd var tekin af okkur með ráðherranum og við töldum okkur hafa bjargað skólanum” sagði Palli stoltur.

Í dag vinnur Palli hjá Skólavefnum. Þar er alls kyns námsefni fyrir grunnskóla og framhaldsskóla framleitt. Hann vinnur þar við ýmis störf s.s. ritstjórn, markaðsmál og fleira. Fyrirtækið er í örum vexti, notendur skipta þúsundum og eru allir nemendur hvattir til að kíkja á hann.

Unnið í nóvember 2007 af Amor Joy Magno Pepito,
Sigfinni Björnssyni og Sigríði Ólafsdóttur.

Heiða Björk Halldórsdóttir
heida_bjork1.jpg

Heiða Björk Halldórsdóttir var nemandi við skólann á árunum 1993 - 1997. Hún útskrifaðist með stúdentspróf árið 1997 ásamt 9 öðrum og voru þau fyrstu nemendur sem útskrifuðust undir merkjum FAS. Eftir stúdentspróf fór hún að læra náttúrulandafræði við Háskóla Íslands og hefur hún stundað það nám með hléum. Þar leggur hún áherslu á mótun lands með hliðsjón af loftslagsbreytingum, áhugi hennar á þeim fræðum kviknaði í FAS en hann er sá skóli á landinu sem hefur eitthvert besta aðgengi á landinu að jöklum og umhverfi þeirra.

Þegar Heiða var við skólann þá var félagslífið fjölbreytt og skemmtilegt. Það sem stóð helst upp úr

voru árshátíðir, busavígslur, Ólympíuleikar Austurlands, opin vika, menningarferðir til Reykjavíkur eða bara að hanga í sófanum í "gamla FAS" og spila kana. Andinn í skólanum var allt öðruvísi á meðan hann var inni í Nesjum, þá voru nemendur bara í skólanum allan daginn og voru ekkert að fara heim þó að þeir væru ekki í tíma. Þetta hefur svolítið breyst eftir að skólinn flutti út á Höfn.

Busavígslan var mögnuð lífsreynsla bæði fyrir busana og eldri nemendur, en hún var undir mjög miklum áhrifum frá Íslandi til forna og hún var haldin einhverstaðar langt frá allri siðmenningu. Busum var safnað saman og keyrt út í óvissuna þar sem þeir voru geymdir í búri. Bálkestir og luktir lýstu upp umhverfið, trumbur voru slegnar og rímur kveðnar. Heldri nemar voru klæddir í sauðskinnsgærur af nýslátruðu. Þeir leiddu síðan skíthrædda busa einn af öðrum undir jarðarmen þar sem busarnir sóru þess að eið að vera skóla sínum til sóma og kysstu síðan tær konungs og drottningar heldri nema þessu til staðfestingar. Síðan kneifuðu nemendur saman öl úti fram eftir nóttu.

Nemendaráð var yfirleitt ágætlega virkt á þessum tíma, en það var auðvitað misjafnt hvernig nemendur tóku því sem nemendaráðið var að reyna að gera, enda aldrei hægt að gera alla ánægða. Í svona litlum skóla skiptir öllu máli að nemendur taki þátt í því sem nemendaráð er að reyna að gera. Nemendaráð á ekki að skemmta hinum heldur skapa grundvöll fyrir alla að skemmta sér saman. Sumir nenna aldrei að taka þátt í neinu og gera því ekkert annað en að kvarta yfir því sem er gert.

Árshátíðir voru alltaf haldnar í lok opinnar viku. Í upphafi vikunnar þá skráðu nemendur sig í hópa og þar á meðal var árshátíðarnefnd. Þessi nefnd sá um að skemmta fólki á árshátíð. Skemmtiatriðin voru oftast þannig að lesinn var annáll og rifjuð voru upp einhver ógleymanleg atvik úr skólalífínu. Inn í annálinn komu svo leikin atriði eða söngatriði. Mikið var gert grína að kennurunum að sjálfsgöðu.

Stundum var erfitt fyrir nemendur að fá húsnæði til þess að halda skemmtanir í og svo var aðstaðan í "gamla FAS" ekki alltaf eins og best hefði verið á kosið því skólinn átti ekki mikið af græjum í þá daga en í heildina litið er minningin um félagslífið frábær og það þarf ekki mikið meira en skemmtilegt fólk og góðan anda til þess að félagslífið sé gott.

Unnið í nóvember 2006 af Elíasi Tjörva Halldórssyni, Jóni Frey Axelssyni og Sólveigu Moravek Jóhannsdóttur.

Skólaárið 1996 - 1997

1996-1997_1.jpg

Samstarfsaðilar í Comeníusarverkefni frá Ítalíu, Kanaríeyjum og Thyborön í Danmörku. Fyrsta embættisverk nýs skólameistara um haustið 1996 var að taka á móti fjárlaganefnd Alþingis sem þá var á yfirreið um héraðið. Farið var með nefndina og fylgdarmenn um hús skólans og fengu þeir lýsingu á öflugri starfsemi við slæmar aðstæður. Um miðjan september var svo skólameistari boðaður á fund menntamálaráðherra sem færði honum þau tíðindi að fjárframlög til skólans yrðu skorin niður. Í kjölfarið fór af stað mikil barátta gegn áformum um niðurskurð. Nemendur skólans tóku virkan þátt í þeirri baráttu. Þeir létu útbúa boli með áletruninni „FAS framtíðararfur sýslunnar“. Nemendur fóru einnig til Reykjavíkur á fund ráðherra til að fylgja mótmælum sínum eftir.

Hvort sem það var til að mótmæla niðurskurði eða af öðrum orsökum þá var ákafinn ekki minni í náttúruöflunum en nemendum skólans. Um haustið gaus Gjálp og mikið hlaup kom í Skeiðará og Gígju.

Baráttan gegn niðurskurði skilaði þeim árangri að dregið var verulega úr fyrri áformum og menntamálaráðherra gaf út þá yfirlýsingu í umræðum á Alþingi um málið að hann væri tilbúinn að skoða hvort Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu fengi leyfi til að útskrifa stúdenta. Í bréfi dagsettu 10. janúar 1997 er skólanum veitt heimild til að útskrifa stúdenta sem síðan var gert um vorið í fyrsta skiptið í nafni skólans.

Af öðru markverðu þetta skólaár má nefna að unnið var að Comeníusar-samstarfsverkefni við skóla í Danmörku, á Kanaríeyjum og á Ítalíu undir heitinu „Daglegt líf í sjávarbyggðum“.

Opin vika var í febrúar. Átta hópar voru starfandi, þar á meðal blaðahópur, kvikmyndahópur og sköpunarhópur.

Ræddar hugmyndir um að koma á sjávarútvegsbraut.

Tölvubúnaður skólans var endurnýjaður og sett var upp sýning í skólanum sem unnin var í tengslum við 100 ára afmæli Hafnar.

Við fyrstu formlegu útskrift um vorið var einnig minnst með ræðuhöldum 10 ára starfsafmælis skólans.

Brautskráðir 1997

1997 . JPG

Aftari röð frá vinstri: Einar Sveinn Jónsson, Bjarni Guðmundur Jónsson, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari, Arnar Freyr Björnsson, Þórdís Sævarsdóttir.

Fremri röð frá vinstri: Ólöf Þórhalla Magnúsdóttir, Svanfríður Eygló Arnardóttir, Heiða Björk Halldórsdóttir, Matthildur Ásmundardóttir. Á myndina vantar Valdísi Þorsteinsdóttur.

FAS í Eystahorni 1996 - 1997

Á FAS framtíð?

33. tbl. 14. árg. 26 september.

Menntamálaráðuneytið hefur gert tillögur um niðurskurð í þremur fámennustu framhaldsskólum landsins og hyggst með því spara um 15 milljónir króna. Einn þessara skóla er FAS. „Mín fyrstu viðbrögð voru líkust lömun“ sagði Eyjólfur Guðmundsson skólameistari. „Þessi ákvörðun kemur þvert á þær væntingar sem menn hér hafa gert sér. Það stóð til að efla skólann og auka fjölbreytni í námi“.

Hugmyndir ráðherra reiðarslag

33. tbl. 14. árg. 26 september.

Viðtal við Eyjólf skólameistara um niðurskurðarhugmyndir menntamálaráðuneytisins.

Framtíð Framhaldsskólans

36. tbl. 14. árg. 17. október.

Grein eftir Eyjólf Guðmundsson skólameistara um niðurskurðarhugmyndir menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra sendur tóninn

37. tbl. 14. árg. 24. október.

Kennarafélag Suðausturlands mótmælir harðlega þeirri aðför sem menntamálaráðherra gerir að framhaldsskólum í landinu og skorar á stjórn menntamála að endurskoða afstöðu sína. Í sömu grein er svar frá menntamálaráðherra.

Við erum framtíð sýslunnar

37. tbl. 14. árg. 24. október.

Nemendur FAS láta skoðanir sínar í ljós. Þeir telja að hugmyndir menntamálaráðherra sníði skólanum þröngan stakk og skólinn geti bara boðið nemendum upp á tveggja ára framhaldsnám. Greinina skrifa Pétur Björn Heimisson, Páll Guðbrandsson, og Védís Helga Eiríksdóttir.

FAS á alþjóðavettvangi

42. tbl. 14. árg. 28. nóvember.

Daglegt líf í sjávarþorpum er heiti þessa samstarfsverkefnis og fer FAS með umsjónina. Hinir skólarnir eru: Fiskeri- og Söfartsefterskolen í Danmörku, Instituto de Bachillerto dem Candelera á Kanaríeyjum og Liceo Scientifico Statale „Enrico Fermi“ con Anneso Lieco Ginnasio e Instituto Magistrale á Ítalíu.

Framtíð framhaldsskóla í Austur-Skaftafellssýslu

43. tbl. 14. árg. 5. desember.

Hjörleifur Guttormsson skrifar grein um málefni framhaldsskólans og nauðsyn þess að styðja við og efla skólann í stað þess að skerða framlög til hans.

Stúdentsprófið heim

3. tbl. 15. árg. 23. janúar.

Framhaldsskólanum hefur borist bréf frá menntamálaráðuneytinu þar sem er tilkynnt að skólanum sé heimilt að útskrifa stúdenta vorið 1997 með því skilyrði að hann framvísi staðfestu samkomulagi um samstarf við annan framhaldsskóla.

Eftirsóknarverður skóli?!?

5. tbl. 15. árg. 6. febrúar.

Pétur Björn Heimisson og Heiða Björk Halldórsdóttir skrifa fyrir hönd nemenda í FAS.

Útskrift FAS

20. tbl. 15. árg. 22. maí.

Eyjólfur Guðmundsson segir frá fyrstu útskrift stúdenta frá FAS sem verður næsta laugardag. Einnig er sagt frá Comeníusarverkefni sem skólinn tekur þátt í og að skólinn sé nú tengdur internetinu.

Fyrstu stúdentarnir útskrifaðir frá FAS

21. tbl. 15. árg. 29. maí.

Þau sem útskrifuðust voru: Þórdís Sævarsdóttir af félagsfræðabraut, Svanfríður Eygló Arnardóttir af málabraut, Ólöf Þórhalla Magnúsdóttir af íþróttabraut, Matthildur Ásmundardóttir af málabraut,

Heiða Björk Halldórsdóttir af málabraut, Einar Sveinn Jónsson af náttúrufræðibraut, Bjarni Guðmundur Jónsson af náttúrufræðibraut, Arnar Freyr Björnsson af náttúrufræðibraut og Valdís Þorsteinsdóttir af málabraut.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur.

Starfsfólk 1996 - 1997

Daði Steinn Arnarsson: Íþróttir, heilbrigðisfræði og félagsmál.

Elín Oddleifsdóttir: Líffæra- og lífeðlisfræði.

Ellert Ólafsson: Stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði.

Erla G. Einarsdóttir: Fjármálastjóri.

Erla Oddsdóttir: Matræðskona.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari: Landafræði, félagsfræði og jarðfræði.

Guðbrandur Jóhannesson: Skyndihjálp.

Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði, tölvufræði og enska.

Halldóra Þ. Friðjónsdóttir: Efnafræði.

Helgi Heiðar Georgsson: Stærðfræði, málsmíði og sérkennsla.

Hólmfríður Leifsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Hrafnhildur Tryggvadóttir: Franska, franska og danska.

Ingunn Hallgrímsdóttir: Sérkennsla.

Jónína Ólafsdóttir Kárdal: Námsráðgjafi.

Reynir Gunnlaugsson: Þýska, danska og enska.

Sigrún Ragnarsdóttir kennslustjóri Gagnfræðaskóla FAS: Íslenska og saga.

Valgerður Gunnarsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Vilborg Gunnlaugsdóttir: Ræstingar.

Zophonías Torfason: Íslenska.

Hrafnhildur Tryggvadóttir

hrafnhildurtryggva1.jpg

Hrafnhildur Tryggvadóttir er frá Akureyri (reyndar ekki beinlínis frá Akureyri heldur frá Bárðardal í Þingeyjarsýslu). Hún starfar í dag við bókasafns- og upplýsingafræði á skjala- og bókasafni menntamálaráðuneytisins.

Hún fluttist til Hafnar þegar hún útskrifaðist úr Háskóla Íslands haustið 1996. Hún var hér í tvo vetur og kenndi frönsku, dönsku og ensku við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Ástæðan fyrir að hún kom hingað var sú að hér var eina staðan laus á landinu við kennslu í frönsku.

Félagslíf kennaranna var gott meðan hún var hér, þeir tóku virkan þátt í viðburðum skólans og einnig fóru kennararnir saman í vor- og haustferðir.

Að hennar sögn er FAS mjög metnaðarfullur skóli sem gerir sanngjarnar kröfur til nemenda sinna og henni fannst mjög fínt að kenna við hann. Henni fannst þægilegt hversu vel var hægt að kynnast nemendum og hún gat undirbúið sig mjög vel fyrir tíma vegna þess hve fáir nemendur stunduðu nám við hann. Hún miðaði FAS við Verkmenntaskólann á Akureyri þar sem hún vann í fjögur ár. Þar hafði hún mun minna vinnuþáss og mun fleiri nemendur. En þar var líka gott að geta haft samráð við aðra kennara því fleiri kenndu sömu fög.

Hún saknaði þess mjög að komast í stóran bæ. Henni fannst alveg vanta stóran bæ í grennd við Hornafjörð, þar sem hún gæti farið og "viðrað sig". Henni fannst einnig alveg vanta kaffihús þar sem hægt væri að hittast og spjalla. Hún fluttist héðan til að vera í grennd við fjölskyldu sína og vini. Hún telur ekki líklegt að hún flytji hingað austur aftur, en kemur reglulega í heimsóknir.

Unnið í nóvember 2006 af Össu Sólveigu Jónsdóttur, Atla Haraldssyni og Sigurbjörgu Karen Hákonardóttur.

Skólaárið 1997 - 1998

1997-1998_1.jpg

Samstarfssamningur framhaldsskólanna á Austurlandi innsiglaður. Busavísla stóð í þrjá daga eða frá 10. til 12. september.

Skriður komst á byggingarmál skólans. Skipuð var húsnæðisnefnd sem í átta sæti tveir fulltrúar menntamálaráðuneytis og tveir fulltrúar frá sveitarfélaginu. Ræddar voru hugmyndir um að byggja sameiginlega fyrir skólann, fullorðinsfræðslumiðstöð og Nýherjabúðir sem var vinnuheiti fyrir vísindagarða sem stóð til að fara af stað með.

Í nóvember var undirritaður formlegur samstarfssamningur milli framhaldsskólanna á Austurlandi og menntamálaráðuneytisins. Samningurinn var til þriggja ára og var byggður á samstarfi sem hafði verið í mörg ár á milli skólanna. Í samningnum voru tilgreind átta samstarfsverkefni sem flest voru um kennslu og námsframboð. Í samstarfsnefnd voru skólameistarar skólanna fjögurra og formaður skipaður af ráðherra en auk þess var verkefnisstjóri í hlutastafi.

Mikið var um að vera á sviði tölvutækninnar og tengsl hennar við menntun. Farið var af stað með verkefnið „Allir kennarar eru tölvukennarar“ þar sem lögð var áhersla á að nýta tölvur í öllum greinum. Hugsunin var einnig sú að nýta tölvutæknina í fjarnámi þannig að fjarnámsumhverfi yrði hluti að daglegu starfsumhverfi nemenda og kennara. Haldið var námskeið með Láru Stefánsdóttur varðandi tölvutæknina og notkun tölvu í kennslu og námi.

Bókasafn skólans var flutt aftur inn í skólann en það hafði um tíma verið í Nesjaskóla.

Á haustönn var tekinn upp sá siður að senda niðurstöður miðannarviðtala til foreldra nemenda á fyrsta námsári.

Farið var að skrá fjarvistir skólans í Axel-tölvukerfið og stofnaður var tölvupóstlisti fyrir kennara.

Gagnfræðaskóli FAS stóð fyrir námskeiðum á vegum skólans.

Brautskráðir 1998

1998.JPG

Frá vinstri: Védís Helga Eiríksdóttir, Eva Björk Jónsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari, Elín Guðmundardóttir, Eymundur Sigurðsson.

FAS í Eystahorni 1997 - 1998

Fær FAS nýtt húsnæði árið 2000?

41. tbl. 15. árg. 16. október.

Lögð hefur verið fram á Alþingi, tillaga til þingsályktunar um nýbyggingu fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Aðeins um 40% af íbúum Hafnar, á aldrinum 15-19 ára stunda nám á staðnum og er talið að það sé vegna ófullkomins húsnæðis og lélegs búnaðar.

Samstarf framhaldsskóla

44. tbl. 15. árg. 6. nóvember.

Sagt frá samkomulagi til þriggja ára um skipulagt samstarf framhaldsskólanna á Austurlandi.

FAS komst áfram

3. tbl. 16. árg. 29. janúar.

FAS komst áfram í spurningakeppni framhaldsskólanna með sigri á liði Borgarholtsskóla í Reykjavík. Lið FAS skipa þeir Halldór Steinar Kristjánsson, Jón Eiríksson og Páll Birgir Jónsson. Liðsstjóri þeirra er Guðný Svavarsdóttir.

Fjórir nýstúdentar

20. tbl. 16. árg. 28. maí.

Nýstúdentar þessa árs eru: Elín Guðmundsdóttir, Eva Björk Jónsdóttir, Eymundur Sigurðsson og Védís Helga Eiríksdóttir. Tryggvína Þorvarðardóttir útskrifaðist af starfsbraut. 90 nemendur stunduðu nám við skólann þennan veturinn.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur

Starfsfólk 1997 - 1998

Daði Steinn Arnarsson: Íþróttir, heilbrigðisfræði og félagsmál.

Einar Torfason: Húsvörður.

Erla G. Einarsdóttir: Fjármálastjóri.

Erla Oddsdóttir: Matráðskona.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari: Landfræði, félagsfræði og jarðfræði.

Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.

Helgi Heiðar Georgsson: Stærðfræði, upplýsingatækni og bókfærsla.

Hjördís Skirnisdóttir: Þýska.

Hólmfríður Leifsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Hrafnhildur Tryggvadóttir: Enska, franska og danska.

Sigmundur Böðvarsson: Enska og danska.

Sigrún Ragnarsdóttir kennslustjóri Gagnfræðaskóla FAS: Íslenska og saga.

Tómas Ísleifsson: Efnafræði og líffræði.

Valgerður Gunnarsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Vilborg Gunnlaugsdóttir: Ræstingar.

Zophonías Torfason námsráðgjafi: Íslenska.

Sigrún Ragnarsdóttir

sigrunagnars1.jpg

Sigrúnu Ragnarsdóttir er 51 árs fyrrverandi kennari í FAS. Sigrún vann við skólann í 8 ár eða frá 1992-2000. Allan þann tíma sem hún vann í FAS fannst henni FAS mjög skemmtilegur vinnustaður. Hún var starfandi við skólann þegar hann var í Nesjunum. Hún kenndi íslensku, sögu, tjáningu og leiklist. Eftirminnilegast var það að góður starfsandi var ríkjandi og mikil nálægð við nemendur.

Einnig fannst henni húsnæðið í FAS minnstætt þegar skólinn var í Nesjunum því þetta var einskonar tengibygging að mestu leiti, þannig að kennarar þurftu að kenna í kjallaranum. Þetta var einungis bráðabirgðar húsnæði en samt sem áður var kennt þar í langan tíma.

Félagslífið í FAS hjá kennurunum var mjög gott á þessum tíma og var heilmikil nálægð milli þeirra þau ár sem hún kenndi við skólann. Eftir að hún hætti að kenna við FAS fór hún að starfa við Fjölbrautaskóla Suðurlands, en hætti svo að starfa við kennslu árið 2003. Henni fannst skemmtilegt að kenna öllum krökkum hvort sem þeir voru duglegir eða ekki. Henni fannst gaman að koma þeim óduglegu í gang og hjálpa svo þeim duglegu.

Unnið í nóvember 2006 af Alberti Þóri Sigurðssyni, Chollada Chalongchaiyath,
Fjólu Dögg Hjaltadóttur og Lindu Rós Jónsdóttur.

Jóna Margrét Jónsdóttir
jonamargret_t.jpg

Jóna Margrét er fyrrum nemandi í FAS. Hún ákvað að fara í FAS vegna þess að skólinn var staðsettur í heimabyggðinni. Henni fannst mjög fínt að vera í FAS, lítill skóli þar sem allir þekktust. Hún hóf nám við skólann 1997 og tók bóklega námið fyrir hársnyrtiið. Hún var í FAS í 2 ár, kláraði á vorönn 1999 og fór þá í lðnskólann í Reykjavík þar sem hún tók verklega hlutann af náminu. Þar sem að hún var búin með bóklega hlutann gat hún unnið eftir hádegi á hársnyrtistofu og flýtt fyrir sér í námi. Eftir að hafa lokið grunnnámi í hársnyrtiið fór hún í meistaranám og hefur lokið því.

Þegar Jóna var í FAS var skólinn staðsettur í Nesjum. Hún þurfti alla daga að taka rútu á morgnanna frá Höfn þar sem hún var ekki komin með bílpróf. Hún var stundum búin í skólanum klukkan 13:00 en rúturnar komu ekki fyrr en hálf fimm þannig hún var „föst“ þar í nokkra tíma ef að hún fékk ekki far hjá einhverjum sem hafði bílpróf.

Jóna Margrét var einnig spurð um busunina. Hún sagði okkur að það hafi verið busavika þar sem eldri nemendur voru með busauppböð og gátu þá keypt sér busa til þess að níðast á, svo sem láta þá þvo bílana sína, hlaupa út í sjoppu og margt fleira sem þeim datt í hug. Á busavíglunni voru busarnir látnir labba meðfram veggjunum allan daginn og hafðir á afmörkuðu svæði. Hún sagði okkur að einn strákur hafi verið festur við ljósastaur vegna óhlýðni, en það var refsing. Síðasta daginn í busavíkunni voru þau látin mæta í lörfum, ógreidd og úldin. Þau voru bundin saman, stelpa og strákur og sett upp á kerru og þeim keyrt þannig niður á Höfn. Busarnir tóku sig saman, leystu sig hver frá öðrum, tóku egg af vagninum, sem höfðu ekki brotnað og köstuðu í eldri nemendurnar þegar vagninn var stoppaður. Um kvöldið var svo busavígsla uppi í Meðalfelli. Eldri nemendur tóku á móti busunum með víkingahatta, íklæddir gærum og tilheyrandi. Busarnir voru látnir tilbiðja eldri nemendur skólans og látnir drekka úr staupi. Þeir voru settir í búr og gæru nuddað í andlitið á þeim, þá voru þeir vígðir inn í skólann sem fullgildir nemendur FAS. Eftir það djammað fram á nótt.

Við þökkum Jónu innilega fyrir viðtalið.

Unnið í nóvember 2007 af Hönnu Guðrúnu Kolbeins,
Hebu Þórhallsdóttur og Þorsteini Jóhannessyni

Skólaárið 1998 - 1999

1998-1999_1.jpg

Starfsstúlkur í mötuneyti Nesjaskóla og FAS; Vala, Erla og Fríða. Þennan vetur var stigið stórt skref í þróun fjarkennslu á Austurlandi. Settur var upp fjarfundabúnaður til kennslu sem leigður var af Landsímanum. Sambærilegur búnaður var settur upp í Verkmenntaskóla Austurlands og í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Gerðar voru tilraunir með búnaðinn í kennslu og hann nýttur til fundahalda.

Annar merkur áfangi í menntamálum á Austurlandi átti sér stað um haustið 1998 þegar Fræðslunet Austurlands var formlega stofnað. Markmið þess var að hlutast til um að boðið yrði upp á nám á háskólastigi á Austurlandi og að stuðla að auknu framboði símenntunar og fullorðinsfræðslu.

Hugmyndin um Nýheima þroskaðist áfram og útlit var fyrir að styttest í góða lausn á húsnæðismálum skólans. Rætt var um að byggja sameiginlega fyrir skólann, Nýherjabúðir, bókasafnið og Háskóla Íslands á Austurlandi.

Farið var af stað með kvöldskóla á Djúpavogi og voru nemendur á haustönn um 20 en 10 á vorönn.

Verkefnið „Daglegt líf í sjávarbyggð“ hélt áfram og tengdist áherslum skólans í tölvu og upplýsingamálum undir heitinu „Allir kennarar eru tölvukennarar“.

Farið af stað með þróunarverkefni undir heitinu „Allir áfangar eru fjarkennsluáfangar“ þar sem reynt var að búa þannig um hnútana að hægt væri að stund fjarnám í sem flestum áföngum í skólanum.

Í opinni viku var meðal annars unnið að undirbúningi fyrir árshátíð, vefsíðugerð, útivist og áfanginn sköpun 102.

Á vorönn var tekið upp formlegt samstarf við Sýslusafnið um að það annaðist rekstur bókasafns skólans og hefur það samstarf haldist síðan.

Brautskráðir 1999

1999.JPG

Aftari röð frá vinstri: Árdís Erna Halldórsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Helga Rún Guðjónsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir.

Fremri röð frá vinstri: Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Bergþóra Ragnarsdóttir, Herdís Fjóra Eiríksdóttir, Sædís Ósk Guðmundsdóttir, Maríanna Jónsdóttir.

FAS í Eystahorni 1998 - 1999

Færri nýskráningar í FAS - Brýn þörf fyrir nýtt húsnæði

32. tbl. 17. árg. 12. ágúst.

Viðtal við Eyjólf Guðmundsson, fáar nýskráningar. FAS verður hluti Nýheima. Beðið eftir því að menntamálaráðherra og fjárlaganefnd leggi blessun sína yfir framkvæmdir.

Hillir undir nýtt húsnæði FAS

41. tbl. 17. árg. 14. október.

Viðræður milli bæjarins og ríkisins um húsnæði Nesjaskóla hafa verið í gangi. Sveitarfélagið mun kaupa hlut ríkisins í Nesjaskóla. Þetta er eitt af þeim atriðum sem þarf að huga að í tengslum við væntanlega nýbyggingu fyrir framhaldsskólann.

Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu - Draumur að verða að veruleika

42. tbl. 17. árg. 21. október.

Sagt frá ganginum í viðræðum um kaup sveitarfélagsins á Nesjaskóla.

„Skýheimar“

42. tbl. 17. árg. 21. október.

Elín Magnúsdóttir skrifar um fyrirhugaða byggingu Nýheima. Þar gagnrýnir hún m.a. hvernig standa á að fjármögnun og reksturs húsnæðisins.

Upp með stóra brosið - gaman gaman

42. tbl. 17. árg. 21. október.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari ræðir um væntanlegt húsnæði og hvaða starfsemi muni fara fram þar.

Blómlegt félagslíf í FAS

42. tbl. 17. árg. 21. október.

Guðrún Ása Jóhanssdóttir og Margrét Kristinsdóttir skrifa um félagslíf skólans. Þar hefur verið staðið fyrir mörgum uppkomum s.s. busavíglu, sundlaugarpartíi og kaffihúsakvöldum.

Deilt um staðsetningu Nýheima

45. tbl. 17. árg. 11. nóvember.

Bæjarstjórn hefur lagt fram þrjár tillögu fyrir staðsetningu Nýheima en menn ekki á eitt sáttir.

Kaffihúsastemming hjá FAS

45. tbl. 17. árg. 11. nóvember.

Sagt frá kaffihúsakvöldi á Kaffi Horninu sem fór fram 28. október.

Frábær skemmtun

45. tbl. 17. árg. 11. nóvember.

Sagt frá skemmtikvöldi í Sindrabæ sem nemendur í FAS buðu upp á.

Nafnið Ísland var greypt í huga mér

45. tbl. 17. árg. 11. nóvember.

Viðtal við Hertu Miehe sem hefur verið gestakennari í FAS á haustönninni. Hún kemur frá Nýja-Sjálandi en það hafði lengið verið draumur að heimsækja Ísland.

Hryllingur og óvissa á vegum FAS

49. tbl. 17. árg. 9. desember.

Margrét Kristinsdóttir skrifar um félagslíf í FAS. Haldið var nokkurs konar hryllingskvöld í Sindrabæ þar sem m.a. horft á hryllingsmynd. Einnig sagt frá óvissuferð.

Félagslífið í FAS í gang á nýrri öld

4. tbl. 18. árg. 27. janúar.

Sagt frá hvað er fyrirhugað í félagslífinu á næstu vikum og mánuðum.

Nýheimar í Höfn

4. tbl. 18. árg. 27. janúar.

Nú hyllir undir að skrifað verði undir samning um Nýheima.

Undirritun samninga um Nýheima

7. tbl. 18. árg. 17. febrúar.

Samningur um uppbyggingu Nýheima mun verða undirritaður 9. mars þegar menntamálaráðherra kemur í heimsókn ásamt fjármálaráðherra og háskólarektor.

Fyrsta skólfustungan tekin að byggingu Nýheima

10. tbl. 18. árg. 9. mars.

Sagt frá því að undirritun samninga og fyrstu skólfustungunni að húsnæðinu.

Loksins! Loksins! - „Skaftfellska hógværdin dyggð í meðferð þessa máls“

11. tbl. 18. árg. 16. mars.

Sagt frá undirritun samninga um byggingu Nýheima.

Nýheimar - Miðstöð fræðslu, menningar, rannsókna og nýsköpunar

11. tbl. 18. árg. 16. mars.

Nánar sagt frá undirritun samningsins um Nýheima. Vitnað í ræður Gísla Sverris Árnasonar forseta bæjarsjórnar, Eyjólf Guðmundssonar skólameistara, Björns Bjarnasonar menntamálaráðherra, Páls Skúlasonar háskólarektors Guðrúnar Ásu Jóhannsdóttur formanns nemendafélags FAS og fleiri.

FAS til Danmerkur

14. tbl. 18. árg. 6. apríl.

Sagt frá fyrirhugaðri ferð nemenda FAS til Danmerkur að afloknum prófum.

Þvoðu glugga og hjóluðu út í Öræfi

18. tbl. 18. árg. 4. maí.

Nemendur FAS standa í fjáröflun þessa dagana.

Framhaldsnám lykillinn að frelsi framtíðarinnar

19. tbl. 18. árg. 4. maí.

Grein eftir Eyjólf Guðmundsson skólameistara um málefni skólans og áherslurnar framundan.

Fréttavefur FAS

19. tbl. 18. árg. 4. maí.

Sagt frá því að sérstakur fréttavefur sé á heimasíðu skólans. Þar eru birtar fréttir af skólanum, stórar og smáar.

Kennsla hefst haustið 2002 í nýjum húsakynnum FAS í Nýheimum

20. tbl. 18. árg. 18. maí.

Rætt við Gísla Sverri Árnason formann byggingarnefndar. Sagt frá því að senn hefjist bygging húsnæðisins. Einnig fjallað um hvaða starfsemi muni verða í húsinu.

Nýstúdentar

21. tbl. 18. árg. 25. maí.

Sagt frá útskrift 20. maí. Sex stúdentar útskrifuðust að þessu sinni; Guðrún Ása Jóhannsdóttir, Hafsteinn Halldórsson, Hjalta Sigríður Jónsdóttir, Sigríður Lárusdóttir, Sigrún Ólöf Björgvinsdóttir og Þórhallur Axelsson.

Bygging Nýheima! Val á hönnuðum eða samkeppni arkitekta !

21. tbl. 18. árg. 25. maí.

Hermann Hansson fjallar um hvort fara eigi út í samkeppni eða að velja hönnuði hússins.

Tímamótasamningur um möguleika grunnskólanema til framhaldsnáms

22. tbl. 18. árg. 31. maí.

Sagt frá samningi milli Heppuskóla og FAS þar sem nemendum Heppuskóla er gefið tækifæri til að sækja nám á framhaldsskólastigi samhliða námi í grunnskóla.

Starfsfólk 1998 - 1999

Dögg Árnadóttir: Franska.

Einar Torfason: Húsvörður.

Erla G. Einarsdóttir: Fjármálastjóri.

Erla Oddsdóttir: Matráðskona.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari: Landafræði og félagsfræði.

Haukur Kr. Eyjólfsson: Matreiðsla.

Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.

Helgi Heiðar Georgsson: Stærðfræði, upplýsingatækni og skipstjórnargreinar.

Hjördís Skírnisdóttir: Þýska og jarðfræði.

Hólmfríður Leifsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Lars Jóhann Andrésson: Vistarvörður.

Lárus Már Björnsson: Danska og félagsfræði.

Sigrún Ragnarsdóttir kennslustjóri Gagnfræðaskóla FAS: Íslenska og saga.

Sigurgeir Guðjónsson: Saga, félagsfræði og íslenska.

Sveinn Úlfarsson: Enska og danska.

Tómas Ísleifsson: Efnafræði og líffræði.

Tryggvi Þórhallsson: Enska.

Unnur Garðarsdóttir: Fatasaumur.

Valgerður Gunnarsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Vilborg Gunnlaugsdóttir: Ræstingar.

Zophonías Torfason námsráðgjafi: Íslenska.

Ármann Smári Björnsson

armannsmari1.jpg

Ármann Smári Björnsson er uppalinn hér á Höfn í Hornafirði. Eftir grunnskóla ákvað hann að hefja framhaldsnám í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu. Hann fór á almenna braut árið 1998 en hann var ekki á heimavistinni þar sem hann átti heima hérna á Höfn hjá foreldrum sínum. Hann myndi mæla með FAS sem framhaldsskóla í dag fyrir nemendur. Við spurðum einnig um uppáhalds kennarann og hann sagði að þá hefði það verið Zophonías Torfason. Hann sagði einnig að lífið í skólanum hefði verið ágætt.

Hann lauk ekki námi hér í FAS þar sem hann flutti til Reykjavíkur árið 2000, þar hóf hann nám í húsgagnasmíði í Iðnskólanum í Reykjavík og atvinnumennsku sína í fótbolta með knattspyrnufélaginu Val. Árið 2002 fór hann svo sem lánsmaður til Brann en þegar hann kom til baka fór hann aftur í eitt ár til Vals. Haustið 2003 byrjaði hann svo að æfa með knattspyrnufélaginu FH í Hafnarfirði.

Í dag er hann langt kominn með nám sitt í húsgagnasmíði, og á hana Andreu Kristínu sem hann og konan hans Guðrún Lind eignuðust árið 2004.

Í dag er hann búsettur í Noregi og starfar sem atvinnumaður með knattspyrnufélaginu Brann í Rosenborg.

Unnið í nóvember 2006 af Friðriki Gottlieb Ólafssyni,
Konstanze Simbriger og Rósu Dröfn Pálsdóttur.

Guðrún Ása Jóhannsdóttir
gudrunasa1.jpg

Guðrún Ása Jóhannsdóttir var nemandi í FAS árin 1996-2000. Hún lét nemendaráðið bíða eftir sér í tvö ár en þegar hún loksins gekk í ráðið sá fólk ekki eftir því að hafa fengið hana. Hún var í nemendaráði frá 1998-2000 og var formaður seinna árið þar, eða 1999-2000. Í fyrra ráðinu voru ásamt Guðrúnu þau Jóna Benný Kristjánsdóttir, Bylgja Ólafsdóttir, Jón Eiríksson og Hafsteinn Halldórsson. Í því seinna voru Margrét Kristinsdóttir, Jóhanna Vilborg Ingvarsdóttir, Gísli Reynisson og Hafsteinn Halldórsson. Henni fannst virkilega gaman að vera formaður, enda sómi stúlkan sér vel í stjórnunarstörfum.

Margt þar á góma þegar Guðrún Ása var með völdin. Nemendaráð sá þá um margar upptökur og heppnuðust þær flestar mjög vel t.d. vídeókvöld, diskótek, opin hús, böll, óvissuferð, utanlandsferð, árshátíð, kaffihúsakvöld, jólaball og svo framvegis. Nemendaráð fékk mjög góða dóma fyrir störf sín í þágu nemenda, enda ekki við öðru að búast eftir þessa runu af skemmtunum. Já, þeim hefur aldeilis tekist að halda uppi félagslífinu þetta árið.

Núna í seinni tíð, þegar Guðrún Ása hugsar til baka er henni margt minnstætt. „Það er nú margt sem stendur upp úr t.d. kaffihúsakvöldið sem við vorum með í Sindrabæ, árshátíðin sem var einnig í Sindrabæ svo var það toppurinn þegar við fórum til Danmerkur. Það stóð öllum til boða að fara í lok skólaárs til Danmerkur í vikuferð eða 5 daga man ekki alveg hvort það var. Mig minnir að það hafi farið milli 20-30 nemendur í þessa ferð og það var rosalega gaman. Til að komast í þessa ferð vorum við með fjáröflun og tókst hún mjög vel. Þetta allt mundi ég vilja gera aftur.“

Hún vill benda núverandi nemendum og nemendaráði á það að maður kemst langt á því að vera jákvæður og nemendaráð á ekki að gefast upp þó að mæting sé léleg, heldur halda áfram, vegna þess að þetta skilar sér.

Unnið í nóvember 2006 af Hrefnu Rún Kristinsdóttur, Maríu Emily Þráinsdóttur og Sigmari Hrafni Ómarssyni.

Halldór Steinar Kristjánsson

halldorsteinar.jpg

Halldór Steinar Kristjánsson fæddist þann 8. janúar 1981 á Höfn í Hornafirði og ólst þar upp. Helstu áhugamál hans eru íþróttir, skemmta sér og bíómyndir. Halldóri finnst unglingsárin sín hafa verið góð og þeir félagarnir fundu sér alltaf einhvað að gera og voru miklir prakkarar.

Halldór var á árunum 1997-1999 í FAS og honum fannst að nemendurnir hafi ekki verið mikið yfir 50 manns. Honum fannst félagslífið gott, en þó ekki jafn öflugt og það er núna. Þá var opið hús einu sinni í viku, svo var árshátíðin og Ólympíuleikar Austurlands, farið var í menningarferðir og einnig farið upp á jökul í vettvangsferðir. Ein eftirminnilegasta minning Halldórs úr FAS var þegar einn kennarinn í skólanum húðskammaði hann og Sindra fyrir að rasskella einn vin þeirra í busavígluninni.

Þegar Halldór hætti í FAS fór hann í Fjölbrautaskólann í Ármúla og útskrifaðist þaðan eftir fjögurra ára nám í framhaldsskóla. Eftir stúdentinn vann hann í eitt ár, hann vann meðal annars í leikskóla og í sláturhúsi hóf svo nám í íþróttáfræði við Kennaraháskóla Íslands.

Nú vinnur hann sem íþróttakennari í Grunnskóla Hornafjarðar og er ekki alveg viss um hver framtíðaráform hans eru.

Unnið í nóvember 2007 af Andra Má Ágústssyni, Bryndísi Rós Sigurjónsdóttur,
Óla Kristjáni Benediktssyni og Selmu Lind Jónsdóttur.

Skólaárið 1999 - 2000

1999-2000.jpg

FAS í Nesjum Kennsla hófst á almennri braut samkvæmt námskrá sem tók gildi 1999. Brautin er ætluð þeim sem ekki hafa ákveðið hvert þeir stefna í námi eða hafa ekki nægan undirbúning fyrir aðrar brautir.

Í samvinnu framhaldsskólanna á Austurlandi var boðið upp á svæðisbundið leiðsögumannanám sem um 30 manns skráðu sig í og útskrifuðust úr vorið 2000.

Opnaður var fréttavefur inn á FAS-vefnum þar sem greint var frá því sem um var að vera á hverjum tíma.

Stærðfræði og fjölmiðlafræði voru fjarkennd frá FAS til Menntaskólans á Egilsstöðum og síðan hafa á hverjum vetri einhverjar greinar verið kenndar austur.

Tekið var upp samstarf við Heppuskóla um nám í þýsku á framhaldsskólastigi og í framhaldinu var gerður formlegur samningur um framhaldsskólanám á grunnskólastigi. Markmið samningsins var að gefa nemendum Heppuskóla kost á að hefja nám á framhaldsskólastigi áður en þeir hafa lokið grunnskólanámi. Miðað var við að FAS hefði yfirumsjón með námskröfum, lokaprófi og lokaeinkunn í hverjum áfanga. Um væri að ræða fullgilt framhaldsskólanám sem fengist metið í hvaða framhaldsskóla sem er.

Þann 9. mars árið 2000 var undirritaður „Rammasamningur um byggingu Nýheima á Höfn í Hornafirði“. Þeir sem stóðu að samningnum voru: Sveitarfélagið Hornafjörður, menntamálaráðuneytið, Háskóli Íslands og Nýherjabúðir ehf. Samkvæmt samningi áttu Nýheimar að hýsa FAS, Austurlandssetur Háskóla Íslands, upplýsingamiðstöð (infótek) og leigurými fyrir nýsköpunarfyrirtæki. Miðað var við 2400 m² húsnæði og þar af 1200 m² fyrir FAS. Stefnt var að verklokum um vorið 2002.

Mikill kraftur var í félagslífi nemenda þennan vetur og var nemandaráð því verðlaunað sérstaklega við útskrift um vorið.

Brautskráðir 2000

2000.JPG

Aftari röð frá vinstri: Sigríður Lárusdóttir, Sigrún Ólöf Björgvinsdóttir, Þórhallur Axelsson, Hafsteinn Halldórsson. Fremri röð frá vinstri: Hjalta Sigríður Jónsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari, Guðrún Ása Jóhannsdóttir.

FAS í Eystahorni 1999 - 2000

Færri nýskráningar í FAS - Bryn þörf fyrir nýtt húsnæði

32. tbl. 17. árg. 12. ágúst.

Viðtal við Eyjólf Guðmundsson, fáar nýskráningar. FAS verður hluti Nýheima. Beðið eftir því að menntamálaráðherra og fjárlaganefnd leggi blessun sína yfir framkvæmdir.

Hillir undir nýtt húsnæði FAS

41. tbl. 17. árg. 14. október.

Viðræður milli bæjarins og ríkisins um húsnæði Nesjaskóla hafa verið í gangi. Sveitarfélagið mun kaupa hlut ríkisins í Nesjaskóla. Þetta er eitt af þeim atriðum sem þarf að huga að í tengslum við væntanlega nýbyggingu fyrir framhaldsskólann.

Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu - Draumur að verða að veruleika

42. tbl. 17. árg. 21. október.

Sagt frá ganginum í viðræðum um kaup sveitarfélagsins á Nesjaskóla.

„Skýheimar“

42. tbl. 17. árg. 21. október.

Elín Magnúsdóttir skrifar um fyrirhugaða byggingu Nýheima. Þar gagnrýnir hún m.a. hvernig standa á að fjármögnun og reksturs húsnæðisins.

Upp með stóra brosið - gaman gaman

42. tbl. 17. árg. 21. október.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari ræðir um væntanlegt húsnæði og hvaða starfsemi muni fara fram þar.

Blómlegt félagslíf í FAS

42. tbl. 17. árg. 21. október.

Guðrún Ása Jóhanssdóttir og Margrét Kristinsdóttir skrifa um félagslíf skólans. Þar hefur verið staðið fyrir mörgum uppákomum s.s. busavíslu, sundlaugarpartíi og kaffihúsakvöldum.

Deilt um staðsetningu Nýheima

45. tbl. 17. árg. 11. nóvember.

Bæjarstjórn hefur lagt fram þrjár tillögu fyrir staðsetningu Nýheima en menn ekki á eitt sáttir.

Kaffihúsastemming hjá FAS

45. tbl. 17. árg. 11. nóvember.

Sagt frá kaffihúsakvöldi á Kaffi Horninu sem fór fram 28. október.

Frábær skemmtun

45. tbl. 17. árg. 11. nóvember.

Sagt frá skemmtikvöldi í Sindrabæ sem nemendur í FAS buðu upp á.

Nafnið Ísland var greypt í huga mér

45. tbl. 17. árg. 11. nóvember.

Viðtal við Hertu Miehe sem hefur verið gestakennari í FAS á haustönninni. Hún kemur frá Nýja-Sjálandi en það hafði lengið verið draumur að heimsækja Ísland.

Hryllingur og óvissa á vegum FAS

49. tbl. 17. árg. 9. desember.

Margrét Kristinsdóttir skrifar um félagslíf í FAS. Haldið var nokkurs konar hryllingskvöld í Sindrabæ þar sem m.a. horft á hryllingsmynd. Einnig sagt frá óvissuferð.

Félagslífið í FAS í gang á nýrri öld

4. tbl. 18. árg. 27. janúar.

Sagt frá hvað er fyrirhugað í félagslífinu á næstu vikum og mánuðum.

Nýheimar í Höfn

4. tbl. 18. árg. 27. janúar.

Nú hyllir undir að skrifað verði undir samning um Nýheima.

Undirritun samninga um Nýheima

7. tbl. 18. árg. 17. febrúar.

Samningur um uppbyggingu Nýheima mun verða undirritaður 9. mars þegar menntamálaráðherra kemur í heimsókn ásamt fjármálaráðherra og háskólarektor.

Fyrsta skólfustungan tekin að byggingu Nýheima

10. tbl. 18. árg. 9. mars.

Sagt frá því að undirritun samninga og fyrstu skólfustungunni að húsnaðinu.

Loksins! Loksins! - „Skaftfellska hógværdin dyggð í meðferð þessa máls“

11. tbl. 18. árg. 16. mars.

Sagt frá undirritun samninga um byggingu Nýheima.

Nýheimar - Miðstöð fræðslu, menningar, rannsókna og nýsköpunar

11. tbl. 18. árg. 16. mars.

Nánar sagt frá undirritun samningsins um Nýheima. Vitnað í ræður Gísla Sverris Árnasonar forseta bæjarsjórnar, Eyjólf Guðmundssonar skólameistara, Björns Bjarnasonar menntamálaráðherra, Páls Skúlasonar háskólarektors Guðrúnar Ásu Jóhannsdóttur formanns nemendafélags FAS og fleiri.

FAS til Danmerkur

14. tbl. 18. árg. 6. apríl.

Sagt frá fyrirhugaðri ferð nemenda FAS til Danmerkur að afloknum prófum.

Þvoðu glugga og hjóluðu út í Örnefi

18. tbl. 18. árg. 4. maí.

Nemendur FAS standa í fjáröflun þessa dagana.

Framhaldsnám lykillinn að frelsi framtíðarinnar

19. tbl. 18. árg. 4. maí.

Grein eftir Eyjólf Guðmundsson skólameistara um málefni skólans og áherslunar framundan.

Fréttavefur FAS

19. tbl. 18. árg. 4. maí.

Sagt frá því að sérstakur fréttavefur sé á heimasíðu skólans. Þar eru birtar fréttir af skólanum, stórar og smáar.

Kennsla hefst haustið 2002 í nýjum húsakynnum FAS í Nýheimum

20. tbl. 18. árg. 18. maí.

Rætt við Gísla Sverri Árnason formann byggingarnefndar. Sagt frá því að senn hefjist bygging húsnæðisins. Einnig fjallað um hvaða starfsemi muni verða í húsinu.

Nýstúdentar

21. tbl. 18. árg. 25. maí.

Sagt frá útskrift 20. maí. Sex stúdentar útskrifuðust að þessu sinni; Guðrún Ása Jóhannsdóttir, Hafsteinn Halldórsson, Hjalta Sigríður Jónsdóttir, Sigríður Lárusdóttir, Sigrún Ólöf Björgvinsdóttir og Þórhallur Axelsson.

Bygging Nýheima! Val á hönnuðum eða samkeppni arkitekta !

21. tbl. 18. árg. 25. maí.

Hermann Hansson fjallar um hvort fara eigi út í samkeppni eða að velja hönnuði hússins.

Tímamótasamningur um möguleika grunnskólanema til framhaldsnáms

22. tbl. 18. árg. 31. maí.

Sagt frá samningi milli Heppuskóla og FAS þar sem nemendum Heppuskóla er gefið tækifæri til að sækja nám á framhaldsskólastigi samhliða námi í grunnskóla.

Starfsfólk 1999 - 2000

Arnbjörg Gunnlaugsdóttir: Fjármálastjóri.

Dögg Árnadóttir: Franska og danska.

Eiríkur Már Hansson: Trésmíði.

Einar Torfason: Húsvörður.
Erla Oddsdóttir: Matráðskona.
Eyjólfur Guðmundsson skólameistari: Landfræði og félagsfræði.
Grétar Már Þorkelsson: Vistarvörður.
Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.
Helgi Heiðar Georgsson: Stærðfræði, upplýsingatækni og skipstjórnargreinar.
Hjördís Skírnisdóttir: Þýska, jarðfræði, íslenska og sérkennsla.
Hólmfríður Leifsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.
Jóhanna Jakobsdóttir: Myndlist.
Lars Jóhann Andrésson: Vistarvörður.
Sigurgeir Guðjónsson kennslustjóri Gagnfræðaskóla FAS: Saga og félagsfræði.
Sigríður Árný Sævaldsdóttir: Fjármálastjóri.
Tómas Ísleifsson: Líffræði, efnafræði og stærðfræði.
Valgerður Gunnarsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.
Vilborg Gunnlaugsdóttir: Ræstingar.
Vjekoslava Zvirblis: Serbó-króatíska.
Zophonías Torfason námsráðgjafi: Íslenska.

Herta Miehe

herta.jpg

Whenever I am asked to talk or write about Iceland I never know where to start. Should it be its people, their traditions and customs; the food they eat or the incredibly awe-inspiring landscape and perfect hauntings for trolls and ghouls or the fascinating literature and cultural heritage; may be the indescribable beauty of the northern lights seen for the first time.... the list is endless. No written text could have prepared me or any pictures conveyed, the raw beauty of this place. Coming from New Zealand I knew very little about this little island which was to be my home for the next three months.

As I stepped off the plane in 1999 at the Keflavik airport the air was clean and fresh and unpolluted. Soon after I was on the bus to Hornafjörður, travelling through strange landscapes which were completely captivating. Black dots, seen on an Icelandic map along the Ring Road in NZ turned out to be farms and not villages with a super market and a café as I previously assumed. My first mistake, and there were many to follow.

In Höfn I was welcomed by my mentor Hjördís and introduced to Nesjaskóli where I found food and lodging.

The school was also home for many students who lived further away but returned home for the weekend.

Teachers and students consumed food in a most impressive dining room I have ever seen: huge windows where across a vast expanse several glacier tongues were visible. It was magic!!!

I have never eaten such a variety of delicious fish dishes nor tasted other Icelandic specialities like skyr, hangikjöt, slátur, and lafabraud. My taste buds got used to all of them even sheep's head which I ate only once though. Helping to prepare slátur was an incredible slippery exercise. By the

time I struggled to sew up one stomach Margot had finished ten.

Teachers and students addressed each other by their first name which was most unusual and took some time to get used to. Students had to call me two or three times before I registered and responded. Remembering names was something I did not master too well either, quite often not even hear, let alone pronounce, a sound never heard before. Students were very well behaved, attentive and eating and drinking was allowed in the class room, even chewing gum. But never have I seen crumbs on the floor or chewing gum stuck to desks as happens in New Zealand schools. Students even had their little corner where they could smoke during a break. What I also found most interesting and quite funny was the "initiation" process. New entrance students had to endure a quirky imaginary dress code and execute odd tasks which they did with good humour.

When I was introduced to the rest of the staff it was as if I had known them already for a long time. The atmosphere in the staffroom was relaxed and friendly and the coffee machine never empty. I was given lots of chances to see the surrounding country and take trips to Skaftafell, Jökulsárlón and even further afield. For the first time I witnessed the magic display of the northern lights, a sight not easily forgotten. My teaching lessons in English and German were a pleasure since student/teacher ratio is much smaller in Iceland than in NZ.

It was good to know Hjördís who introduced me to her family and friends. Through them I learned a lot about literature and history of the country. I was introduced to Laxness and some of his riveting novels, to Snorri Sturluson, great sagas and famous outlaws. Although I have tried to find Ketillaug when I visited her domain Ketillaugarfjall, she and other trolls remained hidden.

There is much more I could write and tell about my adventures in Iceland which I was lucky enough to visit on later occasions through the generosity and kindness of friends. It is an irresistible and fascinating country which has a powerful hold on me. And New Zealand is on the other side of the globe.....

Written in July 2007 by Herta Miehe.

Hafsteinn Halldórsson

haffi.jpg

Hafsteinn útskrifaðist af náttúrufræðibraut árið 2000 og hefur hann lokið námi í B.S. í tölvunarfræði frá Háskólann í Reykjavík.

Hafsteinn starfar í dag sem tölvufræðingur hjá Handpoint í Kópavogi en það er fyrirtæki sem sérhæfir sig í handtölvulausnum (Mobile lausnum) fyrir Retail og Point of sale.

Reynsla Hafsteins af FAS var góð að hans sögn. Hann segir námið hafa verið fín undirstaða fyrir það sem kom seinna og kennslan að mestu verið góð, það sem hann skorti undirbúning í hafi alfarið verið honum sjálfum að kenna sökum leti.

Hafsteinn var tvisvar í nemendaráði FAS. Segist hann hafa verið eins og hauslaus hæna fyrra skiptið hans sem meðlimur nemendaráðs en segir að seinna skiptið hafi hann lent með frábærum krökkum með góðar áherslur og var mikið gert. Nemendaráðið passaði upp á það væri alltaf eitthvað að gera

fyrir nemendur og þess var gætt að það myndu aldrei vera „dauð“ tímabil.

„Við vorum líka með það markmið að halda öllum vel upplýstum um hvað við vorum að gera, það er bæði nemendum og íbúum Hornafjarðar. Það auðveldaði okkur eiginlega allt. Þegar við vorum svona sýnileg þá voru allir tilbúnir að leggja okkur lið og fólk fór að treysta okkur betur og betur með hverjum atburði sem við skiluðum sómasamlega af okkur. Á endanum var samband okkar við stjórnendur skólans og bæjarbúa svo gott að þegar við komum með þá hugmynd að bjóða upp á ferð til Danmerkur, hugmynd sem hefði verið kæfð við fæðingu í byrjun árs þá beið okkar ekkert nema stuðningur úr öllum áttum sem var alveg frábært“ sagði Hafsteinn.

„Þessi ferð var alveg frábær og allir nemendurnir sýndu að þeir væru traustsins verðir. Og ég vona svo innilega að núverandi nemendur FAS geri sitt besta í menningar- og skemmtanamálum og afsanni fyrir fullt og allt þá mýtu að unglingar séu húðlatir slefberar sem geti ekkert nema drukkið og slegist eins og unglingum er oft og iðulega lýst í fjölmiðlum landsins í dag“ bætir hann við.

Hafsteinn segist ekki halda að hann myndi snúa aftur til náms við FAS þó í boði væri frekara nám í hans fagi „Ætli ég sé nú ekki búinn með framhaldskólastigið mitt ég myndi kannski stunda nám við HAS (Háskóli Austur-Skaftafellssýslu) ef hann yrði stofnaður.“

Við báðum í lokin um einhverja skemmtilega skólasögu og kom hann með þetta:

„Ég held að ég gleymi því seint þegar að Tómas var að reyna að kenna okkur strákunum líffræði og mætti með beljulungu í tíma. Ég efast um að dýrið hafi verið búíð að vera dautt í meira en svona 10 mínútur áður en að tíminn byrjaði og það lá við að lungun væru ennþá andandi. Hann skellti lungunum á borðið rífur í vélindað sem er vel blóðugt og blés í það. Mögulega eitt það ógeðslegasta og sama tíma fróðlegasta sem ég hef séð.“

Við spurðum að lokum Haffa eins og hann er kallaður um sambönd hans við kennarana og sagði hann okkur að hann hafi eytt lang mesta tíma hjá Tómasi og segir þá hafa náð vel samann, tímarnir hafi verið fróðlegir.

Við þökkum Hafsteini fyrir gott samtal og óskum honum velferðar í lífinu.

Unnið í nóvember 2007 af Ottó Marwin Gunnarssyni,
Ester Lind Hauksdóttur og Halldóri Björnssyni.

Skólaárið 2000 - 2001

2000-2001_1.jpg

Fláajökull mældur haustið 2000. Um haustið var kynnt stefna skólans varðandi nám og kennslu sem hafði verið að mótast í nokkurn tíma. Nýja stefnan fékk heitið 100 tíma reglan. Í stað þess að miða skipulag skólans við kennslu varð útgangspunkturinn vinna nemenda og við það miðað að hver þriggja eininga áfangi væri um 100 klukkustunda vinna hvort sem kenndar voru fjórar klukkustundir á viku eða engin eins og í sumum fjarkennsluáföngunum.

Tekin var ákvörðun um að fartölvuvæða skólann og fengu allir kennarar vél til umráða og komið var

upp þráðlausu neti. Nemendum gafst einnig kostur á að leigja vélar í gegnum skólann. Fartölvuvæðingin fór vel saman við uppbyggingu undanfarinna ára í upplýsingatækni og fjarkennslu.

Fartölvuvæðingin og 100 tíma reglan voru svo útgangspunktur í hönnun húsnæðis fyrir skólann í Nýheimum sem unnin var í samvinnu við byggingarnefnd Nýheima og arkitektana í Glámu-Kím.

Styrkur fékkst úr Þróunarsjóði framhaldsskóla í þróunarverkefnið „Fjarkennsla kjörsviða á Austurlandi“. Hugmyndin með verkefninu var að skólarnir á Austurlandi gætu sameiginlega boðið upp á öll kjörsvið stúdentsbrauta samkvæmt námskrá frá árinu 1999.

Tekin var upp kennsla á sjúkraliðabraut. Sérgreinunum var dreift á sex annir og skipulag annarra áfanga var í samræmi við þarfir hvers og eins. Tólf nemendur hófu nám á brautinni.

Á haustönn fór nemendatala skólans yfir 200. Margir þeirra voru þó í litlu námi. Um 40 nemendur voru frá ME og VA í stærðfræði og tölvufræði. Um 25 nemendur voru í fjarnámi í 30 tonna skipstjórnarnámi og um 40 nemendur hófu nám á skrifstofubraut sem boðið var sameiginlega upp á af framhaldsskólunum á Austurlandi. Auk þess voru 12 nemendur úr Heppuskóla skráðir í þýsku.

Um haustið hófst einnig nám á háskólastigi innan veggja skólans þegar fimm nemendur í fjarnámi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri fengu aðstöðu í skólanum og nýttu sér meðal annars fjarkennslubúnaðinn.

Brautskráðir 2001

2001.JPG

Aftari röð frá vinstri: Íris Gísladóttir, Sævar Már Björnsson, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari, Björgvin Óskar Sigurjónsson, Ragnar Sigrúnarson.

Fremri röð frá vinstri: Margrét Kristinsdóttir, Björk Steingrímsdóttir, Jóna Benný Kristjánsdóttir, Ólöf Ósk Garðarsdóttir.

FAS í Eystahorni 2000 - 2001

Fartölvuvæðing í FAS

30. tbl. 18. árg. 17. ágúst.

FAS verður með fyrstu framhaldsskólum til að fartölvuvæðast. Viljayfirlýsing um samstarf við Nýherja hf og Martölvuna ehf um fartölvuvæðingu í FAS. Nemendur hafa tekið vel í þetta og 25% nemenda hefur ákveðið að leigja eða kaupa sér fartölvu. Nýherji sér um það að setja upp örbylgjunet í skólanum og því er hægt að nota internetið um allt húsið.

Háskóli í FAS

32. tbl. 18. árg. 31. ágúst.

Síðasta þriðjudag hófst fjarkennsla frá Háskólanum á Akureyri í FAS. Kennslan fer þannig fram að á milli þess sem hlýtt er á fyrirlestra í fjarfundabúnaði skólans eru unnin verkefni og FAS sér svo um prófin í desember.

Verða Nýheimar of stórir?

38. tbl. 18. árg. 12. október.

Minnihluti í bæjarstjórn veltir fyrir sér hvort væntanlegt húsnæði verði of stórt.

Fóstureyðing á félagslífi FAS-ista 38. tbl. 18. árg. 12. október.

Grein Gísla Arnar Reynissonar um bágborið félagslíf í FAS.

Félagslíf FASARA

39. tbl. 18. árg. 19. október.

Haukur svarar grein Gísla Arnar fyrir hönd bæjarins.

Enn er fjör í FAS

39. tbl. 18. árg. 19. október.

Busun hjá FAS, busauppböð. Busavígslan var haldin í Bergárdal - þar sem busarnir voru vígðir af kóngi og drottningu. Eftir það var kveiktur varðeldur og spilað og sungið. Seinna var haldið íþróttamót á milli Heppuskóla og FAS. Uppistand var á Kaffihorninu og heppnaðist það vel og var góð mæting.

Verkfall í FAS

42. tbl. 18. árg. 9. nóvember.

Verkfall, stundakennarar reyna að halda einhverjum fögum uppi, skólinn er opinn, bókasafnið og mötuneytið líka og skólabíllinn heldur áfram að keyra á milli. Dauft yfir nemendum sem flestir segjast ætla að fara að vinna meðan á verkfallinu stendur, en þó ætla aðrir að nota tímann og læra. Verkföll kennara geta orðið til þess að nemendur hætti í skólanum.

Stórmálið „Nýheimar“

44. tbl. 18. árg. 23. nóvember.

Heimir Þór Gíslason skrifar um Nýheima og að hverju þurfi að huga í tengslum við bygginguna.

Kakóbolli hjá FAS

45. tbl. 18. árg. 30. nóvember.

Kaffihúsakvöld var í boði framhaldsskólanema á Höfn og svo var FAS-ball á eftir. Það sem fram fór var söngvarakeppni og komst sigurvegarinn áfram í Söngvarakeppni framhaldsskólanna. Sigurvegarinn var Edda Bjarnadóttir og fékk hún gott klapp.

Skólastarf hafið á ný

2. tbl. 19. árg. 13. janúar.

Kennarar og nemendur ánægðir með að vera komnir til starfa eftir tveggja mánaða hlé vegna verkfalls. Skólahald lengist og frí verða stýtt svo hægt sé að ljúka haustönninni.

10 bekkingar á árshátíð?

10. tbl. 19. árg. 8 mars.

Nú er árshátíð FAS og hafa 10 bekkingar alltaf fengið að fara í matinn og á dansleik en nú var þessu breytt og þau ekki ánægð. Leitað svara hjá Eyjólfu Guðmundssyni skólameistara. Kom í ljós í könnun sem gerð var meðal fyrrverandi 10 bekkinga þ.e nýnema í mennta- og fjölbrautarskólum víðsvegar um landið, sem sýndi að stór hluti þeirra byrjuðu að drekka áfengi á framhaldsskólaböllum sem þeim var boðið á.

Ný námsbraut við FAS

22. tbl. 19. árg. 31. maí.

Ný námsbraut með upplýsingar og fjölmiðlun sem markmið var kynnt á fundi í FAS. Áætlað að nám hefjist haustið 2001. Skipulag brautarinnar er þannig að í stuttu máli, að fyrst er þriggja anna grunnám, þá tekur við ein önn á sérsviði. Loks er eins árs starfsþjálfum sem lýkur með sveinsprófi.

Nýstúdentar vorið 2001

23. tbl. 19. árg. 2001.

Sagt frá útskrift í FAS sem fór fram 2. júní síðast liðinn. Þar útskrifuðust 8 stúdentar; Björgvin Óskar Sigurjónsson, Björk Steingrímsdóttir, Íris Gísladóttir, Margrét Kristinsdóttir, Jóna Benný Kristjánsdóttir, Ólöf Ósk Garðarsdóttir, Ragnar Sigrúnarson og Sævar Már Björnsson.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur.

Starfsfólk 2000 - 2001

Aðalheiður Þ. Haraldsdóttir: Íslenska fyrir útlendinga.

Arnbjörg Gunnlaugsdóttir: Fjármálastjóri.

Brynhildur Steindórsdóttir: Danska.

Dagrún Steinunn Ólafsdóttir: Náttúrufræði.

Dóra Stefánsdóttir: Enska.

Dögg Árnadóttir: Franska og danska.

Einar Torfason: Húsvörður.

Erla Oddsdóttir: Matráðskona.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari: Landfræði og félagsfræði.

Grétar Már Þorkelsson: Vistarvörður.

Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.

Helgi Heiðar Georgsson: Skipstjórnargreinar, stærðfræði, upplýsingatækni og bókfærsla.

Hjördís Skirnisdóttir: Þýska, náttúrufræði, jarðfræði og lífsleikni.

Hólmfríður Leifsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Hulda Valdís Gunnarsdóttir: Vistarvörður.

Sigurgeir Guðjónsson kennslustjóri Gagnfræðaskóla FAS: Saga, félagsfræði, fjölmiðlafræði og lífsleikni.

Stefán Stefánsson: Matreiðsla.

Tómas Ísleifsson: Líffræði, efnafræði og stærðfræði.

Unnur Garðarsdóttir: Fatasaumur.

Valgerður Gunnarsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.

Vilborg Gunnlaugsdóttir: Ræstingar.

Zophonías Torfason námsráðgjafi: Íslenska.

Sigurgeir Guðjónsson

sigurgeir.jpg

Sigurgeir ólst upp á Akureyri en var alltaf á Höfn yfir sumarið því hann á ættir sínar að rekja á Mýrarnar. Fyrst var hann í sveit og seinna vann hann í fiski. Hann útskrifaðist af málabraut frá MA

árið 1985. Hann lauk mastersgráðu í sagnfræði 1996 frá Háskóla Íslands og lauk kennslufræði frá Háskólanum á Akureyri í árið 1999.

Sigurgeir hóf störf sín sem kennari við FAS haustið 1998 en er í starfsleyfi skólaárið 2007 - 2008 og vinnur hann að því að skrifa doktorsritgerð. Hann segir það alveg líklegt að hann hefji aftur störf við skólann eftir námsleyfið.

Í FAS kenndi Sigurgeir sögu, lífsleikni, sálfræði, fjölmiðlafræði, félagsfræði og einnig var hann forfallakennari í þýsku og kenndi íslensku í smá tíma. En á meðan að hann er í starfsleyfi kennir Hlíf hans kennslugreinar.

Reynsla hans af skólanum er ekkert nema góð, einnig segir hann skólann hafa góða kennsluaðstöðu og bjóða nemendum mjög góða aðstöðu fyrir nám. Honum finnst skólinn alltaf vera að bæta sig og koma með nýjungar. „Skólinn er að þróast vel og hratt miðað við aðra skóla úti á landi” bætti hann við og segir að lesstofan væri mjög góð og til fyrirmyndar. Nemendum ætti að finnast þeir heppnir að hafa svona aðstöðu.

Við spurðum Sigurgeir um samband hans við nemendur sína og hann sagði okkur að hann hafi lent á góðum krökkum í gegnum sinn feril enda meirihlutinn skyldur honum.

Við spurðum einnig um samband hans við samstafsfolk sitt og sagði hann okkur að það hafi oftast verið gott en í heimi fullorðinna þá er oft tekist á.

Þann tíma sem Sigurgeir kenndi við skólann tók hann eftir hvað félagslífið var breytilegt, stundum var kraftur í því út árið en stundum fölnaði það fljótt og stundum var það aldrei neitt. Mismunandi krakkar í nemendaráði með mismunandi áherslur. Hann talaði um að það hafi gengið á ýmsu fyrsta árið sem nemandafélagið starfaði en tjáði sig ekkert frekar um það.

Í lokin báðum við Sigurgeir um eftirminnilegt atvik og sagði hann skemmtilega sögu frá því þegar hann var að setja í þvottavél heima hjá sér. Kötturinn hans Guðbrandur var eitthvað að flækjast fyrir honum og fyrir slysi lokaði Sigurgeir á rófuna á kettinum og var hann pikkfastur en þvottavélin fór um leið af stað. Reyndi Sigurgeir að ýta á takkana á vélinni til að slökkva á henni en það gekk ekki og hann gat auðvitað ekki opnað þvottavélina (því maður opnar ekki þvottavél sem er komin í gang). Á endanum náði Sigurgeir samt að slökkva á vélinni og kötturinn komst undan með heila rófu en smá beyglaða. Kötturinn er nú ekki á meðal okkar í dag en það kom ekkert þessu atviki við.

Við viljum þakka Sigurgeiri fyrir skemmtilegt samtal og óskum honum velgengni í því sem hann tekur sér fyrir hendur.

Unnið í nóvember 2007 af Ottó Marwin Gunnarssyni,
Ester Lind Hauksdóttur og Halldóri Björnssyni

Valgerður Hanna Úlfarsdóttir
hanna.jpg

Valgerður Hanna Úlfarsdóttir eða Hanna eins og hún er jafnan kölluð er fædd og uppalin á Fáskrúðsfirði en fluttist nokkrum sinnum búferlum, fyrst til Hafnarfjarðar svo til Egilsstaða og að

lokum til Hafnar þar sem hún hefur búið með manni sínum og sonum síðan 1994.

Þegar Hanna byrjaði í FAS haustið 2000 á sjúkraliðabraut hafði hún áður verið í ME í eitt ár þegar hún var 16 ára.

Hanna byrjaði í gamla FAS sem staðsettur var í Nesjum og segir hún að hún hafi ekki notað aðstöðuna þar til mikils annars en að mæta í tíma. Það breyttist þó eftir að skólinn flutti og segir hún að aðstaðan í Nýheimum sé mjög góð þegar nýjabrumið er farið af fyrsta árs nemum og ró komin á í lesaðstöðu skólans.

Jafnframt því að vinna sem sjúkraliði hélt hún áfram námi í FAS og vorið 2006 útskrifaðist með stúdentspróf. Núna er hún í Háskólasetrinu í Nýheimum í fjarnámi í hjúkrunarfræði frá Háskólanum á Akureyri.

Hanna gat þó ekki stundað allt sitt nám herna á Hornafirði því að hún þurfti í sjúkraliðanáminu að fara tvær annir á Norðfjörð í sérnám, þ.e. að vera í hálfan mánuð þar og hálfan mánuð hér á Höfn allan veturinn. Þar að auki þurfti hún svo að taka sextán vikur í starfsnámi á Fjórðungsjúkrahúsinu í Neskaupstað.

Hanna var ekki mjög virk í félagslífinu í FAS enda vann hún með skóla og rak heimili í leiðinni. Tvisvar sinnum tók hún þó þátt í dimmiteringu og kynntist þar tveimur skemmtilegum útskrifarhópum.

Hanna hlaut sína busavígslu á fyrsta ári í framhaldsskóla en þá var hún í ME. Henni fannst það ógeð og hún getur ennþá fundið lýsislyktina.

Hún getur ómögulega gert upp á milli kennara sem og námsgreina en minnst vel umræðutímanna hans Zophoníasar um Njálu og NÁT123 hjá Hjördísi. Að lokum vill Hanna koma því á framfæri að nám er vinna og vill eindregið benda krökkum á að ljúka námi áður en farið er að hugsa um vinnu.

Unnið í nóvember 2007 af Alen Haseta,
Einari Andréssyni og Kristjáni Birni Skúlasyni.

Skólaárið 2001 - 2002

2001-2002_1.jpg

Bygging Nýheima. Þróun 100 tíma reglunnar hélt áfram og var nú lögð áhersla á að skipuleggja vinnudag nemenda frá því klukkan 8 á morgnana til 5 á daginn.

Framhaldsskólarnir á Austurlandi buðu sameiginlega upp á nám á „Námsbraut í upplýsinga og fjölmiðlagreinum“ í samvinnu við fyrirtæki á svæðinu. Um var að ræða nýja námsbraut á sviði tölvutækni, myndvinnslu og prentunar. Styrkur fékkst úr Þróunarsjóði framhaldsskóla til að vinna að verkefninu.

Nemendaskráningarkerfið Inna var tekið upp.

Í september fóru nemendur af náttúrufræðibrautum í ME og FAS í líffræði- og jarðfræðiferð í Skaftafell.

Gerður var samningur við Leikfélag Hornfjarðar um uppsetningu á leikriti. Sett var upp leikritið Þetta snýst ekki um ykkur.

Tekið var upp samstarf við framhaldsskóla í Belgíu. Samskipti fóru fram í WebCT og stefnt var að gagnkvæmum heimsóknum næsta vetur.

Opin vika var með hefðbundnu sniði að mestu. Til viðbótar venjulegum hópum var söngleikjahópur sem þegar hafði reyndar farið af stað. Vinnan í hópnum endaði með uppsetningu á söngleiknum Tuskubusku.

Veturinn einkenndist einnig nokkuð af undirbúningi fyrir flutning í nýtt hús um haustið. Meðal annars var farið í skoðunarferð þegar búið var að steypa húsið upp. Áður en farið var í sumarfrí var farið í gegnum gögn og annað til að ákveða hvað færi með í nýja húsið, hverju yrði hent og hvað skilið eftir.

Brautskráðir 2002

2002.JPG

Aftari röð frá vinstri: Anna Kristín Albertsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari, Elín Helgadóttir, Guðlaug Ósk Pétursdóttir.

Fremri röð frá vinstri: Anna Lilja Ragnarsdóttir, Jón Karl Jónsson, Katrín Birna Práinsdóttir.

FAS í Eystahorni 2001 - 2002

Busavígsla

37. tbl. 19. árg. 13 september 2001.

Sagt frá busavígslu í FAS í máli og myndum.

Samstarfssamningur

41. tbl. 19. árg. 11 október.

FAS og Leikfélag Hornarfjarðar skrifa undir samstarfssamning. Þar skuldbinda þessir aðilar sig til að vinna sameiginlega að leiklistarnámskeiði og uppsetningu á leikriti fyrir nemendur skólans á haustönn 2001.

„Þetta snýst ekki um ykkur“

46. tbl. 19. árg. 15. nóvember.

Föstudaginn 16. nóvember verður leikritið Þetta snýst ekki um ykkur frumsýnt í Mánagarði. Sextán leikarar koma fram í sýningunni og leikstjóri er Þröstur Guðbjartsson.

Mikill fjöldi nemenda í fjarnámi

47. tbl. 1. árg. 22. nóvember.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er annar í röðinni hvað varðar nemendafjölda í fjarnámi. Flestir stunda fjarnám frá Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Frábær sýning

47. tbl. 1. árg. 22. nóvember.
Leiklistargagnrýni um þetta snýst ekki um ykkur.

FAS keppir á föstudaginn

3. tbl. 20. árg. 24. janúar.
Lið FAS í Gettu betur keppir í annarri umferð spurningakeppninnar á morgun við lið Menntskólans við Hamrahlíð. Í liðinu eru Eydís Einarsdóttir, Helga Lucia Bergsdóttir og Ólafur Páll Vignisson. Varamaður í liðinu er Sverrir Örn Sverrisson. Liðsstjóri er Guðný Svavarsdóttir.

Opin vika í FAS

7. tbl. 20. árg. 21. febrúar.
Þessa vikuna stendur yfir svokölluð opin vika í FAS og fengist er við ýmislegt annað en hefðbundinn lærdóm. Hæst bera æfingar á söngleiknum Tuskubusku eftir Hlyn Arnórsson en frumsýning verður á árshátíð skólans.

Tuskubuska

8. tbl. 20. árg. 28. febrúar.
Helga Lucia Bergsdóttir skrifar um opna viku og frumsýningu á leikritinu Tuskubusku.

Söngleikurinn Tuskubuska

9. tbl. 20. árg. 7. mars.
Gagnrýni Eystrahorns um leikritið Tuskubusku.

Nýheimar - stórhuga verkefni

13. tbl. 20. árg. 4 apríl.
Gísli Sverrir Árnason, kynnir Nýheima og þá starfsemi sem þar mun fara fram.

Útskrift stúdenta í Mánagarði

21. tbl. 20. árg. 30 maí.
Þeir eru: Anna Kristín Albertsdóttir, Anna Lilja Ragnarsdóttir, Elín Helgadóttir, Guðlaug Pétursdóttir, Jón Karl Jónsson og Katrín Birna Þráinsdóttir.

Ágrip úr ræðu við skólaslit FAS

21. tbl. 20. árg. 30 maí.
Zophonías Torfason námsráðgjafi fyrsti skólameistari FAS hélt þessa seinustu útskriftarræðu fyrir flutning skólans í Nýheima á Höfn.

Bygging Nýheima á lokastigi

29. tbl. 20. árg. 25 júlí.
Grein um byggingaframkvæmdirnar.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur.

Starfsfólk 2001 - 2002

Arnbjörg Gunnlaugsdóttir: Fjármálastjóri
Andri Þorleifsson: Líffræði, efnifræði og náttúrufræði.
Ásgeir Júlíusson: Trésmíði.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir: Sjúkraliðagreinar.
Björn Jóhannsson. Efnafræði, líffræði og náttúrufræði.
Brynhildur Steindórsdóttir: Danska.
Dögg Árnadóttir: Franska og danska.
Einar Torfason: Húsvörður.
Erla Oddsdóttir: Matráðskona.
Eyjólfur Guðmundsson skólameistari: Landfræði og félagsfræði.
Gunnar Ingi Valgeirsson: Íþróttir (vorönn 2002).
Guðrún Guðmundsdóttir: Vistarvörður.
Kristín Gísladóttir: Danska.
Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.
Helga Ólöf Eiríksdóttir: Sjúkraliðagreinar.
Helgi Heiðar Georgsson: Skipstjórnargreinar, stærðfræði, upplýsingatækni og bókfærsla.
Hjördís Skirnisdóttir: Þýska, náttúrufræði, jarðfræði og lífsleikni.
Hlynur Arnórsson: Stærðfræði, rússneska og leiklist.
Margrét Jóhannesdóttir: Ræstingar.
Steingerður Hreinsdóttir: Félagsfræði og enska.
Sigurgeir Guðjónsson verkefnastjóri Gagnfræðaskóla FAS: Saga, félagsfræði, fjölmiðlafræði og lífsleikni.
Sigurður Mar Halldórsson: Grafískar greinar.
Sigurður Ingólfsson: Íslenska.
Valgerður Gunnarsdóttir: Starfsstúlka í mötuneyti.
Vilborg Gunnlaugsdóttir: Ræstingar.
Zophonías Torfason námsráðgjafi: Íslenska.
Þórunn Björg Jóhannsdóttir: Sjúkraliðargreinar.

Helga Lucía Bergsdóttir
helgalucia1.jpg

Helga Lucia Bergsdóttir er fyrrverandi nemi í FAS. Hún útskrifaðist af náttúrufræðibraut vorið 2003. Þegar hún útskrifaðist fór hún til Reykjavíkur í Háskóla Íslands í tvö ár en fljótt eftir það í Kennaraháskólann. Núna starfar hún sem umsjónarkennari í Nesjaskóla.

Hún getur vel hugsað sér að skrá sig aftur í FAS ef skólinn mun bjóða upp á eitthvað sem hana langar til að læra eða sem hún getur nýtt sér í framtíðinni.

Henni líkaði vel í FAS og telur að skólinn sé sífellt að vinna í því að bæta sig. Það fer heldur ekki framhjá henni að félagslífið er orðið langt um öflugara núna en þegar hún var nemandi FAS vegna þess að þegar hún byrjaði í skólanum var félagslífið ekki beint gott, svo var það verra og verra. Nemendaráð fór einmitt einu sinni í verkfall á þessum árum og þá gerðist ekki mikið.

Hún var sveitabarn og því ekki beint virkur þátttakandi í félagslífinu.

Að lokum biður hún að heilsa Eyjólf!

Unnið í nóvember 2006 af Kristjáni Helga Hjartarsyni,

Margréti Vignisdóttur og Rakel Ósk Sigurðardóttur

Jón Karl Jónsson

jonkarl.jpg

Jón Karl Jónsson er fæddur og uppalinn á Hornafirði og er ættaður frá Smyrlabjörgum í Suðursveit.

Jón Karl útskrifaðist úr FAS af félagsfræðibraut árið 2002. Á þeim tíma var skólinn staðsettur inni í Nesjum. Áður en Jón Karl kom í FAS lauk hann námi frá hönnunardeild Iðnskólans í Hafnarfirði árið 1998. Hann er nú á lokaönn í Margmiðlunarskólanum og stefnir á að næla sér í starf á auglýsingastofu eða eitthvað af því tagi.

Hann segir reynslu sína af FAS hafa verið nokkuð blaut, þar sem marga daga rigndi innandyra, en segir samt sem áður að árin í FAS hafi verið mjög skemmtileg. Hann gæti svo sem hugsað sér að sækja skólann til frekara náms, ef FAS myndi bjóða viðbótarnám nám í hans fagi. „En ætli þetta sé ekki farið að verða orðið gott af skólagöngu“ bætir hann við.

Samband Jóns við kennarana var misgott að hans sögn, en við spurðum hann hvort hann hafi getað komið sér í uppáhald hjá einhverjum þeirra. Sagðist hann hafa komist upp með margt hjá honum Sigurgeir.

Í kjölfari þessa spurðum við hvort hann hafi komið sér í ónád hjá einhverjum kennara. Hann sagði að einn kennari hafi verið duglegri en aðrir að fella hann og telur hann að það hafi að stórum hluta stafað af kyni sínu. „En við skulum ekki nefna nein nöfn“ segir Jón.

Þegar Jón Karl var inntur um álit sitt á félagslífi skólans meðan hann stundaði þar nám sagðist hann muna eftir ákveðnu atviki þegar hann var busi í FAS (fyrsta árs nemi) sem tengdist karlkyns strippara í Sjálfstæðishúsinu en vildi ekkert fara nánar út í það. Segir hann það bara hafa verið nokkuð súrt dæmi.

Einnig man hann vel eftir sinni fyrstu utanlandsferð, sú ferð var á vegum nemandafélags FAS. Það var ferð til Danmerkur þar sem hann og nokkrir samnemendur lentu í því að þurfa að hlaupa undan lögregluhundum, lenda í táragsi og jafnframt þurftu þeir að passa sig á að stíga ekki í blóðpolla á ráðhústorginu (Rådhuspladsen) segir Jón. „Krakkarnir voru nefnilega staddir þar sem þúsundir Tyrkja urðu brjálaðir eftir fótboltaleik við breskt lið og varð allt vitlaust. Það var meirihluti hópsins sem lenti í þessu. Það má segja að við höfum verið stödd á röngum stað á röngum tíma. Sumir urðu jafnvel það frægir að þeir birtust á forsíðum danskra blaða eftir þetta atvik. En aðrir eins og ég stungu af og trúðum okkur á fremstu víglínu og skemmtum okkur eins og svín í drullu“ segir Jón að lokum.

Við viljum þakka Jóni fyrir gott spjall og skemmtilegar sögur og óskum honum velferðar í lífinu.

Unnið í nóvember 2007 af Ottó Marwin Gunnarssyni,
Ester Lind Hauksdóttur og Halldóri Björnssyni.

Skólaárið 2002 - 2003

2002-2003_1.jpg

Vígsla Nýheima. Fyrsta stafsárið í Nýheimum. Nokkrum dögum fyrir kennslubyrjun fluttu menn gögn, tæki og húsgögn úr gamla skólanum í þann nýja í Nýheimum. Allt var gert klárt fyrir kennslu á nokkrum dögum. Allir áfangar voru settir upp í WebCT, tölvusambandið var endurnýjað, tölvuvagn kom í stað tölvustofu, keyptur nýr myndfundabúnaður, samningurinn við bókasafnið var endurnýjaður og nemendum gert í upphafi annar að gera vikuáætlun þar sem vinna þeirra í formi kennslustunda og utan þeirra var skipulögð.

Í stað heimavistar sem skólinn hafði aðgang að inn í Nesjum þegar hann var þar var gerður samningur við Verbúðir ehf um rekstur heimavistar í Ásgarði.

Margir komu í heimsókn til að skoða Nýheima og var þeim sýnt húsið samhliða kynningu á starfsemi skólans.

Ásóknin í að nota húsið varð strax mikil. Í september var nokkurra daga námskeið doktorsnema í ferðamálafræðum og safnamenn af öllu landinu héldu vikulangt þing. Með þessu má segja að sleginn hafi verið tónninn fyrir notkun Nýheima.

Farið var af stað með þróunarverkefnið „Frumkvöðlamenntun í framhaldsskóla“ sem styrkt var af Þróunarsjóði framhaldsskóla. Með því var ætlunin að finna leiðir til að koma frumkvöðlamennt inn í framhaldsskóla á Íslandi. Sótt var ráðstefna í Noregi um málið og efnt til viðtæks samráðs við þá sem reynslu og þekkingu höfðu á málinu. Í apríl var svo ráðstefna á landsvísu um frumkvöðlamenntun á sama degi og Frumkvöðlasetur Austurlands hóf formlega starfsemi sína í Nýheimum.

Á sama tíma var einnig unnið að þróun fjarnáms á sjávarútvegsbraut og þá einkum þann hluta brautarinnar sem tengdist 30 lesta réttindanáminu. Um vorið var meðal annars farið í mikla kynningarferð á Norður- og Austurlandi þar sem fjarkennsla á sjávarútvegsbrautinni í skólanum var kynnt.

Við stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi var sótt í smiðju FAS varðandi skipulag náms og kennslu í fámennum skóla.

Kaupfélagið rak veitingasöluna þegar aðstaðan var tilbúin og fljótlega var þá tekinn upp sá siður að vera með uppákomur í hádeginu á föstudögum sem vakti strax mikla lukku.

Haldið var áfram með samstarfið við St. Gabriel skólann í Belgíu sem lagt var af stað með vorið 2002. Verkefnið var í gegnum Comeníusaráætlun Evrópusambandsins og byggist á samskiptum í gegnum tölvur og myndfundabúnað og auk þess gagnkvæmar hálfsmánaðar heimsóknir. Af þessu verkefni var samhliða mikið gaman og gagn.

Í opinni viku var auk hefðbundinnar hópavinnu eftir hádegisdag sameiginleg dagskrá fyrir hádegis sem hófst með söng en síðan var spilað á spil, keppt í fótbolta, fluttar kynningar og efnt til nemendafunda.

Á vorönn var settur upp söngleikurinn Kaffi Caffé.

Boðið var upp námskeið í meðferð hesta og reiðmennsku, svonefnt knapamerkjanámskeið, sem margir nýttu sér. Knapamerkjanámskeið hafa síðan verið reglulega í boði við skólann.

Í stað hefðbundins valdags var sett niður val vika þar sem umsjónarkennarar hittu hvern umsjónarnemanda einslega til að fara yfir val hans fyrir næstu önn.

Brautskráðir 2003

2003.JPG

Aftari röð frá vinstri: Helga Hlín Bjarnadóttir, Ásta Margrét Egilsdóttir, Gréta Friðriksdóttir, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Baldur Bjarnason, Jónas Magnússon, Vigfús Vigfússon, Gunnar Auðunn Jóhannsson, Guðjón Örn Magnússon, Elín Helgadóttir, Sigríður Lárusdóttir, Helma H. Gunnarsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari.

Fremri röð frá vinstri: Lilja Sigurðardóttir, Eydís Einarsdóttir, Helga Lucia Bergsdóttir, Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir.

FAS í Eystahorni 2002 - 2003

Forseti Íslands við vígslu Nýheima

33. tbl. 20. árg. 22 ágúst.

Grein um vígslu Nýheima.

Nemendum fækkar ekki

33. tbl. 20. árg. 22 ágúst.

Viðtal við Eyjólf Guðmundsson skólameistara. Hann er spurður hvort nemendur í sveitarfélaginu sækji lítið í FAS. Hann segir svo ekki vera og í raun sé í öllum skólum mikil hreyfing á nemendum. Eyjólfur segist hlakka til þeirra breytinga sem verða með flutningi FAS í Nýheima. Eyjólfur kynnir hugmyndir um að nemendur sinni sem mest sínu heimanámi í húsakynnum skólans.

Skóli á tímamótum

33. tbl. 20. árg. 22 ágúst.

Grein eftir Ólöfu Óladóttur. „Af hverju vill unga fólkið ekki FAS?“ spyr hún. Hún segir skólann ekki njóta virðingar í samfélaginu sem hún telur óréttláta gagnrýni.

Til hamingju Austur-Skaftfellingar!

34. tbl. 20. árg. 29. ágúst.

Framhaldsskólinn settur í fyrsta sinn í Nýheimum þann 25. ágúst.

Vígsla Nýheima

34. tbl. 20. árg. 29. ágúst.

Sagt frá vígslu Nýheima í máli og myndum.

Símenntun sífellt vinsælli

35. tbl. 20. árg. 5. september.

Viðtal við Líneik Önnu Sævarsdóttur framkvæmdastjóra FNA og aðkomu Framhaldsskólans að símenntun.

FAS steinlá fyrir Flensburg

2. tbl. 21. árg. 16. janúar.

FAS tók á móti Flensburg í spurningakeppni framhaldsskólanna. Flensburg náði 25 stigum í hraðaspurningunum, en FAS náði 11 stigum. Leikarnir enduðu með 39 stigum fyrir Flensburg og 17 stigum fyrir FAS. Keppendur fyrir hönd FAS voru Guðjón Örn Magnússon, Ingibjörg Zophoníasdóttir og Helga Lucia Bergsdóttir. Þjálfari var Guðný Svavarsdóttir.

Námsferð til Belgíu - Steingerður tekin tali

6. tbl. 21. árg. 13. febrúar.

Viðtal við Steingerði Hreinsdóttur kennara í FAS en hún hefur í vetur verið verkefnisstjóri í Comeniusar verkefni sem styrkt er af Evrópusambandinu. Átján nemendur úr FAS eru á leið til Belgíu á næstunni og dvelja þar í hálfan mánuð.

Söngvakeppni FAS

7. tbl. 21. árg. 20. febrúar.

Keppendur í þetta skiptið voru fimm talsins. Hljómsveitin Parket var hljómsveit hússins og spilaði fyrir alla keppendur nema tvo. Fyrsti keppandi var Hulda Rós Sigurðardóttir og söng hún lagið Streets of London eftir Ralph McTell. Næst á svið var tíu manna hópur og söng lagið Summer nights úr Grease söngleiknum; Elísabet Bjarnadóttir og Davíð Gunnarsson sungu en Hafrún Gísladóttir, Matthildur Birna Gunnarsdóttir, Bergþóra Ólafía Ágústsdóttir og Svanhildur Garðarsdóttir sáu um bakraddir og fjórar ungar dansþiur sáu um mjaðmaskakið. Í þriðja atriði sáu Ásta Margrét Egilsdóttir og Helga Hlín Bjarnadóttir um söng og dans og tóku þær Stuðmannalagið Fljúgðu. Fjórða á svið var belgísk stúlka að nafni Lieselot Van Dyck. Hún tók lagið Panic með Quetzal og söng lagið án hljóðfæraleiks sem vakti mikla athygli. Síðasti keppandinn var Ágúst Reynisson og söng hann lagið Ryksugan á fullu við mikinn hlátur og fögnuð áhorfenda. Sigurvegarinn í þessari söngvakeppni var Hulda Rós Sigurðardóttir.

Belgískir nemar í FAS, notalegur skóli

14. tbl. 21. árg. 10. apríl.

Viðtal við tvo nema frá Belgíu, Niki og Wim. Þau segja frá skólanum sínum úti. Þau segja að FAS notalegan skóla þar sem allir þekkja alla.

Leikfélag FAS - Frumsýnir söngleik í Nýheimum

17. tbl. 21. árg. 30. apríl.

Leikfélag FAS frumsýnir söngleikinn Kaffi Café. Söngleikurinn gerist í kaffihúsi þar sem tíminn ræður lögum og lofum. Fimmtán leikarar koma að sýningunni auk fjögurra manna hljómsveitar. Með aðalhlutverk fara Ágúst Elvarsson, Edda Bjarnadóttir, Birgir Fannar Reynisson og Ásta Margrét Egilsdóttir. Hljómsveitina skipa Vigfús Dan, Halldór Halldórsson, Þorgrímur Tjörvi Halldórsson og Hlynur Arnórsson.

Leitað í smiðju hjá FAS

17. tbl. 21. árg. 30. apríl.

Hrönn Pétursdóttir rekstrarhagfræðingur kom hingað til að skoða FAS vegna framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Hún segir að margir hafi bent henni á að skoða FAS því þar væri verið að gera góða hluti. Byggja á skóla á Grundarfirði og á að nota reynslu FAS við þá vinnu.

Frábær árangur í þýskupraut

18. tbl. 21. árg. 8. maí.

Hulda Rós Sigurðardóttir nemi í FAS náði 9.-11. sæti í svonefndri þýskupraut. Árangur hennar er mjög góður því alls tóku 114 nemendur þátt á aldrinum 17 - 19 ára.

Söngleikurinn Kaffi-Café

19. tbl. 21 árg. 15. maí.

Palli á Fiskhól skrifar um leikritið.

„Mæli eindregið með skólanum“

20. tbl. 21. árg. 22. maí.

Viðtal við Sigrúnu Ingu Sigurgeirsdóttur og Gunnar Auðunn Jóhannsson en þau útskrifast sem stúdentar frá skólanum nú í vor.

Aldrei fleiri útskrifaðir

21. tbl. 21. árg. 29. maí.

Á annað hundruð manns voru viðstaddir fyrstu útskrift FAS í Nýheimum. 16 nemendur útskrifuðust. Þrír nemendur útskrifuðust af sjúkraliðabraut; Elín Helgadóttir, Helma H Gunnarsdóttir og Sigríður Lárusdóttir. 13 stúdentar útskrifuðust og hefur nýstúdentahópurinn aldrei verið fjölmennari. Stúdentarnir eru: Ásta Margrét Egilsdóttir, Baldur Bjarnason, Eydís Einarsdóttir, Gréta Friðriksdóttir, Guðjón Örn Magnússon, Gunnar Auðunn Jóhannsson, Helga Lucia Bergsdóttir, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Jónas Magnússon, Lilja Sigurðardóttir, Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir og Vigfús Vigfússon.

Unnið af Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og Sædís Ösp Valdimarsdóttur.

Starfsfólk 2002 - 2003

Arnbjörg Gunnlaugsdóttir: Fjármálastjóri.

Davíð Art Sigurðsson: Myndlist.

Eiríkur Már Hansson: Trésmíði.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari: Landfræði og félagsfræði.

Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.

Helgi Heiðar Georgsson: Skipstjórnargreinar, stærðfræði, upplýsingatækni og bókfærsla.

Hjördís Skirnisdóttir: Þýska, náttúrufræði, jarðfræði, lífsleikni og matreiðsla.

Hlynur Arnórsson: Stærðfræði, danska, rússneska og leiklist.

Kristján Vífill Karlsson: Húsvörður.

Miralem Hasetta: Húsvörður.

Steingerður Hreinsdóttir: Félagsfræði og enska.

Sigurgeir Guðjónsson verkefnastjóri Gagnfræðaskóla FAS: Saga, félagsfræði, lífsleikni og fjölmiðlafræði.

Svava Rán Karlsdóttir: Enska og spænska.

Sævar Þór Gylfason: Íþróttir.

Tómas Ísleifsson: Líffræði, efnafræði, stærðfræði og náttúrufræði.

Unnur Garðarsdóttir: Fatasaumur.

Zophonías Torfason námsráðgjafi: Íslenska.

Hlynur Pálmason

Eftir tíunda bekk hóf Hlynur nám í FAS en þá var skólinn ennþá staðsettur í Nesjum. Þar var Hlynur í ár þangað til að hann ákvað að breyta aðeins til og flutti í Borganes til afa síns og ömmu. Á meðan hann dvaldi í Borganesi stundaði hann nám við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Var hann þar í eitt ár. Hlynur kláraði stúdentspróf í Fjölbrautarskólanum í Ármúla þar sem hann var á félagsfræðibraut með fjölmiðlafræði sem kjörsvið. Hann var samt á alls konar brautum gegnum framhaldsskólaárin. Hann var t.d. á hagfræðisbraut á Akranesi og byrjaði á málabraut í FAS. Hlynur var samtals tvö ár í FAS.

Eftir framhaldsskólanámið fór Hlynur aftur austur á Hornafjörð og fór að vinna í Byggingarvörudeild KASK. Um haustið fór hann til Danmerkur í kvikmyndanámi. Skólinn sem hann fór í í Danmörku kallast „The European Film College“ og er staðsettur í litlum bæ sem heitir Ebeltoft og er í Jótlandi. Námið tók eitt ár.

Í FAS líkaði Hlyni við sögu vegna Sigurgeirs. Hlynur hafði mjög gaman af tímunum hjá honum. Einng var enskan mjög fín. Hlyni finnst framhaldsskólakerfið á Íslandi frekar gamaldags, samt sem áður sér hann eftir að hafa ekki klárað málabraut og lært nokkur tungumál sem væri frábært að kunna í dag.

Hlyni fannst félagslífið í FAS var frekar slappt á dögum hans þar. Það þurfti mikið til að fá fólk til þess að hittast á þeim tíma, Hlynur var þó með í nemendaráði „Manni fannst alltaf vanta fólk, vonandi hefur þetta breyst með tímanum“ segir Hlynur. En fábreytt félagslíf er líka ein ástæðan fyrir því að Hlynur flutti frá Höfn.

Unnið í nóvember 2007 af Jóni Snorra Þorsteinssyni,
Ragnari Inga Jóhannessyni og Þyrí Imsland.

Bryndís Hólmarsdóttir

bryndish.jpg

Bryndís Hólmarsdóttir er fædd og uppalin í Dalasýslu. Hún fluttist til Hornafjarðar árið 1988, en auk þess hefur hún búið í Reykjavík, Akranesi og á Djúpavogi. Hún á tvö börn, sér um sögustundina á bókasafninu og sér um útgerð ásamt manni sínum. Hennar helsta áhugamál er hestar.

Bryndís byrjar í FAS árið 1999 sem þá var í gamla skólanum inni í Nesjum en fór svo í nýja skólann þegar hann flutti á Höfn. Henni fannst aðallega aðstöðumunurinn betri í nýja skólanum; stærri stofur, meira pláss og hægt að gera miklu meira. Nemendur voru meira samanþjappaðir í gamla FAS.

Eins og hefur komið fram er Bryndís tveggja barna móðir. Þegar hún var í skólanum var hún í fullri vinnu og rak auk þess heimili. En vinnutíminn hennar var þannig að hún gat skroppið frá til að fara í skólann. Það var gott en gat stundum verið erfitt og mikið álag.

Henni fannst vera frábær félagsskapur í skólanum þótt hún hafi verið aðeins eldri enn hinir nemendurnir. Bryndís sagði að henni hafi fundist frekar tómlegt þegar hún var orðin stúdent og þurfti ekki að mæta í skólann lengur.

Bryndís útskrifaðist árið 2004. Bryndís stefnir á að fara í meira nám haustið 2008. Hana langar að læra margt, til dæmis dýralækningar, viðskiptafræði og margt fleira.

Við spurðum hana einnig hvort hún hafi lent í einhverjum vandræðum eða óhöppum í sambandi við skólann, þá svaraði hún flissandi að hún hefði einu sinni labbað úr tíma hjá einum kennara sem hún vildi ekki segja hver væri.

Við spurðum hana líka hverjir hafi verið hennar uppáhaldstímar og þá svaraði hún að það hefðu verið tímarnir hjá Zophoníasi og hjá Hjördísi, einnig voru tímarnir hjá Sigurgeiri skemmtilegir.

Bryndís telur að Framhaldsskólinn eigi bjarta framtíð fyrir sér. Henni finnst að allir eigi að fara í skóla því það sé frábær félagsskapur, þroskandi og um leið mannþætandi.

Unnið í nóvember 2007 af Gunnari Ásgeirssyni, Hafdísi Hauksdóttur og Helga Garðari Guðmundssyni.

Björn Pálsson
bjossi.jpg

Björn Pálsson er 21 árs gamall. Hann lauk framhaldsskólanámi sínu á 3 árum, hann tók fyrsta árið sitt í FAS en lauk námi sínu í MH. Hann var á 19. ári þegar hann útskrifaðist af náttúrufræðibraut í maí 2005. Honum fannst mjög fínt í FAS, sagði að þar væri allt öðruvísi stemning en í stærri skólum og hann sagði FAS hafa marga kosti sem aðrir skólar hafa ekki.

Þegar við spurðum hann hvernig félagslífið hafi verið svaraði hann því að það hafi alveg verið nóg fyrir hans smekk. Hann sagði það erfitt að halda uppi stuði í hverri viku í ekki stærri skóla en engu að síður fannst honum það alveg nóg.

Björn sagði að hann hafi farið í FAS vegna þess að allir vinir hans voru í skólanum og svo sagði hann „Maður var kannski fullungur til að flytja að heiman“. Hann fór hins vegar eftir eitt ár en árið sem hann var í skólanum nýttist vel og hann var engu síðri nemandi en aðrir þegar hann hélt í borgina.

Við spurðum hann hvort hann hafi átt einhvern uppáhalds kennara, og hann svaraði: „Svonaaaa. Metnaðarfullu kennararnir eru þeir sem maður heldur mest upp á í dag en þeir voru helvíti böggandi á meðan verkefnið dundu yfir mann. Zophonías, Hjördís og Hlynur Arnórs voru öll mjög metnaðarfullir kennarar.“

Björn var ekki í nemendaráði því hann þóttist alltaf hafa nóg á sinni könnu, en sagði að svona eftir á séð hefði það kannski verið gaman.

Björn átti nokkrar eftirminnilegar minningar úr FAS, t.d. sagði hann að busunin hafi verið minnisstæð og að það hafi verið ógeðslega vont að láta rasskella sig um kvöldið fyrir „brot“ dagsins en þau voru ekki stórvæg að hans mati. Einnig var opna vikan á vorönninni mjög skemmtileg, hann tók þátt í því að vera með útvarpsþátt. Svo var mjög eftirminnilegur hópsöngur á morgnana í opnu vikunni, hann sagði það hafa verið einstaklega mikla pínu og að hann væri á útivelli þegar kæmi að söng, annað en Tjörvi sem naut sín í botn!

Útskriftarhópurinn hans úr MH fór í tjaldferð í Þórsmörk. En Björn fór ekki með. Þegar við spurðum hann hvers vegna sagði hann: „Ég var nú allt of svalur fyrir svoleiðis brölt eins og ég á kyn til“.

Í dag býr Björn í Reykjavík og er á þriðja ári í lögfræði í Háskóla Íslands. „Framtíðin er nú alveg óráðin“ sagði hann en sagði svo að „hún hlyti að tengjast eitthvað menntun hans og vonar að það verði eitthvað skemmtilegt“.

Unnið í nóvember 2007 af Önnu Lind Þórhallsdóttur,
Heiðu Jóhönnu Pálmadóttur og Friðrik Gottlieb Ólafssyni.

Einar Smári Þorsteinsson
einarsmari_1.jpg

Einar Smári Þorsteinsson hóf og kláraði framhaldsskólagöngu sína í FAS. Hann hóf nám á náttúrufræðibraut haustið 2002 og hann útskrifaðist af henni árið 2006. Hann sagði að ástæðan fyrir því að hann fór í FAS væri sú að hann hefði ekkert í annan skóla að gera þar sem hann er nú uppalinn hérna og gat tekið allt námið sitt hér.

Við spurðum Einar Smára hvort hann hafi átt sér einhvern uppáhaldskennara en hann sagði að það hefði nú enginn einn staðið uppúr frekar en einhver annar, þeir voru bara allir ágætir. Þegar við spurðum hann um félagslífið fannst honum það nú ekkert merkilegt eða svona upp og ofan eins og hann sagði.

Hann hefur ekki skellt sér í háskóla þar sem hann er starfandi sem kennari í Nesjaskóla og er einnig að þjálfra fótbolta hjá Sindra.

Einar Smári mælir með FAS fyrir nemendur, sérstaklega fyrir nemendur sem eru héðan og bara fyrir alla því að þetta er fín skóli sem hefur góða lesstofu fyrir lærdóm og þess háttar. Við þökkum Einari Smára kærlega fyrir viðtalið.

Unnið í nóvember 2006 af Friðriki Gottlieb Ólafssyni,
Konstanze Simbriger og Rósu Dröfn Pálsdóttur.

Skólaárið 2003 - 2004

2003-2004_1.jpg

Útskrift af vélgæslunámskeiði á Djúpvaggi. Í upphafi vetrar var ákveðið á leggja meiri áherslu á hópvinnu í skólastarfinu til að vege upp á móti þeirri einangrun sem gætir við aukna notkun á tölvum og auknu fjarnámi. Áherslan var sett fram í kjörorðinu „Nám er félagslegt ferli“.

Um vorið var gengið frá skólanámskrá og hún sett á vefinn. Þar voru kjörorð skólans sett fram: „Nám er vinna og félagslegt ferli. Skóli er þjónustustofnun“.

Almenn braut var skipulögð upp á nýtt. Tekin var upp einstaklingsbundin námskrá og gerður samningur við hvern nemanda um nám hans í samræmi við óskir hans og framtíðaráform.

Haldið var áfram með þróunarverkefnið í frumkvöðlafræði. Á haustönn var kenndur áfanginn FRU103 sem á annan tug nemenda sótti. Einnig var unnið að þýðingu amerískrar bókar og í mars var Frumkvöðlafræðslan ses. stofnuð. Auk skólans áttu aðild að henni: Byggðastofnun, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Íslandsbanki, Iðntæknistofnun og Atvinnuþróunarsjóður Austurlands.

Vegna aukinnar áherslu á viðtöl, svo sem umsjónarviðtöl og miðannarviðtöl var efnt til námskeiðs í viðtalstækni sem allir kennarar skólans sóttu.

Haldið var fjölmennt vélgæslunámskeið á Djúpavogi og um vorið var sérstök útskriftarathöfn af því tilefni þar.

Efnt var til samstarfs við Menningarmiðstöðina um félagslíf ungs fólks í sveitarfélaginu.

Brautskráðir 2004

2004.JPG

Aftari röð frá vinstri: Pórey Harpa Þorbergsdóttir, Ingibjörg Zophoníasdóttir, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari, Sigursteinn Haukur Reynisson, Valgerður Hanna Úlfarsdóttir.

Fremri röð frá vinstri: Birna Þrúður Sigurbjörnsdóttir, Bryndís Björk Hólmarsdóttir, Eva Lind Björnsdóttir. (á myndina vantar Írisi Arnlaugsdóttur).

FAS í Eystahorni 2003 - 2004

Rúmlega fimmtíu manns í fjarnámi

37. tbl. 21. árg. 18. september.

Sagt frá kvöldskóla FAS, sjávarútvegsbraut við FAS og fjarnámi sem Hornfirðingar stunda á ýmsum skólastigum.

Þróunarverkefni í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu

41. tbl. 21. árg. 16. október.

Sigurgeir Guðjónsson skrifar um þróunarverkefni í FAS sem tengist frumkvæði og nýsköpun.

Mældu breytingar á Heinabergsjökli

45. tbl. 21. árg. 13. nóvember.

Tveir nemendur í NÁT113 skrifa um ferðalag nemenda upp að Heinabergsjökli og mælingar á jöklinum.

Nemendur í FAS leita að olíu!

46. tbl. 21. árg. 20. nóvember.

Sagt frá því að 15 nemendur taki þátt í tölvuleik sem snýst um að leita að olíu. Leikum er stjórnað frá Færeyjum og eru þátttakendur frá fimm löndum.

„ Þarf bara að rífa þetta almennilega upp”

50 tbl. 21. árg. 18. desember.

Hér talar Bergþóra Ólafía Ágústsdóttir um félagslíf í FAS.

Frumkvöðlanám með rísandi sól

3. tbl. 22. árg. 22. janúar.

Sagt frá fimm vikna námskeiði fyrir frumkvöðla á vegum FAS, Frumkvöðlaseturs Austurlands og Próunarstofu Austurlands.

FAS í Gettu betur

3. tbl. 22. árg. 22. janúar.

FAS keppir við Menntaskólann í Kópavogi. Í liðinu eru Eysteinn Sindri Elvarsson, Finnur Smári Torfason, og Sigurður Óskar Jónsson.

Viskubrunnur og kynþokki, allt sem þarf

3. tbl. 22. árg. 22. janúar.

Viðtal við Eysteinn Sindra Elvarsson, Finn Smára Torfason og Sigurð Óskar Jónsson um þátttöku þeirra í Gettu betur. Í viðtali segja þeir visku og kynþokka allt sem þarf.

Komust ekki áfram

4. tbl. 22. árg. 29. janúar.

FAS komst ekki áfram í Gettu betur, þrátt fyrir mörg hnyttin svör.

Frumkvöðlar í FAS

7. tbl. 22. árg. 19. febrúar

Nemendur FAS seldu heimatilbúinn brjóstsykur og matreiðslubók sem þeir gáfu sjálfir út. Þetta er verkefni í frumkvöðlafræðslu sem kennd er í FAS í vetur. Verkefnið var að stofna fyrirtæki, afla hlutafjár, hefja framleiðslu á vöru og selja hana.

Opin vika „Fasista“

8. tbl. 22. árg. 26. febrúar.

Fjölbreytt hópastarf fer fram og var einnig kynning á ýmsum félögum, og félagastarfi s.s. skautafélaginu, slysavarnarfélaginu, paintklúbbnum, hestamannafélaginu og kúrekadansi.

Himinhátt brottfall í litlum framhaldsskólum og verkmenntaskólum

16. tbl. 22. árg. 21. apríl.

Brottfall úr Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu er með því mesta á landinu eða 32,2%.

Skýringar á brottfallstölu

17. tbl. 22. árg. 29. apríl.

Grein eftir Eyjólf Guðmundsson skólameistara.

Stúdentar útskrifaðir í FAS

19. tbl. 22. árg. 27. maí.

Sigursteinn Haukur Reynisson fékk viðurkenningu fyrir bestan árangur á stúdentsprófi. Aðrir stúdentar eru: Birna Þrúður Sigurbjörnsdóttir, Bryndís Björk Hólmarsdóttir, Eva Lind Björnsdóttir, Ingibjörg Zophoníasdóttir og Þórey Harpa Þorbergsdóttir. Auk þess lauk Valgerður Hanna Úlfarsdóttir námi á sjúkraliðabraut.

Fyrirtæki á Hornafirði styrkja nema í frumkvöðlafræðum í FAS til námsferðar

28. tbl. 22. árg. 15. júlí.

Sagt frá ferð til Reykjavíkur sem 5 nemendur úr FAS fóru í. Þar var farið í Öskju hús raunvísindadeildar Háskóla Íslands og Odda hús viðskipta- og hagfræðideildar. Einnig var haldið í listasmiðju Klink og Bank þar sem Landsbankinn hefur skapað aðstöðu fyrir fjölbreytta listastarfsemi. Eftir það var haldið í listasmiðjuna sem Háskólinn í Reykjavík starfrækir og að lokum var hlýtt á Þorgeir Ástvaldsson frá Norðurljósum.

Starfsfólk 2003 - 2004

Arnbjörg Gunnlaugsdóttir: Fjármálastjóri.

Árný Aurangasri Hinriksson: Enska og spænska.

Eiríkur Már Hansson: Trésmíði.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari: Landafræði og félagsfræði.

Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.

Helgi Heiðar Georgsson: Skipstjórnargreinar, stærðfræði, upplýsingatækni og bókfærsla.

Hjördís Skírnisdóttir: Þýska, náttúrufræði, jarðfræði og lífsleikni.

Hreinn Eiríksson: Grunnteikning.

Kristján Vífill Karlsson: Húsvörður.

Miralem Haseta: Húsvörður.

Róbert Örvar Ferdinandsson: Stærðfræði, tölvufræði og félagsfræði.

Ólafía I. Gísladóttir: Fjármálafulltrúi Frumkvöðlafræðslunnar.

Signý Ingvadóttir: Veitingasala.

Sigurður Mar Halldórsson: Grafískar greinar.

Sigurgeir Guðjónsson verkefnastjóri Gagnfræðaskóla FAS: Saga, félagsfræði, fjölmiðlafræði og lífsleikni.

Vivi Petersen: Danska.

Zophonías Torfason námsráðgjafi: Íslenska.

Ingi Steinn Þorsteinsson

ingisteinn1.jpg

Ingi Steinn Þorsteinsson útskrifaðist úr FAS árið 2005 en hann byrjaði í FAS árið 2002. Ingi Steinn er tvítugur strákur sem er fæddur og uppalinn í Skálafelli í Suðursveit. Honum líkaði skólavistin alveg þokkalega, heimavinnan var ekkert rosaleg en þó á köflum voru verkefnaskil í mörgum áföngum á sama tíma og var það dálítið erfitt.

Hann segir að félagslífið í skólanum hafi verið sterkt þegar hann byrjaði og var það í um það bil 2 ár en síðan hafi það dalað.

Núna er Ingi Steinn að vinna við almenn bústörf á Skálafelli en er þó að hugsa um að fara í íslenskunám við Háskóla Íslands næsta haust.

Unnið í nóvember 2006 af Lindu Hrönn Hlynsdóttur.

Bjarni Malmquist Jónsson

bjarnimalmquist.jpg

Bjarni er fyrrverandi nemandi FAS. Hann varð tvítugur á þessu ári. Foreldrar Bjarna heita Jón Malmquist Einarsson og Gunnhildur Elísabet Ingimarsdóttir. Hann á einnig tvær systur sem gengu báðar í FAS, Hönnu Jónsdóttur (29) og Maríönnu Jónsdóttur (28).

Bjarni var veturinn 2003-2004 í FAS og tók þá aðeins bóklegu fögin fyrir rafeindarvirkjun sem hann fór síðar að læra í Iðnskólanum í Reykjavík. Bjarni er í Iðnskólanum núna ásamt því að vera á námssamningi hjá EJS en þar er hann aðallega að gera við fartölvur, sem er hluti af náminu. Bjarni gæti hugsað sér að koma aftur í FAS og taka einhverja fáeina áfanga til þess að ljúka stúdentsprófi.

Við spurðum hann út í busunina. Hann sagði okkur að hún hafi verið með hefðbundnum hætti. Mikill sóðaskapur auðvitað í kringum þetta en í byrjun dagsins var krökkunum greitt með vaselíni. Síðan var hvítlaukssalti bætt út í vaselínið svo að það sveið vel í hausinn. Seinna um daginn þurfti svo að leysa ýmsar þrautir eins og t.d. að fara í bað í úldnu fiskislori, eggjakast og annað eins í þeim dúr.

Í frítíma sínum stundar Bjarni frjálsar íþróttir af kappi. Hann æfir með félaginu Fjölni í Grafarvogi og svo með landsliðinu þegar það eru æfingar hjá því. Hann æfir aðallega spretthlaup og stökk og á mörg Íslandsmet í þeim greinum.

Unnið í nóvember 2006 af Hönnu Guðrúnu Kolbeins,
Hebu Þórhallsdóttur og Þorsteini Jóhannessyni.

Einar Haraldsson

einarharalds.jpg

Einar Haraldsson er fæddur 16. maí 1985. Hann er í dag 22 ára gamall háskólanemi og fyrrum nemi við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellsýslu. Einar eru fæddur í Reykjavík en er uppalinn á Hornafirði.

Einar var vígður inn í FAS eins og hver annar nýnemi, þeirra árgangur lenti í þriggja daga niðurlægingu eins og hann kys að kalla það. „Ég var settur í Pókemon búning, látinn fá gítar og átti að syngja og spila“ segir Einar, en hann segir vígsluna samt hafa verið hina mestu skemmtun. Síðasta daginn voru busarnir útataður í jógúrti, vaselíni og allskonar kryddi, keyrt þvers og kruss um bæinn og að lokum voru allir smúlaðir á Essó planinu. Um kvöldið var haldið inn á Bergárdal þar sem öllum nýnemunum var safnað saman í búr og síðan nýnemar teknir einn af öðrum úr búrinu og vígðir inn í skólann með alls konar kjánalátum.

Á meðan Einar nam við FAS vann hann á hinum ýmsu stöðum, en aðallega segist hann þó hafa unnið í bræðslunni og á hótelinu, en hafi þó einnig fengist við ýmis störf í frystihúsinu og sláturhúsinu.

Einar útskrifaðist úr FAS af náttúrufræðibraut árið 2005, í góðum vinnuhópi. Eftir stúdentspróf ákvað Einar að leggja leið sína til Egilsstaða og vann við byggingarvinnu þar í heilt ár. Aðspurður að því hvort að honum hafi líkað dvöl sín í FAS svarar hann játandi en viðurkennir að það hafi verið freistandi að fara í stærri skóla, og segist hálfpartinn sjá eftir því. Honum hafi bara ekki dottið neinn

annar skóli í hug þegar að því kom að velja sér framhaldsskóla.

Hann segir félagslíf skólans ekki hafa verið upp á marga fiska og lítið um að vera. Hann reyndi þó ásamt félögum sínum að stunda félagslífið af krafti og mæta á nær alla atburði jafnvel þó að sumir atburðir hafi verið hundleiðinlegir. Hann segir að félagslífið hafi batnað með árunum sem boðar auðvitað bara gott.

Hlynur Arnórsson var hans uppáhaldskennari, og segir Einar maðinn snilling. Hlynur kenndi Einari stærðfræði og sögu en Einar segir að Hlynur hafi gert stærðfræði skemmtilega og það þrátt fyrir að Einar hafi verið lítið gefinn fyrir stærðfræði.

Eftirminnilegasti atburður Einars úr framhaldsskóla er án efa útskriftarferðin 2005 til Mexíkó. Hann lýsir henni sem „Mestu snilld í heimi“. Hann fór út í góðum vinahópi, og skemmti hópurinn sér mjög vel. Mest hafði Einar gaman af Ágústi Elvarssyni og Halldóri Halldórssyni kokki.

Við viljum þakka Einari fyrir bráðskemmtilegt viðtal og óska honum alls hins besta í lífinu.

Unnið í nóvember 2007 af Amor Joy Magno Pepito,
Sigfinni Björnssyni og Sigríði Ólafsdóttu

Árni Gíslason
arni.jpg

Árni Gíslason er 21 árs gamall. Árni fór í FAS vegna þess að hann bjó hér á Hornafirði á þeim tíma sem hann var að hefja framhaldsnám og það lá því beint við að hefja nám þar. Hann lauk framhaldsskólanámi sínu á fjóru og hálfu ári. Hann var hér í FAS fyrstu tvö árin sín og var tvö og hálf ár í FÁ þar sem hann útskrifaðist af félagsfræðibraut. Hann útskrifaðist um jólin 2006 og var þá tvítugur.

Árna fannst mjög fínt í FAS. „Nýheimar voru vígðir á mínu fyrsta framhaldsskólaári, þannig að öll aðstaðan var til fyrirmyndar og þarna var allt til alls, þarna þekkti maður allt og alla. Persónuleg samkipti við kennara voru mikil og gerði því námið að mörgu leyti auðveldara“ sagði hann þegar við spurðum hvernig honum hafi fundist í FAS.

Hann sagði að félagslífið hafi ekki verið upp á marga fiska, að það hafi vantað einhvern metnað í það þá og kannski líka áhuga frá nemendum. Þegar Árni var spurður að því hvort honum fyndist að það mætti bæta eitthvað svaraði hann „Ég held að skólinn sé stöðugt að bæta sig, annars ekkert sérstakt sem ég get bent á“. Við komum með þá spurningu hvort hann hafi átt sér einhvern uppáhalds kennara. Árni sagði að Sigurgeir hafi alltaf verið í uppáhaldi, einnig að það hafi ávallt verið gaman í matreiðslu hjá Hjördísi.

Hann fór í tvær útskriftarferðir, fyrst með útskriftarhópi frá FAS í maí 2006 til Búlgaríu, og síðan fór hann með útskriftarfélaga sínum úr FÁ til Skotlands í janúar 2007 eftir að hann útskrifaðist þaðan.

Við spurðum hann um eftirminnilegustu minningu sína úr FAS: „Mér finnst það ansi eftirminnilegt þegar að í miðjum sögutíma fóru fram ansi merkileg viðskipti. Það var þannig að Eysteinn Sindri hafði

verið að leita sér að bíl í þó nokkurn tíma og kom sú umræða upp í tíma. Sigurgeir sagðist þá eiga einn gullmola sem væri tilvalinn fyrir Eysteinn. En Sigurgeir átti gamlan ljósgrænan Huyndai Pony sem hann var að reyna losna við. Eftir tímann fékk Eysteinn svo að prufukeyra bílinn og festi svo kaup á honum stuttu seinna. Það var einmitt gert mikið grín að þessu á árhátíðinni sama ár og ef ég man rétt var samið söngatriði um þessi viðskipti”.

Í dag býr Árni í Reykjavík og stundar nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hann sagði að framtíð sín væri nú alveg óráðin ennþá en hann stefnir á að klára það nám sem hann er byrjaður í og sagði að annað komi bara í ljós.

Unnið í nóvember 2007 af Önnu Lind Þórhallsdóttur,
Heiðu Jóhönnu Pálmadóttur og Friðrik Gottlieb Ólafssyni.

Skólaárið 2004 - 2005

2004-2005_1.jpg

Uppsetning á Súperstar; leikhópur og leikstjóri. Í samvinnu skólans, Menningarmiðstöðvar, Tónskólans, Leikfélagsins, æskulýðs- og tómstundaráðs og Nemendafélags FAS var í ágúst og september efnt til hátíðar um félagslíf ungs fólks í sveitarfélaginu. Haldnar voru sýningar, tónleikar og málþing.

Á vorönn settu skólinn, Leikfélagið og Tónskólinn síðan upp söngleikinn Súperstar sem gerði stormandi lukku.

Tekið var upp nýtt skipulag vinnu í nokkrum áföngum. Önninni var skipt upp í þrjár lotur og prófað í lok hvernar lotu. Í stað eins lokaprófs voru þau þrjú. Fyrirmyndin var sótt til Finnlands, en Finnar hafa verið að ná góðum árangri í skólamálum á undanförunum árum. Nýja kerfið gekk undir nafninu „Lotukerfið”.

Farið var af stað með samstarfsverkefni við framhaldsskóla í Ungverjalandi undir heitinu Water and Fire .

Í apríl var haldinn sérstakur kynningardagur í skólanum. Opnaður var nýr vefur, gefinn út kynningarbæklingur og haldið opið hús. Skrifað var undir samstarfssamning við Menningarmiðstöðina um félagslíf ungs fólks í sveitarfélaginu og einnig var skrifað undir samstarfssamning við Fuglaathugunarstöð Suðausturlands um fuglaathuganir. Söngleikurinn Súperstar var síðan frumsýndur um kvöldið.

Áfram var lögð áhersla á hópvinna í námi nemenda skólans. Til að efla skólann enn á þessu sviði var ákveðið að kennarar færu á námskeið í „Cooperative Groupwork” í Kennaraháskóla í Holbæk í Danmörku. Um var að ræða nokkurra daga námskeið í máilok.

Brautskráðir 2005

2005.JPG

Aftari röð frá vinstri: Einar Haraldsson, Ágúst Elvarsson, Finnur Smári Torfason, Bergþóra Ágústsdóttir, Guðrún Ragna Valgeirsdóttir, Anna Lilja Ottósdóttir, Helena Ingvadóttir, Signý Ingvadóttir, Jóanna Sigurðardóttir, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari.

Fremri röð frá vinstri: Sigríður Bára Steinþórsdóttir, Hulda Rós Sigurðardóttir, Björg Sigurjónsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir. Á myndina vantar Írisi Arnlaugsdóttur.

FAS í Eystahorni 2004 - 2005

150 nemendur skráðir til náms

33. tbl. 22. árg. 19. ágúst.

Sagt frá skólasetningu í næstu viku, námsframboði og helstu áherslum í skólstarfinu.

Mælingaferð að Heinabergsjökli

46. tbl. 22. árg. 18. nóvember.

Sagt frá jöklamælingaferð að Heinabergsjökli sem nemendur í NÁT113 fóru í ásamt kennara sínum og skólameistara.

FAS í beinni í Gettu betur í kvöld

2. tbl. 23. árg. 13. janúar.

Í liðinu eru: Eysteinn Sindri Elvarsson, Ingi Steinn Þorsteinsson og Sigurður Óskar Jónsson. FAS keppir við lið Verkmenntaskólans í Neskaupsstað.

FAS í fararbroddi í frumkvöðlamenntun

4. tbl. 23. árg. 27. janúar.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu hefur fengið styrk til að búa til námsefni í frumkvöðlafræðslu fyrir fullorðna.

FAS í samstarf við skóla í Ungverjalandi

5. tbl. 23. árg. 3. febrúar.

Upphafið að þessum samstarfi má rekja til þess að FAS var boðin þátttaka á vegum Evrópusambandsins í skólaverkefni sem heitir eTwinning.

Það er leikur að læra

6. tbl. 23. árg. 10. febrúar.

Opin vika í FAS er þessa dagana. Vikan er að mestu með hefðbundnum hætti en sú nýbreytni verður að framhaldsskólanemar á Austurlandi munu hittast á Neskaupsstað og reyna með sér í alls kyns íþróttum.

„Ég gef mér tíma“

8. tbl. 23. árg. 24. febrúar.

Viðtal við Söru Eik Sigurgeirsdóttur nemanda í FAS um skólann, leiklistina og framtíðaráform.

Jesús Kristur Súperstar - Æfingar í fullum gangi

14. tbl. 23. árg. 7. apríl.

„Það er mjög góð stemming í hópnum“ segir Gunnar Sigurðsson leikstjóri rokksöngleiksins Jesus Christ Súperstar sem frumsýndur verður í Mánagarði 16. apríl. Þetta er samvinnuverkeni FAS,

Leikfélags Hornafjarðar og Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu.

Gillan er minn uppáhalds Jesús

15. tbl. 23. árg. 14. apríl.

Viðtal við Inga Stein Þorsteinsson en hann fer með eitt aðalhlutverka í Jesus Christ Superstar.

Menningarstarf og afþreying ungs fólks

16. tbl. 23. árg. 20. apríl.

Undirritaður hefur verið samningur á milli Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Skólinn og sveitarfélagið ætla að efla menningarstarf og afþreyingu ungs fólks á aldrinum 16 - 25 í skólanum og sveitarfélaginu öllu.

Rokksöngleikurinn Súperstar!

16. tbl. 23. árg. 20. apríl.

Hulda Rós Sigurðardóttir skrifar um leiksýninguna.

Vorhátíð FAS

16. tbl. 23. árg. 20. apríl.

Á hátíðinni kynntu skólameistari, kennarar og nemendur fjölbreytta starfsemi skólans bæði hvað varðar kennslu og félagslíf.

Knapamerkjanámskeið

17. tbl. 23. árg. 28. apríl.

Sagt frá námslokum á knapamerkjanámskeiðum sem hafa staðið yfir. Hanní Heiler hestakona á Dynjanda annaðist kennsluna eins og fyrr en FAS sá um aðstöðuna og skipulagið að hluta.

Súperstar í Loftkastalann?

18. tbl. 23. árg. 4. maí.

Stefnt er að því að sýna uppfærslu FAS, LH og Tónskólans á Súperstar í Loftkastalanum í Reykjavík í sumar.

Útskrift í framhaldsskólanum

21. tbl. 23. árg. 26. maí.

Átta nýstúdentar útskrifuðust frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu. Einnig útskrifuðust fimm nemendur af skrifstofubraut við skólann. Í stúdentahópnum var 100 hundraðisti stúdentinn því nú hafa 102 stúdentar lokið stúdentsprófi frá skólanum. Dúx skólans var Hulda Rós Sigurðardóttir og hlaut hún verðlaun fyrir góðan námsárangur í þýsku. Finnur Smári Torfason fékk verðlaun fyrir góðan námsárangur í raungreinum og dönsku. Aðrir sem luku stúdentsprófi voru Ágúst Elvarson, Bergþóra Ólafía Ágústsdóttir, Björg Sigurjónsdóttir, Einar Haraldsson, Sigríður Bára Steinsþórsdóttir og Steinunn Hödd Harðardóttir. Einnig luku eftirtaldir nemendur námi á skrifstofubraut: Anna Lilja Ottósdóttir, Guðrún Valgeirsdóttir, Helena Ingvadóttir, Jóanna Sigurðardóttir og Signý Ingvadóttir.

Fljúga frá Japan til að sjá Súperstar

24. tbl. 23. árg. 16. júní.

Meðal þeirra sem koma til að sjá uppfærslu FAS, LH og Tónskólans í Loftkastalanum í Reykjavík eru foreldrar Chiharu Kawai nemanda í FAS en hún tekur þátt í sýningunni.

Mögnuð stemming í salnum - ferðasaga Júdasar í Loftkastalann

26. tbl. 23. árg. 29. júní.

Nanna Halldóra Imsland skrifar um sýninguna í Loftkastalanum.

Starfsfólk 2004 - 2005

Árný Aurangasri Hinriksson: Enska og spænska.

Davorka Basrak: Fjármálastjóri.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari: Landafræði og félagsfræði.

Gunnar Sigurðsson: Leikstjórn.

Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.

Helgi Heiðar Georgsson: Skipstjórnargreinar, stærðfræði, upplýsingatækni og bókfærsla.

Hjördís Skírnisdóttir: Þýska, náttúrufræði, jarðfræði, lífsleikni og matreiðsla.

Inga Jónsdóttir: Myndlist.

Kristján Vífill Karlsson: Húsvörður.

Miralem Haseta: Húsvörður.

Ragnhildur Þorsteinsdóttir: Veitingasala.

Róbert Örvor Ferdinandsson: Stærðfræði, tölvufræði, félagsfræði, lífsleikni og viðskiptagreinar.

Sigrún Hallgrímsdóttir: Líffræði og efnafræði.

Sigurgeir Guðjónsson: Saga, félagsfræði og fjölmiðlafræði.

Vilhjálmur Gíslason: Danska og íslenska.

Unnur Garðarsdóttir: Fatasaumur.

Zophonías Torfason námsráðgjafi: Íslenska.

Ásdís Marteinsdóttir

asdismarteins.jpg

Ásdís er fædd og uppalin á Hornafirði, henni líður mjög vel hérna og ætlar ekki að fara neitt. Hún vinnur á bókasafni bæjarins sem er staðsett í Nýheimum í Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

Ásdís byrjaði að vinna þar 8. september 1994. „Maður þarf ekkert endilega vera mikið menntaður til að vinna við þetta starf en það er alltaf betra að hafa einhverja menntun” segir Ásdís. Í vinnunni hittir hún margt fólk og það er aðalástæðan fyrir því að hún hóf störf þarna. „Það sem maður gerir hér er fleira en að lána bækur, það þarf að skrá þær og plasta, það þarf að taka við bókum og raða þeim upp í hillurnar. Eins og gefur að skilja er starfið ekki mjög líkamlega erfitt en getur stundum verið andlega erfitt. Þess vegna getur verið gott að taka sér smá hlé, fara í tölvuna og kíkja á netið”.

Ásdísi finnst samstarfsfólkið mjög gott og einnig krakkarnir sem eru hér í skólanum, þó hún þekki þau mismikið. Hún segir að tengslin á milli skólans og bókasafnsins mættu vera betri, það er að segja meiri samskipti, þar sem skólinn er í sama húsnæði. „Það geta verið svolítill læti í krökkunum, eða þegar þau eru uppi þá er eins og hljóðin geti magnast upp og berast þá niður og eru þá oft mikil „læti” niðri á bókasafni”.

Við þökkum Ásdísi kærlega fyrir spjallið.

Unnið í nóvember 2007 af Ástu Steinunni Eiríksdóttur,

Huldu Björgu Sigurðardóttur og Rúnari Þór Gestssyni.

Finnur Smári Torfason

finnursmari1.jpg

Vorið 2005 útskrifaðist Finnur Smári Torfason frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellsýslu ásamt fleirum, en þessi hópur hélt svo í minnilega útskriftarferð til Mexíkó.

Finnur fæddist hér á Höfn árið 1986 og ólst hér upp, en foreldrar hans eru þau Ingibjörg Lúcia Ragnarsdóttir og Torfi Þór Friðfinnsson. Svo þegar drengurinn útskrifaðist fluttist hann í Kópavoginn ásamt Steinunni Hödd Harðardóttur til að fara að stunda nám við Háskóla Íslands en þar er hann að læra rafmagns- og tölvuverkfræði.

Árið 2002 byrjaði Finnur í FAS og útskrifaðist eftir 3 ár. Fyrsta árið hans lærði hann dönsku hjá Hlyni Arnórssyni, en það er uppáhaldskennarinn sem Finnur hafði við FAS.

Félagslífið í skólanum fannst Finni ekki upp á marga fiska sem meðal annars var vegna þess að þátttaka var oft ekki svo góð hjá nemendum.

Finnur var busaðir inn í FAS einsog langflestir sem byrja í framhaldsskólum. Honum fannst hefði mátt busa meira en skólameistarinn bannaði það.

Hans minnisstæðustu stundir eru böllin og samkomurnar á annan í jólum, enda getur írafárið í kringum það verið ansi skrautlegt.

Finnur telur sig hafa verið góðan nemanda og finnst honum hann vera betri maður eftir veru sína í FAS.

Í dag er það að fréttu af Finni að honum líður mjög vel í hreiðrinu sínu í Kópavogi og finnst gaman að læra í Háskóla Íslands.

Unnið í nóvember 2006 af Atla Frey Scheving, Sigurbjörgu Söru Benediktsdóttur og Þórhildi Rán Torfadóttur.

Steinunn Hödd Harðardóttir

steinunnhodd1.jpg

Steinunn Hödd útskrifaðist úr FAS vorið 2005. Hún er stuttu orðin tvítug og er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum. Hún kom upprunalega á Höfn til að vinna hér eitt sumar, en ákvað svo að vera hér lengur. Hún kláraði öll sín 4 ár hér í skólanum. Núna í dag er Steinunn í Háskóla Íslands að læra líffræði. Hún vinnur einnig í hlutastarfi sem þjónn á Broadway.

Henni fannst mjög gaman í FAS og var fegin því að kennararnir hjálpuðu manni mikið við að ná því sem maður vildi ná. Þau ár sem hún var hér í FAS var áfangakerfi og heimavinnan var ekkert hræðilega mikil, bara hæfileg. Eina sem henni finnst hafa breyst hér er það að nokkrir nýir áfangar hafa komið og nýir kennarar hafa bæst í hópinn.

Hún segir að félagslífið hafi nú ekki verið til þess að hrópa húrra fyrir, en það hefði nú líka mátt kenna nemendum um það því þeir voru ekkert alltof duglegir að taka þátt í því sem gert var fyrir þá.

Aðspurð um hvort að það sé eitthvað sem mætti bæta hér í skólanum segir hún að það sé í sjálfu sér voða lítið. "Kannski mætti reyna að auka nemendafjölda með því að sækja nemendur annarsstaðar

frá, ekki bara einblína á þá sem koma upp úr Heppuskóla. Það sem ég á við er að ég kom frá Vestmannaeyjum og sé svo sannarlega ekki eftir því enda leið mér rosalega vel í FAS og hefði ekki viljað vera í neinum öðrum skóla."

Unnið í nóvember 2006 af Særós Ester Leifsdóttur

Ágúst Elvarsson
agustelvars1.jpg

Ágúst Elvarsson hóf nám í FAS árið 2000 og var þá skólinn inni í Nesjum. Hann útskrifaðist árið 2005 ásamt sjö öðrum stúdentum, en þá var skólinn komin hingað út á Höfn. Hann fór í útskriftarferð til Mexíkó sem var að hans mati ein af bestu minningum úr FAS.

Í FAS lærði Ágúst ýmislegt, hann byrjaði á almennri braut en færði sig síðan á félagsfræðibraut. Ástæðan fyrir breytingunum var að stærðfræði var ekki hans sterkasta hlið. Honum fannst ljómandi gott að vera í FAS vegna smæðar skólans. Kennararnir þar þekkja alla nemendur sem skilar sér í persónulegri þjónustu við nemendurna.

Á þeim árum sem Ágúst var í FAS þá var félagslífið ekki upp á marga fiska, einu skemmtanirnar voru jólaball á annan í jólum, busavígslan og árshátíðin. Ágúst var aldrei í nemendaráði. Lokaárið fóru útskriftanemar í samkeppni við nemendafélagið til þess að afla fjár fyrir útskriftarferð. Þeir stóðu fyrir ýmsum viðburðum fyrir samnemendur sína og voru mun duglegri en nemendafélagið bæði hvað varðar fjölda viðburða og mætingu á þá. Ágúst vonar að nemendafélagið sé virkara nú í dag.

Eftirminnilegasta skemmtun hans á vegum nemendafélagsins mun vera busavígslurnar fyrstu tvö árin.

Ágúst lærði margt í FAS, honum þótti kennararnir mjög finir en honum þótti Sigurgeir standa sérstaklega uppúr enda er hann "magnaður fýr" eins og Ágúst orðaði það. Í dag er Ágúst staðsettur á Akureyri þar sem hann er að læra viðskiptafræði. Honum þykir Akureyri hinn fínasti staður og ekki þykir honum verra að helstu skemmtistaðir bæjarins berjast um hylli háskólanema með frúu öli. Ágúst biður að heilsa öllum sem hann þekkir á Höfn og getur ekki beðið eftir að hitta alla gömlu félagana.

Unnið í nóvember 2006 af Kristjönu Örnú Oddsdóttur,
Ólafi Eini Birgissyni og Steinunni Ósk Jónsdóttur.

Skólaárið 2005 - 2006

Starfsfólk FAS. Um sumarið gerði Kennaraháskólinn að beiðni skólans athugun á viðhorfum almennings á svæðinu til skólans. Almennt reyndist viðhorf til skólans jákvætt og mikill stuðningur var við að efla félagslíf við skólann.

Unnið var endurskoðun á sjálfsmati skólans og gerð var sjálfsmatsskýrsla fyrir vorönn 2006 og áætlað er að slík skýrsla verði unnin fyrir hverja önn framvegis.

Samstarf við Tónskólann og Leikfélagið hélt áfram og nú var leikverkið Gauragangur sett upp. Uppsetningunni var vel tekið og hún var tilnefnd til margra verðlauna í flokki áhugamannaleiksýninga á vegum Bandalags íslenskra leikfélaga.

Water and Fire verkefnið hélt áfram frá vorönn 2005. Nemendur FAS fóru til Ungverjalands í október og kynntust þar landi og þjóð. Góð kynni tókust einnig með nemendum skólanna sem komu að þessu verkefni. Í febrúar komu svo Ungverjarnir í heimsókn í FAS og tóku meðal annars þátt í opinni viku.

Nemendafélagið stóð um haustið fyrir tónleikum fjölmargra hljómsveita bæði héðan og annars staðar af landinu. Um var að ræða styrktartónleika fyrir UNICEF, Barnahjálp sameinuðu þjóðanna. Nemendafélagið fékk vegna tónleikanna og fyrir þátttöku í Súperstar menningarverðlaun sveitarfélagsins fyrir árið 2005.

Skólinn keppti að vanda í Gettu betur spurningakeppninni og komst í aðra umferð sem hafði þá ekki gerst í mörg ár.

Tekin var upp kennsla í LÍF303 sem er verkefnaáfangi. Nemendur unnu sjálfstætt að rannsóknarverkefnum undir umsjón kennara og kynntu síðan niðurstöðurnar á sal skólans á kynningu sem var opin öllum áhugasömum. Stefnt er að því að bjóða upp á þennan áfanga reglulega.

Brautskráðir 2006

2006.JPG

Aftari röð frá vinstri: Einar Smári Þorsteinsson, Ingi Steinn Þorsteinsson, Sveinn Rúnar Ragnarsson, Þórgímur Tjörvi Halldórsson, Andri Indriðason, Elvar Snorrason, Sigurður Óskar Jónsson, Valgerður Hanna Úlfarsdóttir, María Ingibjörg Úlfarsdóttir, Chiharu Kawai, Nína Einarsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari.

Fremri röð frá vinstri: Ingibjörg Ævar Steinsdóttir, Guðrún Einarsdóttir, Edda Bjarnadóttir, Þóra Björg Gísladóttir, Sara Eik Sigurgeirsdóttir, Lena Hrönn Marteinsdóttir.

FAS í Eystahorni 2005 - 2006

Skólasetning í FAS

34. tbl. 23. árg. 25. ágúst.

Sagt frá skólasetningu og grillveislu í kjölfar hennar sem er orðinn árviss atburður. Nú eru 106 nemendur skráðir í nám en enn er tekið við umsóknum.

Fjölgun nemenda í FAS - þurfti að bæta við stólum og borðum

36. tbl. 23. árg. 8. september.

Sagt frá fjölgun nemenda í skólanum, busavígslu og nýju starfsfólki.

Magnaðir krakkar

40. tbl. 23. árg. 6. október.

Viðtal við Birgi Fannar Reynisson en hann hefur verið ráðinn æskulýðsleiðbeinandi hjá

sveitarfélaginu. Hann starfar jafnframt sem framkvæmdastjóri nemendaráðs FAS.

Tónlistarhátíð á vegum nemendafélags FAS - Tveggja daga styrktartónleikar fyrir UNICEF

40. tbl. 23. árg. 6. október.

Helgina 11. - 13. nóvember verður mikil tónlistarveisla á Hornafirði en þá heldur nemendafélag FAS tveggja daga tónleika.

Nemendur FAS í námsferð í Ungverjalandi

41. tbl. 23. árg. 13. október.

Tíu nemendur FAS og tveir kennarar eru nú staddir í Ungverjalandi og munu dvelja þar í tvær vikur. Þeir eru þátttakendur í svokölluðu Water and Fire verkefni sem er Comeníusarverkefni. FAS er í samstarfi við framhaldsskóla í bænum Zalaegerszeg í vesturhluta Ungverjalandis.

Mikil aðsókn í pungaprófið - nemendur um allt land og einnig erlendis

44. tbl. 23. árg. 3. nóvember.

Um 90 manns eru í fjarnámi bæði innanlands og erlendis. Þá eru um 20 manns í staðnámi á Höfn. Flestir þeirra eru félagar í Björgunarfélagi Hornafjarðar en í tilefni að komu björgunarskipisins Ingibjargar í sumar bauð FAS Björgunarfélaginu skipstjórnarnám án endurgjalds. Þá er sagt frá því að stýrimanna- og vélstjórnarnám sé í undirbúningi á Höfn.

Tveggja daga tónlistarveisla á Höfn um helgina

45. tbl. 23. árg. 10. nóvember.

Sautján hljómsveitir spila í íþróttahúsinu um helgina til styrktar UNICEF. Spilað verður bæði föstudag og laugardag.

UNICEF fær sinn skerf

46. tbl. 23. árg. 17. nóvember.

Nemendafélag FAS var óánægt með aðsóknina að styrktartónleikum UNICEF.

Heinabergsjökull hefur hropað um 10 - 15 metra

47. tbl. 23. árg. 24. nóvember.

Þetta eru niðurstaða mælinga sem nemendur í áfanganum NÁT113 gerðu á jöklinum undir leiðsögn kennara.

FAS keppir í Gettu betur í kvöld

3. tbl. 24. árg. 19 janúar.

Eysteinn Sindri Elvarsson, Andri Indriðason og Sigurður Óskar Jónsson skipa lið FAS. Guðný Svavarsdóttir er liðstjóri.

Gauragangur á svið

5. tbl. 24. árg. 2. febrúar.

Ákveðið hefur verið í leikhópi FAS, Leikfélagsins og Tónskólans að setja upp leikverkið Gauragang eftir Ólaf Hauk Símonarson. Leikstjóri verður Hörður Sigurðarson.

FAS fékk menningarverðlaun Hornafjarðar

6. tbl. 24. árg. 9. febrúar.

Verðlaunin hlutu þau fyrir UNICEF tónleika síðast liðið haust og uppfærsluna á Jesús Kristi Súperstar.

Opin vika framundan hjá FAS

7. tbl. 24. árg.16. febrúar.

Þar verður meðal annars boðið upp á fluguhnýtingar, indverska matargerð og snyrtivörugerð. Þá verður farið í heimsókn í Menntaskólann á Egilsstöðum. Í opinni viku verða gestir frá Ungverjalandi í heimsókn.

Opin vika í FAS

8. tbl. 24. árg. 23. febrúar.

Greinina skrifuðu þær Guðrún Fema Ólafsdóttir og Inga Birna Albertsdóttir og fóru yfir atburði opinnar viku.

Bæði þroskandi og skemmtilegt

12. tbl. 24. árg. 23. mars.

Viðtal við Rósu Dröfn Pálsdóttur sem leikur Höllu í Gauragangi.

Dimmisjón í FAS

18. tbl. 24. árg. 4. maí.

Stúdentsefni fóru um bæinn í víkingaklæðum. 16 nemendur stefna á stúdentspróf sem er stærsti útskriftarárgangur hingað til.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu - Stúdentshópurinn aldrei stærri

21. tbl. 24. árg. 24. maí.

Sextán stúdentar útskrifuðust og einn sjúkraliði. Margt var óvanalegt við þennan hóp. Tveir nemendur luku stúdentsprófi með viðbótarnámi og annar alfarið í fjarnámi. Þá er þetta í fyrsta sinn sem japanskur nemandi útskrifast með stúdentspróf hér á landi eða Chiharu Kawai. Sveinn Rúnar Ragnarsson var dúx skólans. Aðrir nýstúdentar eru Andri Indriðason, Edda Bjarnadóttir, Einar Smári Þorsteinsson, Elvar Snorrason, Guðrún Einarsdóttir, Ingi Steinn Þorsteinsson, Ingibjörg Ævar Steinsdóttir, Lena Hrönn Marteinsdóttir, María Ingibjörg Úlfarsdóttir, Sara Eik Sigurgeirsdóttir, Sigurður Óskar Jónsson, Valgerður Hanna Úlfarsdóttir, Þorgrímur Tjörvi Halldórsson og Þóra Björg Gísladóttir. Einnig útskrifaðist Nína Einarsdóttir af sjúkraliðabraut.

Starfsfólk 2005 - 2006

Árný Aurangasri Hinriksson: Enska og spænska.

Björgvin Guðmundsson: Líffræði og efnafræði.

Davorka Basrak: Fjármálastjóri.

Eiríkur Már Hansson: Trésmíði.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari: Landfræði og félagsfræði.

Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.

Helgi Heiðar Georgsson: Skipstjórnargreinar, stærðfræði, upplýsingatækni og bókfærsla.

Hildur Þórsdóttir verkefnastjóri Gagnfræðaskóla FAS: Enska og grunnteikning.

Hjördís Skírnisdóttir: Þýska, náttúrufræði og jarðfræði.

Hörður Sigurðarson: Leikstjórn.

Kristján Vífill Karlsson: Húsvörður.

Miralem Haseta: Húsvörður.

Ragnhildur Þorsteinsdóttir: Veitingasala.

Róbert Örvor Ferdinandsson: Stærðfræði, tölvufræði, félagsfræðiog viðskiptagreinar.

Sigurgeir Guðjónsson: Saga, félagsfræði og fjölmiðlafræði.

Steindór Tryggvason: Stærðfræði, eðlisfræði og frumkvöðlafræði.

Vilhjálmur Gíslason: Danska og íslenska.

Zophonías Torfason námsráðgjafi: Íslenska.

Nanna Halldóra Imsland

nannahalldora.jpg

Nanna Halldóra Imsland fæddist 20 janúar árið 1988. Hún var í FAS 2005 - 2006 og fannst henni skólinn alveg ágætur. Aðstaðan í skólanum er fín eins og t.d. lesstofan. Árið sem Nanna var í skólanum var félagslífið mjög gott og alltaf nóg að gera. Það voru oft pakkhúskvöld sem voru mjög skemmtileg.

Haustið 2006 fór Nanna til Reykjavíkur í stundaði nám við Söngskóla Reykjavíkur. Nanna bjó í Reykjavík til haustsins 2007 þá kom hún aftur á Höfn og fór að vinna.

Nanna hefur ekki enn lokið stúdentsprófi en stefnir á að ljúka því og einnig að ljúka söngnámi. Núna vinnur Nanna hjá Sveitarfélaginu Hornafirði og felst vinnan í því að aðstoða fatlaða við daglegt líf. Einnig er hún í söngtímum hér á Höfn.

Nönnu langar til að ljúka námi í iðjubjálfun og einnig að verða söngkennari. Í framtíðinni langar Nönnu að búa á Höfn það er að segja ef hún fær góða vinnu.

Lokaorð Nönnu í viðtalinu eru: „Without music life would be a mistake” !

Unnið í nóvember 2007 af Guðbjörgu Stellu Ögmundsdóttur, Hafþóri Smára Imsland og Jóhanni Árna Andrésyni.

Sædís Ösp Valdimarsdóttir

saedis.jpg

Sædís Ösp Valdimarsdóttir er fædd og uppalin á Höfn í Hornafirði og er 19 ára. Hún hóf nám í FAS haustið 2004 og fór á félagsfræðabraut. Hún útskrifaðist frá FAS eftir þriggja ára nám vorið 2007.

Við spurðum Sædís um áhugamál hennar en þau eru góð tónlist, að skemmta sér og að vera í góðra vina hópi.

Skemmtilegasti kennarinn að mati Sædísar var Róbert Örvar Ferdinandsson sem kenndi í FAS skólaárin 2004 - 2006. Hann kenndi t.d. stærðfræði, lífsleikni og sálfræði. Sædís fannst enginn tími skemmtilegri en annar en það fór þó mikið eftir áföngum. Henni fannst stærðfræði og náttúrufræði bæði erfið og leiðinleg fög, en saga og íslenska nokkuð auðveldir áfangar og segir að þeir hafi stundum verið nokkuð skemmtilegir.

Við spurðum hana hvort hún myndi muna eftir einhverju vandræðalegu atviki, en hún mundi ekki eftir neinu nema að láta reka sig ítrekað af skólalóðinni fyrir reykingar.

Þegar Sædís var spurð hvort hún hefði einhvern tímann verið í nemendaráði sagðist hún ekki hafa

haft tíma til þess þar sem hún var yfirleitt alltaf með um 25 einingar á önn ásamt því að vinna með skólanum.

Það sem Sædís fannst að hefði mátt vera betra væri félagslífið en henni fannst það ekki upp á marga fiska þegar hún var nemandi við FAS. Það vantaði t.d. meira af böllum og kaffihúsakvöldum. Henni finnst þó að nemendaráðið sem er núna sé að standa sig mjög vel.

Stærsti viðburðurinn sem hún kom að í sambandi við FAS var útskriftin hennar og svo sagðist hún hafa verið tvisvar í árshátíðarnefnd og að það hafi verið gaman en nokkuð mikið puð. Henni fannst skólaandinn að mörgu leyti jákvæður en samt of margir nemendur neikvæðir.

Sædís telur að það sé eflaust mun betra að vera í litlum, skóla þar séu færri nemendur á kennara og því betri samvinna milli nemenda og kennara.

Framtíðarplön Sædísar eru að fara í Háskóla Íslands haustið 2008 að læra sálfræði. Ef henni líkar vel við sálfræðina ætlar hún að klára grunnnámið hér á Íslandi og fara svo erlendis til að taka doktorspróf.

Unnið í nóvember 2007 af Gunnari Ásgeirssyni, Hafdís Hauksdóttur og Helga Garðari Guðmundssyni.

Ingibjörg Pálmadóttir

Ingibjörg, eða Ibbu eins og hún er kölluð af samnemendum sínum, var við nám í FAS í eitt ár. Hún útskrifaðist því miður ekki frá skólanum en hóf seinna nám við Fjölbautaskólann við Ármúla. Ingibjörg var formaður nemendaráðs FAS frá árinu 2005 - 2006. Hún og félagar hennar í nemendaráðinu stóðu fyrir fjölmörgum atburðum. Hún telur að nemendur í FAS hafi lagt sig verulega fram í að taka þátt í félagslífinu, þó að stundum hafi þurft að sparka rækilega í rassinn á þeim.

Henni fannst starfið vera stressandi á tímum en einnig fannst henni það skemmtilegt og krefjandi. Stærsti atburðurinn sem hún stóð fyrir voru UNICEF tónleikarnir. Þar voru fjölmargar hljómsveitir sem þurfti að ræða við og tók þessi atburður verulega á. UNICEF tónleikarnir vöktu mikla athygli meðal íbúa hér á Höfn. Ibbu fannst nemendaráðið hafa verið mjög virkt þegar hún sat í því, en hún hefði þó viljað gera miklu meira og viljað vera aðeins hugmyndaríkari.

Atburðirnir sem Ingibjörg telur að séu ómissandi í starfi nemendaráðsins eru að halda uppi Pakkhúskvöldunum og að standa að nokkrum styrktartónleikum, enda ávallt gaman að styrkja gott málefni.

Það sem Ingibjörgu þótti gagnlegast í þessu starfi var að hún aflaði sér töluverðrar reynslu í mannlegum samskiptum og er ekki jafn feimin eins og hún var þegar hún byrjaði. Einnig eignaðist hún frábæra vini sem voru alltaf hressir og kátir og komu henni í gott skap. Þegar við spurðum Ibbu hvort hún gæti gefið komandi formönnum FAS einhver góð ráð, svaraði hún að það væri alltaf betra að vera jákvæður, hress, hugmyndarík og skemmtilegur.

Unnið í nóvember 2006 af Baldvini Haraldssyni, Jóhanni Kristófer Antonssyni

og Söndru Rán Ásgrímsdóttur

Róbert Örvar Ferdinandsson

robertorvar1.jpg

Róbert Ferdinandsson kom á Hornafjörð haustið 2002 til að kenna við FAS. Róbert er kennari að mennt og starfar nú við Fjölbautaskólann í Ármúla. Hann kenndi við FAS í þrjú ár og á þeim tíma kenndi hann meðal annars sálfræði, félagsfræði, stærðfræði, bókfærslu, lífsleikni, námsaðstoð og markaðsfræði.

Hann valdi það að koma hingað austur vegna þess að honum fannst það spennandi tilhugsun að kynnast nýju fólki úti á landi. Honum fannst FAS vera mjög góður skóli, aðalkosturinn var sá að hann kynntist nemendum betur heldur en í öðrum skólum sem hann hefur kennt við, t.d. Fjölbautarskólanum í Ármúla og Fjölbautarskólann á Suðurlandi, vegna þess hve lítill skóli FAS er.

Félagslíf kennarana var frábært að hans sögn og honum fannst frábært að búa á Höfn. Aðspurður sagðist hann ekki hika við að flytja hingað aftur ef tækifæri gefst.

Unnið í nóvember 2006 af Össu Sólveigu Jónsdóttur, Atla Haraldssyni og Sigurbjörgu Karen Hákonardóttur.

Sigurður Óskar Jónsson

siggi1.jpg

Sigurður Óskar Jónsson var í FAS frá 2003 – 2006. Það koma aldrei annað til greina hjá Sigurði en að velja FAS. Hann hafði engan áhuga á að flytja eitthvað annað til þess eins að koma strax aftur heim með skottið á milli lappanna. Sigga líkaði vel í FAS. Aðstaðan var eins og best verður á kosið, en það mætti mála veggina, líka þann appelsínugula Smile

Það var misjafnt hversu mikið var að læra. Skemmtulegustu atvikin voru tímarnir hjá Sigurgeir og Villa. Einnig stóð upp úr sigurinn á FVA í Gettu betur. Skemmtilegasti kennarinn var Sigurgeir, hann var svona “jafn”skemmtilegur, þó að öðrum ólöstuðum.

Félagslífið var ekki mjög öflugt en það sem var gert var vel gert. En þó hefðu menn mátt vera duglegri að sækja ýmsa viðburði. Þegar Siggi og krakkar á hans aldri voru busaðir var þeim stungið ofan í kar fullu af úldnu fiskislori af þvítíkri ákefð að aldrei hafði sést annað eins.

Uppáhaldsgreinar Sigga voru íslenska hjá Zophoníasí, jarðfræði hjá Hjördísi og landafræðin hjá Eyjólfri þar sem hann var oft einn í tímum.

Siggi telur að FAS hafi veitt sér nokkuð góðan grunn. Oftast var glatt á hjalla í FAS en þó aðallega á meðan flestir jafnaldrar hans voru ennþá í skólanum.

Unnið í nóvember 2006 af Benedikt Óttari Snæbjörnssyni, Einar Birni Halldórssyni og Guðrúnu Sigurðardóttur.

Skólaárið 2006 - 2007

2006-2007_1.jpg

Vélstjórnarnám. Tekin var upp kennsla á Vélstjórnarbraut 1. stigs. Vel yfir 20 nemendur skráðu sig á brautina. Námið var í samvinnu við Fjöltækniskóla Íslands og vottað samkvæmt þeirra vottunarkerfi. Fyrsta stigið er einnar annar nám og voru nemendur útskrifaðir í lok annar. Svo vel tókst til að ákveðið var að halda samstarfinu áfram með því að bjóða upp á 2. stigið. Um 20 nemendur skráðu sig í annað stigið sem áætlað er að ljúki á vorönn 2008.

Sjálfsmatið var í fullum gangi í samræmi við nýtt skipulag. Notkun lesstofu og verkefnaskil voru þau atriði sem skoðuð voru sérstaklega og síðan var unnið að endurbótum í kjölfarið.

Nemendur náttúrufræðibrautar fóru ásamt nemendum ME í jarðfræði- og líffræðiferð til Mývatns.

Skólanum var um haustið boðin þátttaka á ráðstefnu á vegum Nordplus verkefnisins þar sem meðal annars var fjallað um frumkvöðlamenntun. Samstarf komst á við skóla í Finnlandi og gert er ráð fyrir gagnkvæmum heimsóknum næsta vetur.

Brautskráðir 2006-7

Vélstjórn 1. stig - Brautskráðir í desember 2006

velstjorar_des2006_vef.jpg

Aftari röð frá vinstri: Jón Vilberg Gunnarsson, Júlíus Albert Albersson, Gunnar Örn Marteinnsson, Ögmundur Jón Guðnason, Friðrik Jónas Friðriksson, Björn Þórarinn Birgisson.

Fremri röð frá vinstri: Davíð Gunnarsson, Hólmar Hallur Unnsteinsson, Halldór Bragi Gíslason, Sveinn Heiðar Friðriksson, Sigfús Harðarson, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari.

Brautskráðir vorið 2007

2007.jpg

Aftari röð frá vinstri: Jónína Aðalbjörg Baldvinsdóttir, Elínborg Baldursdóttir, Þóra Jóna Jónsdóttir, Gunnar Hersir Benediktsson, Guðrún Ingólfssdóttir, Denis Cardaklija, Eysteinn Sindri Elvarsson, Guðbjörg Ómarsdóttir, Sólrún Sigurjónsdóttir, Anna Halldóra Ragnarsdóttir, Helga Valgerður Friðriksdóttir, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari. Fremri röð frá vinstri: Örn Þór Björnsson, Guðrún Fema Ólafsdóttir, Sædis Ösp Valdimarsdóttir, Bára Margrét Baldvinsdóttir, Ingvar Rúnar Jóhannesson, Smári Þór Sigurðsson.

FAS í Eystahorni 2006 - 2007

Busavísla í FAS

36. tbl. 24. árg. 7. september.

Myndasýrpa frá busavígslunni.

Milf hunters sigruðu á FAS mótinu

41. tbl. 24. árg. 12. október.

Fyrsta fótboltamót vetrarins sem FAS stendur fyrir.

Aldrei fleiri nemendur í dagskóla

50. tbl. 24. árg. 14. desember.

Í næstu viku verður útskrift af vélstjórnarbraut 1. stigi í FAS en þátttakan var framar vonum. Liðlega 130 nemendur eru skráðir á önninni í nám.

Nemendafélag FAS með bingó í Nýheimum

4. tbl. 25. árg. 25. janúar.

Nemendaráð FAS stendur fyrir bingói í Nýheimum í kvöld. Mikið af glæsilegum vinningum.

FAS í samstarf við Finna

5. tbl. 25. árg. 1. febrúar.

Tveimur kennurum í FAS var boðin þátttaka á ráðstefnu á vegum Nordplus. Sá hluti ráðstefnunnar sem FAS tók þátt í fjallaði um frumkvæði og nýsköpun. Í kjölfarið komst á samstarf við skóla í bænum Jämsä í Finnlandi.

Nám fyrir aðstoðarfólk á leik- og grunnskólum

9. tbl. 25. árg. 1. mars.

Undanfarin misseri hafa nokkrar hornfirskar konur nýtt sér fjarfundabúnað FAS í náminu Kennslan fer fram frá Verkmenntaskólanum í Neskaupstað.

Flinkir forritarar í FAS

11. tbl. 25. árg. 15. mars.

Haukur Halldórsson og Hrafn Eiríksson gerðu góða hluti í forritunarkeppni framhaldsskólanna sem Háskólinn í Reykjavík stóð fyrir. Þeir enduðu í þriðja sæti og fengu peningaverðlaun, forrit og bók. Glæsilegur árangur.

Ragnar Ægir í söngkeppni framhaldsskólanna

15. tbl. 25. árg. 12. apríl.

Keppnin fer fram á Akureyri og mun hann flytja lagið Dagný eftir Sigfús Halldórsson.

Trúðaskólinn í FAS

15. tbl. 25. árg. 12. apríl.

Æfingar eru hafnar hjá nemendum FAS á leikritinu Trúðaskólanum eftir F.K. Waecter. Leikstjóri er Ingrid Jónsdóttir.

Trúðar í Mánagarði

17. tbl. 25. árg. 26. apríl.

Nemendur FAS í samvinnu við LH frumsýna Trúðaskólann um helgina. Leikritið fjallar um trúða sem koma í skólann dag einn og ekki fer allt eins og ætlað er.

„Trúðarnir ætluðu að sprengja mig“

18. tbl. 25. árg. 3. maí.

Haukur Helgi Þorvaldsson skrifar um Trúðaskólann.

Starfsfólk 2006 - 2007

Anna María Kristjánsdóttir: Fjármálastjóri.

Árný Aurangasri Hinriksson: Enska og spænska.

Björgvin Guðmundsson: Líffræði og efnafræði.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari: Landfræði og félagsfræði.

Friðrik Jónas Friðriksson: Rafmagnsfræði.

Garðar Héðinsson: Vélstjórnargreinar.

Guðbrandur Jóhannesson: Skyndihjálp.

Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.

Helgi Heiðar Georgsson: Skipstjórnargreinar, stærðfræði, upplýsingatækni og bókfærsla.

Hildur Þórsdóttir: Félagfræði, grunnteikning og lífsleikni.

Hjördís Skírnisdóttir: Þýska, náttúrufræði, jarðfræði, lífsleikni og matreiðsla.

Kristján Vífill Karlsson: Húsvörður.

Magnús Hreinsson: Vélstjórnargreinar.

Miralem Hasetta: Húsvörður.

Ragnhildur Þorsteinsdóttir: Veitingasala.

Sigurgeir Guðjónsson: Saga, félagsfræði og fjölmiðlafræði.

Steindór Tryggvason: Stærðfræði, eðlisfræði og frumkvöðlafræði.

Vilhjálmur Gíslason: Danska og íslenska.

Zophonías Torfason námsráðgjafi: Íslenska.

Guðrún Fema Ólafsdóttir

gudrunfema.jpg

Guðrún Fema útskrifaðist frá FAS árið 2007 af náttúrufræðibraut en hún hóf nám sitt í FAS árið 2003, þá tók hún sinn fyrsta áfanga. Hún byrjaði í FAS af fullum krafti haustið 2005. Nú er hún stödd í höfuðborginni og stundar nám við HR í heilbrigðisverkfræði en síðan ætlar hún að reyna að blanda tölvunarfræði við eftir áramót. Henni finnst svo bara fínt í háskóla, miklu betra en hún bjóst við.

Félagslífið í FAS fannst henni nú ekki upp á marga fiska en var nú samt alltaf eitthvað um að vera. En að hennar eigin sögn var hún kannski bara ekki nógu dugleg að mæta.

Busunin fannst henni nú frekar saklaus, krakkarnir þurftu að fylgja einhverjum brautum og reglum yfir daginn. Hún sagði að hún hafi verið flengd tvisvar og uppskar þar feitan marblett. Hún fór til Þýskalands vorið 2006 sem var sennilega eftirminnilegasta ferðalagið sem hún fór í með eða í skólanum. En þau voru bara tvö sem fóru úr FAS því þetta var í samstarfi við skóla á Austurlandi, það er að segja ME og VA. Henni fannst þessi ferð mjög skemmtileg, einnig fannst henni allar náttúrufræðiferðirnar eftirminnilegar á sinn hátt.

Guðrún Fema flutti frá Höfn haustið 2007 og fannst henni nokkur breyting að fara í bæinn. Allt tekur meiri tíma og þar er meira stress en þetta er samt góð tilbreyting. Venjulegur dagur hjá henni gengur mikið út á það að klára ýmis verkefni, fara á fótboltaæfingar og síðan reynir hún oftast að gera

eitthvað skemmtilegt með vinum.

Eftir 10 ár veit hún svo sem ekkert hvernig eða hvar hún verður stödd í lífinu en það gæti þó vel verið að hún kæmi aftur á Höfn.

Unnið í nóvember 2007 af Ástu Steinunni Eiríksdóttur,
Huldu Björgu Sigurðardóttur og Rúnari Þór Gestssyni

Loftur Jónsson

Loftur Jónsson frá Árbæ á Mýrum er fæddur árið 1986. Hann er í dag starfsmaður fiskimjölsverksmiðju Skeggeyjar ehf.

Loftur lagði stund á nám við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu á haustönn 2006 en hann stundaði nám á vélstjórnarbraut og lauk prófi af fyrsta stigi. Uppáhaldsáfanginn hans á vélstjórnarbrautinni var rafmagnsfræðin og jafnframt sá áfangi sem honum gekk best í.

Við spurningunni hvernig honum hefði líkað kennararnir kaus hann að tjá sig ekki frekar um málið. Hann segist ekki hafa hagnast neitt ógurlega á náminu enn samt vottar fyrir smáþekkingu á námsefninu eftir allt saman. Stærðfræði segist hann nota daglega það er að segja deilingu og meðaltal.

Lofti fannst lítið til félagslífsins koma og stundaði það því ekki að neinu ráði.

Eftir nám í Framhaldsskólanum fór hann í meiraprófið og svo í áframhaldandi nám í skóla lífsins.

Að lokum vildi hann koma því á framfæri að það hefði mátt skipuleggja námið betur fyrirfram og ýmislegt sem betur hefði mátt fara í sambandi við þetta allt saman.

Unnið í nóvember 2007 af Jóni Snorra Þorsteinssyni,
Ragnari Inga Jóhannessyni og Þyrí Imsland.

Denis Cardaklija

denis.jpg

Denis hóf nám við FAS á haustönn 2004 og kláraði stúdentinn vorið 2007. Hann byrjaði á málabraut en skipti síðan yfir á náttúrufræðibraut og kláraði hana með stæl. Denis segir að upphaldsáfangi hans hafi verið enska því Auri hafi oft farið á kostum og bætir við að Auri og Tjörvi hafi verið upphaldskennararnir hans. Námið var nú samt aldeilis ekki það skemmtilegasta við skólann eða tímuna heldur var það félagsskapurinn. Denis var ávallt með félögum sínum í tímum sem gerðu tímuna tvímælalaust skemmtilegri.

Skemmtilegasta árið hans var haustönnin 2006 því þá gerðust hlutir sem ekki er einu sinni í frásögur færandi. Það ár var hann í kvikmyndahópi í opinni viku og var hann í hópi með meðal annars Herði

Þórhallssyni og fóru þeir á kostum. Þeir gerðu grín að öðrum nemendum og alltaf þegar Denis horfir á myndbandið sem þeir unnu þá langar hann að fara í framhaldsskóla og „hætta í þessu háskólarugli“ eins og hann segir. Einnig standa ferðirnar til Ungverjalands og Þýskalands upp úr þegar litið er til baka. Hann vill líka koma því á framfæri að Olgeir Halldórsson er fyndinn.

Þegar Denis var spurður um busavígluna segir hann að hans busun hafi verið skemmtileg og hann finnur ennþá fyrir smjörbragðinu af smjörinu sem hann þurfti að éta. Honum fannst þó skemmtilegra seinni árin sín í FAS þegar hann mátti busa hina nemendurna. Þá mátti hann gera nánast hvað sem hann vildi, því má ætla að hann hafi gaman af því að níðast á öðrum nemendum.

Eftir stúdentsprófið fór Denis í inntökupróf fyrir læknisfræðina en komst því miður ekki inn. Hann er núna (haustið 2007) í Háskóla Íslands að læra lífefnafræði við raunvísindadeildina og ætlar að reyna aftur næsta vor að komast í læknisfræðina en það er hans draumur að komast þangað inn.

Denis segir að félagslífið sé gott í háskólanum þótt hann hafi ekki verið neitt virkur í því. Hann þarf að nota mikinn tíma til þess að læra og hefur lítinn sem engan tíma fyrir félagslífið en hann stefnir þó á að taka meiri þátt í því þegar tími gefst til.

„LENGI LIFI FAS“ segir Denis að lokum.

Unnið í nóvember 2007 af Gunnari Hersi Benediktssyni,
Jóhannesi Óðinssyni og Sunnu Jónsdóttur.

Hildur Þórsdóttir
hildur.jpg

Hildur Þórsdóttir kom og kenndi í FAS frá 2005 til 2007.

Fyrst var Hildur spurð að því hvers vegna hún hefði farið að kenna í FAS en það gerði hún vegna þess að hún var að flytja hingað og vantaði vinnu. Hún kenndi þó fyrst í Heppuskóla en færði sig svo í FAS. Hildi fannst mjög fínt að kenna í FAS og sagði að þar væru æðislegir nemendur og frábærir kennarar. Henni finnst skólinn fínn og nefndi líka að það hefði sína kosti og galla að hafa skólann svona lítinn. Það er t.d. auðveldara að kenna einstaka nemendum þegar maður þekkir þá betur og það er hægt að veita betri þjónustu. En svo eru ókostirnir að það eru færri áfangar sem eru kenndir hverju sinni. Hildi fannst bæði skemmtilegt en þó um leið erfitt að hún þurfti að kenna marga og ólíka áfanga. Eftirminnilegast fannst henni hvað nemendurnir voru skemmtilegir. Hún kenndi félagsfræði, stjórn málafræði, heimspeki, grunnteikningu, sálfræði og lífsleikni, en það var skemmtilegast að kenna félagsfræði og heimspeki. Henni fannst nemendurnir standa sig flestir mjög vel í náminu. Hildur segir að hún hafi ekki átt sér neinn uppáhalds nemenda. Þó telur hún nauðsynlegt að hafa nemendur í tímanum sem taka þátt í umræðum og eru óhræddir við að tjá sig. Þegar við spurðum hana að lokum afhverju hún hætti að kenna í FAS sagðist hún vera í námi til að ná sér í kennsluréttindi.

Auðvitað vonumst til að sjá hana aftur hér þegar hún hefur lokið námi.

Unnið í nóvember 2007 af Gunnari Hersi Benediktssyni,
Jóhannesi Óðinssyni og Sunnu Jónsdóttur.

Skólaárið 2007 - 2008

2007-2008.jpg

Common Nordic hópurinn. Á haustönninni var metskráning í skólann en alls skráðu sig 360 til náms við skólann. Ástæða þessa mikla fjölda var mikil ásókn í skipstjórnarnám fyrir smábáta og skemmtibáta en reglum um námið átti að breyta um áramótin. Útskriftarnemendur hafa aldrei verið fleiri en á þessu skólaári en alls útskrifðustu 16 stúdentar og fjórir af A stigi vélstjórnar.

Samstarfsverkefnið Common Nordic við Finnland hélt áfram. Farið var í heimsókn til Jämsä í Finnlandi september og Finnarnir komu í heimsókn í byrjun mars. Á Íslandi upplifðu flestir Finnanna í fyrsta sinn alvöru byl.

Nemendur á náttúrufræðibraut fóru ásamt nemendum úr VA í námsferð í Skaftafell.

Söngleikurinn Rocky Horror Picture Show var settur upp í samstarfi við Leikfélag Hornafjarðar.

Tengsl á milli FAS og skóla í Kína komast á með það að markmiði að nemendur eigi kost á dvelja í skóla í hvoru landi í tiltekinn tíma.

Hrafn Eiríksson var í liðinu sem bar sigur úr býtum í Forritunarkeppni framhaldsskólanna.

Starfsfólk 2007 - 2008

Anna María Kristjánsdóttir: Fjármálastjóri.

Ari Þorsteinsson: Frumkvöðlafræði.

Árný Aurangasri Hinriksson: Enska og spænska.

Eiríkur Hansson: Grunnteikning.

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari: Landafræði, félagsfræði og saga.

Friðrik Jónas Friðriksson: Rafmagnsfræði.

Guðrún Fema Ólafsdóttir: Stærðfræði.

Guðmundur Gunnarsson: Líffræði.

Halldór Tjörvi Einarsson áfangastjóri: Stærðfræði og tölvufræði.

Halldóra Jónsdóttir: Íslenska og sérkennsla.

Haukur Helgi Þorvaldsson: Tímstundafræði.

Helgi Heiðar Georgsson: Skipstjórnargreinar, stærðfræði, upplýsingatækni og bókfærsla.

Hjördís Skirnisdóttir: Þýska, náttúrufræði, jarðfræði og lífsleikni.

Hlíf Gylfadóttir: Félagsfræði, heimspeki, lífsleikni, saga og sálfræði.

Kristján Vífill Karlsson: Húsvörður.

Magnús Hreinsson: Vélstjórnargreinar.

Miralem Haseta: Húsvörður.

Ragnhildur Þorsteinsdóttir: Veitingasala.

Sigurður Mar Halldórsson: Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar.

Sigurgeir Guðjónsson: Námsleyfi.

Sædís Ösp Valdimarsdóttir: Stuðningsfulltrúi.

Vilhjálmur Gíslason: Danska og íslenska.
Zophonías Torfason námsráðgjafi: Íslenska.
Þorvarður Árnason: Fjölmíðlafræði.

Brautskráðir 2008

2008.jpg

Aftari röð frá vinstri: Haukur Halldórsson, Benni Albert Friðþórsson, Olgeir Halldórsson, Sigfinnur Mar
brúðmarsson, Karl Guðni Kristjánsson, Sindri Snær Þorsteinsson, Hrafn Eiríksson, Hróðmar Jónsson,
Björn Jón Ævarsson, Hólmur Hallur Unnsteinsson, Grétar S. Sigursteinsson, Aðalsteinn
Guðmundsson, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari. Fremri röð frá vinstri: Þóra Sigríður
Guðmundsdóttir, Eik Mohini Aradóttir, Guðný Gígja Benediktsdóttir, Guðrún Jóna Hauksdóttir,
Guðný Sjöfn Þórðardóttir, Valdís Ósk Sigurðardóttir, Goran Basrak, Eva Ösp Björnsdóttir.
Á myndina vantar: Alexander Oddsson, Júlíus Albert Albersson og Ólaf Jónsson.